



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA
NORÐURLAND VESTRA

ÁRSSKÝRSLA 2010





SAMTÖK SVEITARFÉLAGA

NORÐURLAND VESTRA



Mynd: Pétur Jónsson.

Hvítserkur.

Stjórn SSNV 2010-2012	4
Starfsemi SSNV á árinu 2010	6
Fundir og ýmis verkefni	9
SSNV atvinnuþróun	13
Námskeið og fræðsla	18
Alþjóðlegt samstarf	19
Ársreikningur SSNV	21
Vaxtarsamningur Norðurlands vestra	37
Stjórn	38
Úthlutanir styrkja.....	40
Fundir, ráðstefnur og tengd störf.....	52
Mat á starfi Vaxtarsamnings Norðurlands vestra	53
Örstutt yfirlit	54
Ársreikningur NV	67
Byggðasamlag um málefni fatlaðra Norðurlandi vestra.....	74
Hlutverk og markmið.....	76
Félagsmálastjórar	77
Þjónustusvæði - verkefni.....	79
Helstu verkefni	81
Tölulegar upplýsingar.....	86
Ársreikningur 2010	89
HNV heilbrigðiseftirlit	98
Starfsskýrsla HNV 2010	99
Heilbrigðisnefnd	100
Lífrænn úrgangur.....	101
Urðun	102
Matvælaeftirlit	103
Sundlaugar	104
Ársreikningur HNV.....	106
Menningarráð Norðurlands vestra	116
Menningarráð Norðurlands vestra.....	117
Starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra árið 2010	118
Fundir - ráðstefnur - málþing o.fl.	121
Samstarf.....	124
Fjölbreytt menningarlíf á Norðurlandi vestra.....	126
Úthlutun verkefnastyrkja 22. apríl 2010	132
Úthlutun verkefnastyrkja 28. október 2010	135
Ársreikningur MNV	138



Stjórn SSNV 2010-2012

Bjarni Jónsson
Sigurjón Þórðarson
Adolf H. Berndsen
Ágúst Þór Bragason
Skúli Þórðarson

formaður svf.
varaformaður svf.
meðstjórnandi svf.
meðstjórnandi
meðstjórnandi

Skagafirði
Skagafirði
Skagaströnd
Blönduósbæ
Húnaþingi vestra

Varastjórn

Þóra Sverrisdóttir,
Vignir Sveinsson,
Stefán Vagn Stefánsson,
Hrefna Gerður Björnsdóttir,
Leó Örn Þorleifsson,

Húnavatnshreppur
Skagabyggð
Sv.fél. Skagafjörður
Sv.fél. Skagafjörður
Húnaþing vestra

Starfsmenn SSNV

HVAMMSTANGI



Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri

Aðsetur: Skrifstofur SSNV
Póstfang: Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga
Sími: 455 2510
Handsími: 861 7263
Netfang: jon@ssnv.is



Katharina Ruppel, skrifstofa og bókhald

Aðsetur: Skrifstofur SSNV
Póstfang: Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga
Sími: 455 2522
Netfang: katharina@ssnv.is



Gudrun Kloes, atvinnuráðgjafi

Aðsetur: Skrifstofur SSNV
 Póstfang: Höfðabraut 6, 530 Hvammstanga
 Sími: 455 2515
 Handsími: 898 5154
 Netfang: gudrun@ssnv.is

SAUÐÁRKRÓKUR



Katrín María Andrésdóttir, atvinnuráðgjafi

Aðsetur: Ráðhúsið Sauðárkróki
 Póstfang: Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki
 Sími: 455 6043
 Handsími: 893 1363
 Netfang: kata@ssnv.is



Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir, verkefnisstjóri

Aðsetur: Faxatorg 1
 Póstfang: Faxatorg 1, 550 Sauðárkróki
 Sími: 455 6066
 Fax: 455 6019
 Handsími: 899 4166
 Netfang: gretasjofn@ssnv.is

BLÖNDUÓS



Stefán Haraldsson, atvinnuráðgjafi

Aðsetur: Bæjarskrifstofur Blönduósbæjar.
 Póstfang: Hnúkabyggð 33, 540 Blönduós
 Sími: 455 4300
 Handsími: 894 1669
 Netfang: stefan@ssnv.is



Baldur Valgeirsson, atvinnuráðgjafi

Aðsetur: Bæjarskrifstofur Blönduósbæjar.
 Póstfang: Hnúkabyggð 33, 540 Blönduós
 Sími: 455 4300
 Handsími: 892 9101
 Netfang: baldur@ssnv.is

Starfsemi SSNV á árinu 2010



Hvammstangahöfn.

Starfsemi SSNV var með nokkuð hefðbundnum hætti á árinu 2010. Stjórn hélt 13 fundi á árinu auk þess sem fundað var með þingmönnum kjördæmisins. Verkefni SSNV snúa að daglegum rekstri atvinnuþróunar, mál-efnum fatlaðra ásamt annarri hagsmunagæslu fyrir Norðurland vestra. Einnig er rekin þjónustuskrifstofa sem annast bókhald og launaumsjón Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

og fjármálaumsýslu fyrir menningarsamning og vaxtarsamning.

Málefni fatlaðra

Starfsemi málefna fatlaðra á árinu litaðist mjög af boðaðri yfirfærslu á ábyrgð málaflokksins frá ríki til sveitarfélaga sem tók svo gildi þann 1. janúar 2011. Stjórn SSNV fjallaði um og undirbjó þá þætti sem breytingin hefði í för með sér á Norðurlandi vestra. Á fundi þann 9. mars samþykkti stjórn að leggja til við aðildarsveitarfélögin að við yfirfærsluna yrði þjónustan áfram rekin í byggðasamlagi með dreifðri þjónustu sem sveitarfélögin samþykktu. Þrátt fyrir að sveitarfélögin á Norðurlandi vestra hafi haft umsjón með rekstri málaflokksins frá árinu 1999 hefur yfirfærslan nokkrar breytingar í för með sér. Þá samþykkti stjórn einnig að við yfirfærsluna yrði fyrst um sinn unnið eftir óbreyttu skipulagi en árið 2011 notað til endurskoðunar og endurmats á uppbyggingu þjónustunnar.

Forsendur yfirfærslunnar er að finna í heildarsamkomulagi ríkis og sveitarfélaga þar sem fjallað er um faglegar og fjárhagslegar forsendur þess að málaflokkurinn færist á ábyrgð sveitarfélaganna. Í heildarsamkomulaginu er gert ráð fyrir að þau sveitarfélög sem telja færri en 8000 íbúa skuli mynda þjónustusvæði með öðrum sveitarfélögum sem telur eigi færri en 8000 íbúa. Þá fylgdi yfirfærslunni heimild til sveitarfélaganna til hækkunar útsvarsprósentu um 1,2 prósentustig til fjármögnunar rekstri málaflokksins gegn samsvarandi lækkun tekjuskattsprósentu. Í aðdraganda yfirfærslunnar var samþykkt að stækka starfssvæði byggðasamlagsins með þátttöku Dalvíkurbyggðar og Bæjarhrepps, auk þess sem starfssvæðið stækkaði til Ólafsfjarðar, þannig að nú nær starfssvæðið yfir 10 sveitarfélög með heildaríbúafjölda um 11.500. Stjórn SSNV er jafnframt stjórn byggðasamlagsins ásamt fulltrúum Fjallabyggðar og Dalvíkur. Þjónustuhópur sem í eiga sæti félagsmálastjórar aðildarsveitarfélaganna, verkefnisstjóri byggðasamlagsins og framkvæmdastjóri SSNV er stjórn til ráðgjafar

um þá þætti er að starfseminni snúa. Nánar er fjallað um starfsemina í skýrslu verkefnisstjóra.

Sóknaráætlun 20/20

Vinna við sóknaráætlun 20/20 hélt áfram. Þann 13. febrúar 2010 var haldinn þjóðfundur á Norðurlandi vestra sem var hluti af undirbúningi. Til fundarins var boðið fulltrúum hagsmunaaðila úr atvinnulífi, þekkingarsamfélagi, sveitarfélögum og stofnunum á Norðurlandi vestra auk íbúa sem valdir voru



Frá Króksmóti.

handahófskennt úr þjóðskrá. Samtals sóttu um 90 manns fundinn sem fram fór í Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Tilgangur fundarins var að greina kjarnahæfni svæðisins, og móta tillögur að nýjum verkefnum sem leitt geta til aukinna atvinnutækifæra á svæðinu. Að mati fundarmanna liggur sérstaða Norðurlands vestra einkum í tækifærum á sviði framleiðsluþekkingar matvæla og annarra afurða, auk nýtingar á vatnsafl, jarðefnum og jarðhita svæðisins. Þá eru ótaldir miklir möguleikar á sviði menningar og náttúrutengdrar ferðaþjónustu.

Starfsmenn SSNV í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Expectus sáu um skipulag og úrvinnslu þess er fram kom á fundinum og voru niðurstöður kynntar á sérstökum fundi sem forsætisráðherra boðaði til á Akureyri þann 25. apríl

SSNV er aðili að gerð landshlutaáætlunar undir nafninu Ísland 20/20 og eiga formaður og framkvæmdastjóri sæti í samráðshópi ásamt fulltrúum annarra landshlutasamtaka auk innanríkis- iðnaðar og forsætisráðuneyta.

Efling sveitarstjórnarstigsins

Nefnd samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um eflingu sveitarstjórnarstigsins efndi til opins fundar um verkefnið í samvinnu við SSNV og var fundurinn haldinn á Blönduósi þann 27. janúar. Á undan átti nefndin fund með stjórn SSNV og forsvarsmönnum sveitarfélaganna. Á fundunum kynnti nefndin hugmyndir að stórfelldri sameiningu sveitarfélaga víða um land auk ýmissa hugmynda sem snúa að lýðræðismálum og uppbyggingu stjórnsýslu í landmiklum sveitarfélögum. Í nefndinni áttu sæti Flosi Eiríksson formaður, Dagný Jónsdóttir, Þorleifur Gunnlaugsson og Soffía Lárusdóttir. Starfsmaður nefndarinnar var Sigurður Tómas Björgvinsson stjórnsýsluráðgjafi og auk þess starfaði Stefanía Traustadóttir, sérfræðingur í ráðuneytinu, með nefndinni. Nefndinni var m.a. ætlað að meta hvert landssvæði og hvaða aðrar aðgerðir gætu falið í sér frekari styrkingu viðkomandi sveitarfélaga í kjölfar sameiningar. Horft skyldi til atriða svo sem breyttra verkaskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga, úrbóta



Frá Skagaströnd. Mynd, Sigurður Sigurðarson.

á sviði samgöngu- og fjarskiptamála, nýrra leiða í uppbyggingu stjórnsýslu og grenndarlýðræðis, úrbóta á sviði félags- fræðslu- og menningarmála, og stuðla að því að nýlegar aðgerðir og áætlanir á sviði atvinnu- og byggðamála skili sér til sveitarfélaganna. Á fundinum komu fram skiptar skoðanir um ágæti sameiningar sveitarfélaga og hvernig standa ætti að frekari sameiningum sveitarfélaga m.t.t. vilja íbúa. Í kjölfar fundarins barst stjórn SSNV erindi frá nefndinni. Þar var óskað eftir að stofnaður yrði starfshópur á Norðurlandi vestra sem kannaði möguleika á sameining sveitarfélaga á Norðurlandi vestra eða tilnefndi tengiliði við ráðuneytið sem miðla ættu upplýsingum um stöðu mála heim í hérað. Að mati stjórnar var ekki á þeim tíma ástæða til þess að hlutast til um skipun nefndar en þess í stað tilnefndi stjórn framkvæmdastjóra og Björn Magnússon stjórnarmann tengiliði við ráðuneytið.

Árspaning 2010

18. árspaning SSNV var haldið í Félagsheimilinu á Blönduósi, í boði Blönduósbæjar, dagana 27.-28. ágúst sl. Þingið sóttu um 50 sveitarstjórnarmenn af Norðurlandi vestra og gestir. Fjöldmörg mál voru til umfjöllunar á þinginu sem snúa að samstarfsverkefnum sveitarfélaganna og voru í því sambandi skipulagðar málstofur þar sem þingfulltrúum gafst kostur á að skiptast á skoðunum og ræða áherslur í atvinnuþróun og velferðarmálum. Ávörp fluttu Kristján L. Möller ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, Jón Bjarnason sjávarútvegs- og landbúnaðaráðherra og Karl Björnsson framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Stefán Haukur Jóhannesson formaður samninganefndar Íslands gagnvart Evrópu-sambandinu flutti framsöguerindi sem fjallaði um aðildarumsókn Íslands að Evrópusambandinu. Þá fjallaði Sigurður Jóhannesson hagfræðingur á Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um skýrsluna Hagvöxtur landshluta og ræddi sérstaklega um útkomu Norðurland vestra í þeim efnum.

Á árspaninginu var samþykkt ályktun um byggðamál auk tillagna er snúa að athugunum á auknu samstarfi sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra á sviði velferðarmála. Þá var samþykkt tillaga um skipun starfshóps fulltrúa allra sveitarfélaga á starfssvæði SSNV sem skoði valkosti varðandi sameiningu sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Í starfshópnum eiga sæti Sigurður Kjartansson oddviti Bæjarhrepps, Leó Örn Þorleifsson, oddviti Húnaþings vestra, Þóra Sverrisdóttir oddviti Húnavatnshrepps, Ágúst Þór Bragason forseti bæjarstjórna Blönduóss, Valgeir Karlsson, sveitarstjórnarmaður í Skagabyggð, Adolf H. Berndsen oddviti sveitarfélagsins Skagastrandar, Stefán Vagn Stefánsson for-

maður byggðaráðs sveitarfélagsins Skagafjarðar og Agnar Gunnarsson oddviti Akrahrepps.

Á þinginu var jafnframt samþykkt tillaga um aðild Bæjarhrepps að SSNV frá 1. janúar 2011.



Fundur haldinn á Blönduósi um eflingu sveitarstjórnarstígisins.

Ný stjórn kjörin til tveggja ára

Á þinginu var kjörin ný stjórn samtakanna til tveggja ára. Formaður var kjörinn Bjarni Jónsson forseti sveitarstjórnar sveitarfélagsins Skagafjarðar. Aðrir í stjórn voru kjörnir Sigurjón Þórðarson sveitarstjórnarfulltrúi í Skagafirði, sem jafnframt var kjörinn varaformaður, Adolf H. Berndsen oddviti sveitarfélagsins Skagastrandar, Ágúst Þór Bragason forseti bæjarstjórnar Blönduósbæjar og Skúli Þórðarson sveitarstjóri í Húnaþingi vestra. Úr stjórn gengu Elín R. Líndal, Páll Dagbjartsson, Björn Magnússon og Þórdís Friðbjörnsdóttir.

Fundir og ýmis verkefni

Menningarsamningur – endurnýjun

Á árinu 2010 rann út samstarfssamningur Mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Iðnaðarráðuneytisins við SSNV um menningarmál. Þrátt fyrir mikinn yfirvofandi niðurskurð í ríkisrekstri kom fljótt fram vilji ráðuneytanna til endurnýjunar samninganna við landshlutasamtök sveitarfélaga. Það verður að teljast viðurkenning á því að menningarsamningarnir þyki vel heppnaðir. Ljóst var þó að framlög til menningarsamninganna í heild yrðu lækkuð auk þess sem breytingar yrðu á útreiknireglum á framlögum sveitarfélaganna. Í gegnum menningarsamninga hefur skapast góður farvegur fyrir stuðning við menningarstarf þar sem stefnumótun og forgangsriðun eru á hendi heimamanna sem hvað best þekkja til aðstæðna og þarfa á hverjum stað.

Stjórn SSNV fór með samningsumboð fyrir hönd sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra og áttu formaður og framkvæmdastjóri nokkra fundi með mennta- og menningarmálaráðherra um málið auk þess sem fundað var með embættismönnum ráðuneytisins. Í þeim viðræðum kom fram vilji ráðuneytisins til þess að taka upp breytta skiptireglu við útteilingu fjármagns til einstakra samninga. Áhrif þessarar skiptireglu komu illa út fyrir Norðurland vestra og þýðir m. a. að framlög til menningarsamnings Norðurlands vestra hafa lækkað um 27% frá árinu 2008. Í desember 2010 lágu fyrir drög að samningi en ekki náðist að ljúka gerð hans fyrir árslok.



Laxá á Ásum.

Samgöngumál

Vorið 2010 var lögð fram á alþingi Samgönguáætlun 2009-2012. Þá kom í ljós gríðarlegur niðurskurður á framlögum til vegamála og bitnaði sá niðurskurður hvað harðast á Norðurlandi vestra. Á gildistíma áætlunarinnar nema framlög til nýframkvæmda í Skagafirði og Húnavatnssýslum um 12 milljónum

króna. Þær fjárveitingar miða allar við að ljúka framkvæmdum sem í gangi voru á árinu 2009 en upphæðirnar nema einmitt mismuni á kostnaðaráætlun og fjárveitingum til viðkomandi verkefna á árinu 2009. Um er að ræða eftirfarandi verkefni.

· Hvammstangavegur – Um Hvammstanga	1 mkr.
· Vatnsdalsvegur – Hvammur – Hringvegur	4 mkr
· Þverárfjallsvegur – Skagavegur – Sauðárkrókur	3 mkr
· Skagavegur – Örlygsstaðir – Króksel	4 mkr.

Til viðbótar koma óskipt framlög til viðhaldsverkefna.

Sveitarstjórnarmenn á Norðurlandi vestra hafa mörg undanfarin ár lagt áherslu á nauðsyn þess að bæta viðhald vegakerfisins í Húnavatnssýslum og Skagafirði m.a. til þess að skapa heildstæð atvinnu-, búsetu-, og þjónustusvæði. SSNV og sveitarstjórnir á Norðurlandi vestra hafa mörg undanfarin ár bent á nauðsyn þess að bæta viðhald héraðs- og tengivega auk viðhalds á þjóðvegi 1 um Húnavatnssýslur og Skagafjörð. Þá hefur ítrekað verið bent á og ályktað um mikilvægi þess að ljúka gerð Þverárfjallsvegar í báða enda þar sem umferð um veginn hefur stórauðist og eru þeir kaflar sem um ræðir á engan hátt undir þá miklu umferð búnir og beinlínis hættulegir. Ábendingar sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra varðandi aðgerðir í vegamálum hafa verið hófstilttar og einkum miðað að auknu umferðaröryggi og nauðsyn þess að verja þær fjárfestingar sem lagt hefur verið í á undanförunum áratugum fyrir skemmdum. Þær ábendingar eru í fullu samræmi við a.m.k. þrjú af fimm meginmarkmiðum áætlunarinnar þ.e. um greiðari samgöngur, öryggi og jákvæða byggðapróun. Þrátt fyrir það virðast þær ábendingar ekki hafa náð eyrum samgönguyfirvalda, hvað sem svo veldur.

Vegna erfiðrar stöðu ríkissjóðs er vandséð að fjárveitingar til samgöngumála á næstu

árum geti uppfyllt að öllu leyti þá brýnu þörf sem er fyrir úrbætur í samgöngumálum hér á landi og ber þingsályktunartillagan það verulega með sér. Formaður og framkvæmdastjóri áttu fundi með samgönguráðherra og samgöngunefnd Alþingis vegna þessarar stöðu auk þess sem tekin var saman ítarleg greinargerð um málið.



Stjórn SSNV 2009-2010. Frá vinstri: Jón Óskar Pétursson, framkvæmdastjóri, Páll Dagbjartsson, Ágúst Þór Bragason, Elín R. Línal formaður, þórdís Friðbjörnsdóttir varaformaður, Björn Magnússon og Guðmundur Guðmundsson fulltrúi Bygðastofnunar.

Velferðarmál

Starfshópur sem fjallaði um möguleika á nánari samvinnu sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra á sviði velferðarmála og skipaður var í kjölfar 17. árspings, skilaði skýrslu og tillögum til stjórnar í júnímánuði. Hópurinn lagði til að skoðaðir yrðu möguleikar á stofnun byggðasamlags um almenna og sértæka félagsþjónustu sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra. Að mati hópsins felst mögulegur ávinningur einkum í sameiginlegri hugmyndafræði og samábyrgð sveitarfélaganna og samræmdu regluverki auk þess sem hópurinn sér fyrir sér aukinn faglegan ávinning í starfsmanna- og þróunarmálum og aukið samstarf fagfólks. Skýrslan fór til umfjöllunar hjá sveitarfélögunum og ársþingi SSNV þar sem stjórn var falið að skoða málið frekar. Í starfshópnum áttu sæti Rakel Runólfsdóttir, Húnaþingi vestra, Björn Magnússon, Húnavatnshreppi, Magnús B. Jónsson, Sveitarfélaginu Skagatrönd og Sigríður Björnsdóttir og Sveinn Allan Morthens Sveitarfélaginu Skagafirði. Með hópnum störfuðu Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir og Jón Óskar Pétursson starfsmenn SSNV.

EFTA vettvangur sveitarstjórnarstigsins

Áhrifa EES samningsins gætir mjög hjá sveitarfélögum en talið er að allt að 70% Evrópu-reglna sem leidd eru í íslenskan rétt snerti sveitarfélögin með einum eða öðrum hætti. Ráðherrar EFTA ríkjanna samþykktu, á fundi sínum í Lugano í Sviss í júní 2008, að setja á fót vettvang fyrir kjörna fulltrúa á sveitarstjórnarstigi og Fastanefnd EFTA afgreiddi svo málið á fundi sínum í desember 2009. Meginmarkmiðið með vettvanginum er að tryggja þátttöku sveitarstjórnarmanna í EES-samstarfinu og koma á tengslum við Héraðanefnd ESB en í henni sitja kjörnir fulltrúar á sveitarstjórnarstigi frá ESB ríkjunum sem hafa það hlutverk að fjalla um tillögur að evrópskri löggjöf sem varða sveitarstjórnarstigið. Formenn landshlutasamtaka sveitarfélaga, borgarstjóri og formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga eiga sæti á þessum vettvangi. Landshlutasamtökin skipta með sér sætum aðal- og varamanna og voru fulltrúar kosnir í fyrsta skipti til eins árs á sumarfundi landshlutasamtakanna í Borgarnesi. SSNV ásamt Fjórðungssambandi Vestfjarða og Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga hafa tilnefnt aðalmenn þetta fyrsta starfsár vettvangsins og hafa þáverandi og núverandi formenn SSNV sótt tvo fundi vegna þessa. Annan í Reykjavík og hinn í Brussel.



Námskeið sveitarstjórnarmanna á Sauðárkróki.

Samstarf og fundir

Sem fyrr er gott samstarf milli landshlutasamtaka sveitarfélaganna. Haldnir eru reglubundnir fundir í tengslum við ársþing Samband íslenskra sveitarfélaga og fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Auk þess er árlega haldinn sameiginlegur fundur formanna og framkvæmdastjóra og var að þessu sinni haldinn í Borgarnesi í boði Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Landshlutasamtökin í norðvesturkjördæmi

héldu einnig sameiginlegt boð sveitarstjórnarmanna úr kjördæminu í tengslum við Fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna í október.

Gott samstarf er við Samband íslenskra sveitarfélaga m.a. við lögfræðisvið í umsagnarvinnu um frumvörp. Þá hefur færst í vöxt að landshlutasamtökin skipuleggi margvíslega kynningarfundir á vegum Sambandsins úti um land. Árlegir fundir formanna og framkvæmdastjóra landshlutasamtakanna með stjórn og framkvæmdastjóra Sambandsins eru haldnir í tengslum við fjármálaráðstefnu sveitarfélaganna. Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga vorið 2010 hitti stjórn SSNV allar nýkjörnar sveitarstjórnir á Norðurlandi vestra þar sem starfsemi samtakanna var kynnt, rætt um sýn nýkjörinna sveitarstjórna á þau samstarfsverkefni sem rekin eru undir hatti SSNV.

SSNV skipulagði sameiginlegan fund alþingismanna og sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra sem haldinn var á Blönduósi í lok október. Á þeim fundi var farið yfir helstu hagsmunamál svæðisins. Þá funduðu formaður og framkvæmdastjóri með fjárlaganefnd Alþingis þar sem lögð voru fram sameiginleg hagsmunamál svæðisins auk þess sem hluti stjórnar og framkvæmdastjóri áttu fund með þingmönnum kjördæmisins í nóvembermánuði.

Hér að framan hefur verið stiklað á stóru í starfsemi SSNV árið 2010. Hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga mun á næstu árum án efa taka miklum breytingum með auknum verkefnum m.a. á sviði byggðamála. Í frumvarpi að nýjum sveitarstjórnarlögum sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er opnað á þetta nýja hlutverk. Einnig felast án efa tækifæri fyrir sveitarfélög í fleiri samstarfsverkefnum um einstaka málaflökka með bætt þjónustugæði og rekstrarlegan ávinning að leiðarljósi. Rekstur slíkra samstarfsverkefna er mögulegt að stunda undir hatti landshlutasamtaka sveitarfélaga. Að lokum er vert að þakka hinum fjölmörgu samstarfsaðilum og sveitarstjórnarmönnum samskiptin á árinu.



Kræklingarækt á Hvammstanga.

SSNV atvinnuþróun

Á árinu 2010 var sem fyrr unnið að margvíslegum verkefnum hjá SSNV atvinnuþróun. Bæði var um að ræða verkefni sem felast í ráðgjöf við frumkvöðla, fyrirtæki, félög og stofnanir og einnig verkefni sem spretta upp innan veggja SSNV atvinnuþróunar. Lögð er áhersla á að hvetja til samstarfs um ýmis verkefni og hefur samvinna á svæðinu aukist á ýmsum sviðum.

SSNV atvinnuþróun á einnig gott samstarf við aðra aðila í stoðkerfi atvinnulífsins s.s. Vinnumálastofnun, Byggðastofnun og önnur atvinnuþróunarfélög. Náð samstarf er milli SSNV atvinnuþróunar, Vaxtarsamnings Norðurlands vestra og Menningarráðs Norðurlands vestra um stuðning við einstaklinga og fyrirtæki á svæðinu. SSNV atvinnuþróun kappkostar að veita faglega og hagnýta þjónustu til viðskiptavina. Töluverður hluti af vinnutíma atvinnuráðgjafa fer í ráðgjöf og aðstoð við skrif styrkumsókna í hvers kyns opinbera sjóði og renna verulegar upphæðir árlega til aðila á Norðurlandi vestra í gegnum opinbera sjóði. Þá er einnig vaxandi eftirspurn eftir ýmiss konar aðstoð við markaðs- og kynningarstarf.

Afkoma félagsins var jákvæð á árinu 2010. Tekjur samanstanda af framlögum sveitarfélaganna uppá 0,63% af samanlögðum stofni fasteignagjalda og útsvars, framlagi samkvæmt samningi Byggðastofnunar og SSNV atvinnuþróunar auk framlaga úr verkefnasjóði. Þá falla til aðrar tekjur.

Starfsáætlun 2010

SSNV atvinnuþróun vinnur samkvæmt starfsáætlun sem unnin er af framkvæmdastjóra og starfsfólki og samþykkt af stjórn. Starfsáætlun byggir á þeim þáttum sem settir eru fram í samningi SSNV atvinnuþróunar og Byggðastofnunar um atvinnu- og

byggðapróun á Norðurlandi vestra, auk sérstakra áherslna til lengri og skemmri tíma. Þá byggir áætlunin á áherslum sem fram komu á 17. ársþingi SSNV þar sem skipulögð var sérstök málstofa þar sem málefni atvinnuþróunar voru til umfjöllunar. Niðurstöður málstofunnar voru eftirfarandi:

Á hvaða sviðum á Norðurland vestra að sækja fram á sviði atvinnumála?

- Ferðapjónusta
- Heilsutengd ferðapjónusta
- Hestamennska
- Sjávarútvegur og fiskveiðar
- Háskólastarf, rannsóknir og vísindi tengt atvinnulífinu
- Byggja nýbreytni á vísindastarfinu
- Landbúnaður og úrvinnsla landbúnaðarafurða
- Bæta hag afurðastöðvanna með aðstoð Byggðastofnunar
- Efla menntakerfið
- Ferðapjónustutengd framleiðsla
- Netsala í ferðapjónustu
- Vistvæn orka, framleiðsla og starfshættir
- Nýta landrýmið sem auðlind
- Bættar samgöngur eru forsenda sóknar í atvinnumálum
- Hvernig er æskilegt að Vaxtarsamningur þróist, m.t.t. endurskoðunar hans?
- Endurnýjun samnings
- Aukið fjármagn til lengri tíma
- Skoða víkkun á klasasamstarfi, fjölga áherslusviðum
- Endurskoða stjórnarsýslu vaxtarsamnings, menningarsamnings og atvinnuþróunar með aukið samstarf í huga
- Auka kynningu samningsins til atvinnulífs og almennings
- Er starfsemi SSNV atvinnuþróunar á réttri leið og hvernig er æskilegt að hún þróist á næstu árum?
- Dreifð staðsetning þykir hafa tekist vel
- Auka samstarf við vaxtarsamning
- Dreifing atvinnuráðgjafa er jákvæð en nán samvinna nauðsynleg
- Ágætur árangur af starfsemi SSNV atvinnuþróunar að undanfögnu
- Starfsemin á réttri leið


Þjónustukönnun

Í ársbyrjun 2010 var framkvæmd þjónustukönnun sem send var í tölvupósti til allra þeirra sem nýtt höfðu sér þjónustu SSNV atvinnuþróunar árið áður. Niðurstöður könnunarinnar eru nýttar til þess að sníða þjónustuna enn frekar að þörfum notenda og einnig til stefnumótunar varðandi þau áhersluatriði sem frumkvöðlar og rekstrar- aðilar telja mikilvæg varðandi stöðkerfi atvinnulífsins á Norðurlandi vestra. Sem dæmi má nefna að ein megin niðurstaða könnunarinnar var mikill áhugi á hvers kyns námskeiðahaldi um rekstrartengda þætti. Þjónustukönnun sem þessi verður hér eftir framkvæmd árlega og er mikilvægur þáttur í þróun starfsemi SSNV atvinnuþróunar.

Verkefni atvinnuráðgjafa

Á árinu 2010 unnu atvinnuráðgjafar SSNV að 106 verkefnum og var meðal vinnustundarfjöldi 25,4 á hvert verkefni. Að auki unnu atvinnuráðgjafar að átta verkefnum á vettvangi vaxtarsamnings og nam vinnuframlag vegna þeirra alls 441,5 stundum. Á mynd 1 má sjá hlutfallsskiptingu vinnustunda miðað við þá 11 verkefnaflokka sem notaðir eru

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting vinnustunda milli verkflokka. Heimild SSNV atvinnuþróun.



Verkefni sem SSNV atvinnuþróun kemur að eru afar fjölbreytt. Ekki þarf að koma á óvart í þessum landshluta að töluverð áhersla er á starfsemi sem tengist samstarfi, þjónustu og framleiðslu matvæla. Þannig fjölga þeim jafnt og þétt sem bjóða vörur sínar undir merkjum „Beint frá býli“ og í Húnaþingi vestra stendur nú til boða að vinna vörur í vottaðri aðstöðu sem nefnd hefur verið Matarvirkið. Handverksframleiðsla og sala hefur einnig farið vaxandi á Norðurlandi vestra sem víðar um landið en jafnframt eru áhugaverðir sprotar sem ánægjulegt verður að horfa til í framtíðinni. Má þar nefna ýmsa ferða- og afþreyingarþjónustu, kvikmyndaiðnað og standandi atvinnulífssýningu í Sjávarleðri og Gestastofu Sútarans. Ánægjulegt er að geta þess að Sjávarleður hlaut einmitt hvatningarverðlaun SSNV árið 2008.

Menning-ferðaþjónusta

Eins og áður er mikil eftirspurn og margar hugmyndir í gangi varðandi uppbyggingu ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra. Oftar en ekki byggja þær hugmyndir á hinni fjölbreyttu sögu og sagnaarfi svæðisins sem víða er hægt að setja í búning afþreyingar



Sundlaugin Blönduósi.

fyrir ferðamenn og einnig er menningararfurinn uppspretta blómlegs rannsókna og vísindastarfs. Í samstarfi við menningarfulltrúa unnu atvinnuráðgjafar töluvert að þróun samstarfs safna og setra í Húnavatnssýslum þar sem leiddir voru saman forsvarsmenn þessara stofnana. Markmiðið er að samstarf leiði af sér þróun í vörum og þjónustu sem aftur leiði til betri afkomu og fjölgunar starfa.

Huggulegt haust

Að frumkvæði SSVN atvinnuþróunar var ráðist í vöruþróunarverkefni og kynningarverkefni ásamt aðilum í ferðapjónustu á svæðinu undir nafninu Huggulegt haust. Eins og nafnið bendir til miðaði verkefnið að því að þróa vörur og kynningarefni til þess að lengja ferðamannatímabilið utan háannatíma. Vinna að verkefninu hófst seinnihluta vetrar. Hlé var gert yfir sumarmánuði en þráðurinn tekinn upp að nýju að hausti og miðaði vinnan að því að ferðapjónustuaðilar væru tilbúnir með einstaka vörur til sölu haustið 2011.

Á vegum verkefnisins var gefið út réttadagatal fyrir Norðurland vestra þar sem upplýsingar voru um allar fjár- og stóðréttir í landshlutanum. Verkefnið hlaut stuðning úr verkefnasjóði Bygðastofnunar.

Hveravellir

Um langt skeið hefur verið unnið að uppbyggingu og þróun ferðapjónustu á Hveravöllum. Hverasvæðið er óspillt og friðað náttúrusvæði á miðjum Kjalvegi milli Hofsjökuls og Langjökuls og er eitt af hliðum ferðamanna að Norðurlandi. Hveravellir og svæðið í kring myndar stórbrotið samspil fjalla, jökla, sanda og jarðhita. Í fangi stórbrotinnar náttúru fléttast magnaðar sögur. Ber þar sögu Fjalla-Eyvindar og Höllu hæst, en þau eru talin hafa dvalið á Hveravöllum um tveggja ára skeið og bera ýmis ornefni staðarins veru þeirra á svæðinu vitnisburð s.s Eyvindarhellir og Eyvindarhver. Nokkru sunnar, lengra inná Kili, er minnisvarði um nóturleg örlög Reynisstaðabraðra og sveitar þeirra sem þar urðu úti haustið 1780 ásamt fjölda fjár og hrossa.

Þessi blanda mikilúðlegrar náttúru og magnþrunginna sagna hefur um árabil haft mikið aðdráttarafl á ferðamenn og hafa heimamenn um nokkurra ára skeið staðið fyrir sölu þjónustu og afþreyingar undir hatti Hveravallafélagsins ehf. sem verið hefur rekstraraðili á staðnum. Í dag er boðið uppá gistingu í skálum og á tjaldsvæði, auk veitingasölu.

Stjórn SSNV tók árið 2009 ákvörðun um að horfa sérstaklega til stuðnings við áform heimamanna í Húnavatnshreppi við uppbyggingu aðstöðu og þróun ferðapjónustu á Hveravöllum. Starfsmenn SSNV atvinnuþróunar hafa unnið náið með Hveravallafélaginu varðandi áætlanagerð fyrir reksturinn til lengri og skemmri tíma þar sem einnig var horft til þróunarhugmynda um hvers kyns þjónustu á að byggja upp á Hveravöllum. Sumarið eftir framkvæmdi SSNV atvinnuþróun viðamikla könnun á meðal ferðamanna sem sóttu



Rallý.

Hveravelli heim þar sem m.a. ætlunin að fá fram viðhorf og hugmyndir gesta varðandi hverslags þjónustu sé skynsamlegt að bjóða á Hveravöllum. Haustið 2010 skipulagði SSNV atvinnuþróun málþing í samstarfi við Húnavatnshrepp, Hveravallafélagið og Vaxtarsamning Norðurlands vestra um framtíðarsýn uppbyggingar og verndunar á Hveravöllum. Yfirskrift málþingsins var **þróun heilsársstarfsemi á Hveravöllum í átt til sjálfbærrar framtíðar með umhverfis- og náttúruvernd að leiðarljósi**. Til þingsins var boðið hagsmunaðilum úr ferðapjónustu, náttúruvernd auk fulltrúa sveitarfélaga. Verkefnið hlaut stuðning úr verkefnasjóði Bygðastofnunar.

Kortlagning heitra lauga og baðstaða á Norðurlandi vestra

Á árinu var ráðist í söfnun upplýsinga um heitar baðlaugar á Norðurlandi vestra. Um er að ræða náttúrulegar laugar og eins hefðbundnar sundlaugar og heita potta. Heitar laugar og baðstaðir eru aðdráttarafl í ferðapjónustu og því eru upplýsingar um staðsetningu þeirra mikilvægt efni sem nýta má í vörupróun og kynningarefni. Verkefnið hlaut stuðning úr verkefnasjóði atvinnuþróunarfélaganna.

Haglýsing Norðurlands vestra

Töluverður tími fer á ári hverju í að afla grunnupplýsinga um svæðið og greina þær eftir mismunandi breytum og þörfum hverju sinni. Undanfarin ár hefur verið unnið að uppbyggingu gagnabanka sem uppfærður er árlega eftir því sem tölur eru til. Meðal þeirra upplýsinga sem safnað er með skipulegum hætti eru upplýsingar um íbúafjölda og íbúapróun, fjölda og þróun opinberra starfa, tekjur og fleira. Það verður að segjast eins og er að aðgengi að ýmsum hagnýtum upplýsingum fyrir svæðið er oft mjög stírt. Þá er gagnasöfnun um þætti eins og tekjur, laun, atvinnuvegaskiptingu, menntunarstig og fleira oft mjög brotkennd og vart samanburðarhæf milli svæða.

Dagur atvinnulífsins

Dagur atvinnulífsins á Norðurlandi vestra var haldinn miðvikudaginn 10. nóvember síðastliðinn í Félagsheimilinu Ásbyrgi á Laugabakka í Miðfirði. Þetta er annað árið sem Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra halda þennan viðburð, þar sem boðið er uppá fjölbreytta dagskrá fyrir alla sem hafa áhuga á framgangi og þróun atvinnulífsins á svæðinu. Jafnframt eru á degi atvinnulífsins afhent hvatningarverðlaun



Handhafar Hvatningarverðlauna SSNV atvinnuþróunar 2010 Ferðapjónustan á Brekkulæk.

SSNV, sem hafa verið við lýði síðan 1999. Þau eru veitt fyrirtæki sem telst hafa sýnt frumkvæði og góðan árangur í þróun og/eða rekstri og eru jafnframt hvatning til áframhaldandi starfsemi. Fyrirtæki sem tilnefnd eru til hvatningarverðlauna SSNV kynna starfsemi sína og framleiðslu á Degi atvinnulífsins, samhliða öðrum dag-skrárliðum.

Meðal gestafyrirlesara að þessu sinni voru Þóranna Jónsdóttir framkvæmdastjóri hjá Auði Capital sem kynnti þá

möguleika sem fyrirtækið býður uppá í fjármögnun atvinnustarfsemi, og svo úr allt annarri átt: Edda Björgvinsdóttir sem hélt áhugaverðan og afar skemmtilegan fyrirlestur um húnur í stjórnum með virkri þátttöku áheyrenda.

Hvatningarverðlaunin komu að þessu sinni í hlut Ferðapjónustunnar á Brekkulæk í Miðfirði vegna þess frumkvæðis og framsýni sem eigendur hafa sýnt við uppbyggingu fyrirtækisins. Fengu þau af launum forlata leirskál sem hönnuð var og unninn af Grétu Jósefsdóttur. Gréta er leirlistarkona, búsett að Litla-Ósi í Miðfirði, þar sem hún hefur vinnustofu sína og rekur jafnframt gallerí.

Námskeið og fræðsla

Lestur ársreikninga

SSNV atvinnuþróun í samstarfi við Vinnumálastofnun og Farskólann - miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra - stóð fyrir námskeiðum í lestri ársreikninga. Á námskeiðinu fræddust þátttakendur um meginreglur þær er gilda um ársreikninga, efni þeirra og framsetningu. Námskeiðið var kennt í húsnæði Farskólans á Sauðárkróki og sent út í fjarfundi til Hvammstanga, Blönduóss og Skagastrandar. Um 30 manns sóttu námskeiðið.

Markaðssetning á netinu

Í samstarfi við Nordic eMarketing og Útflutningsráð stóð SSNV atvinnuþróun fyrir námskeiðinu Markaðssetning á netinu. Á námskeiðinu voru þátttakendur fræddir um samskiptaleiðir netsins á hagnýtan hátt með áherslu á hvernig þær geta skapað tekjur. Markmiðið er að þátttakendur öðlist þekkingu sem nýtist þeim strax í starfi. Höfundar og leiðbeinendur á námskeiðunum voru Guðmundur Arnar Guðmundsson og Kristján Már Hauksson. Námskeiðið sóttu um 25 manns af öllu Norðurlandi vestra en námskeiðið var haldið í húsnæði Farskólans á Sauðárkróki.

Sóknarbraut

Nýsköpunarmiðstöð stóð fyrir námskeiðinu Sóknarbraut í Austur-Húnavatnssýslu og Húnaþingi vestra í samvinnu við SSNV atvinnuþróun. Á námskeiðinu sem er 40 klukkustundir, vinna þátttakendur að eigin viðskiptahugmynd en tilgangur námskeiðsins er að brúa bilið frá hugmynd að fyrirtæki og markvissri framkvæmd. Alls sátu 15 þátttakendur námskeiðið og útskrifuðust 10 þeirra með viðskiptaáætlun og kynningu á verkefni sínu.



Námskeið og fræðsla.

Samstarf við Háskólann á Hólum

SSNV atvinnuþróun og Háskólinn á Hólum héldu áfram samstarfi sem hófst árið 2008 og snýr að kennslu í markaðsfræði fyrir nemendur í ferðamálafræði. Sem hluta af námi sínu hafa nemendur unnið ýmis verkefni með fyrirtækjum, félögum og einstaklingum á Norðurlandi vestra. Samstarfið þótti gefa góða raun en markmiðið með aðkomu SSNV-atvinnuþróunar er að styrkja tengsl atvinnulífs og atvinnuþróunar við skólann og nemendur hans.

Alþjóðlegt samstarf

Retail in Rural Regions

Vinna við verkefnið Retail in Rural Regions hélt áfram á árinu en verkefnið lýtur að stuðningi við verslanir í dreifbýli. Verkefnið er styrkt af Norðurslóðaáætlun Evrópusambandsins (NPP) og eru þátttakendur frá Íslandi, Noregi, Færeyjum, Skotlandi, Írlandi og Norður Írlandi. Forgöngu um verkefnið hérlandis hefur Rannsóknarsetur verslunarinnar en aðrir innlendir þátttakendur eru SSNV atvinnuþróun, Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða og Byggðastofnun. Þá taka fjölmargir eigendur og stjórnendur dreifbýlisverslana þátt, og hittist sá hópur með reglubundnum hætti á sérstökum námskeiðs- og vinnuhelgum sem haldnar eru í Háskólanum á Bifröst.

Hluti verkefnisins felst í rannsóknarvinnu og á árinu var unnin skýrsla sem meðal annars innihélt stöðugreiningu og neytendakönnun á Norðurlandi vestra. Í skýrslunni eru kynntar niðurstöður varðandi aðstæður og viðhorf íbúa til verslunar í heimabyggð sem Rannsóknasetur verslunarinnar framkvæmdi í samráði við áðurnefnd atvinnuþróunarfélög en Kaupmannasamtök Íslands styrktu einnig verkefnið.

Tilgangur rannsóknarinnar var að greina hvaða leiðir væru helst færar til að styrkja stöðu dreifbýlisverslana á Íslandi. Tekin voru viðtöl við verslunareigendur, greining var gerð á viðhorfum íbúa til verslunar í heimabyggð, rætt var við fulltrúa fyrirtækja sem sækja þjónustu til verslana á landsbyggðinni og talað við sveitarstjórnarmenn um leiðir til úrbóta.

Á vegum verkefnisins voru haldnir fundir í Noregi og Færeyjum á árinu en formlega mun alþjóðlega samstarfshlutanum ljúka með lokaráðstefnu sem haldin verður á Húsavík í nóvember nk.

Samstarf við stofnanir og sveitarfélög

SSNV atvinnuþróun kappkostar að vera í góðu og nánu samstarfi við sveitarfélögin á svæðinu og vinna verkefni í samstarfi við þau eftir því sem óskað er og tilefni gefast. Þá eiga starfsmenn SSNV atvinnuþróunar í töluverðum samskiptum við önnur atvinnuþróunarfélög varðandi ýmis verkefni.

Byggðastofnun stendur árlega fyrir sameiginlegum fundi framkvæmdastjóra atvinnuþróunarfélaganna og var hann að þessu sinni haldinn á Hótel Örk í Hveragerði í aprilmánuði.

Fulltrúar atvinnuþróunarfélaganna komu saman til haustfundar á Egilsstöðum í septembermánuði þar sem rædd voru sameiginleg hagsmunamál en haustfundir eru nú árlegir.

Atvinnulífssýning í Skagafirði

Á vordögum 2010 var blásið til mikillar atvinnulífssýningar í Skagafirði. Fjölmörg fyrirtæki kynntu þar vörur og þjónustu, auk þess sem fundað var í málstofum um hin ýmsu framfaramál. Starfsmenn SSNV tóku þátt í undirbúningi og framkvæmd sýningarinnar, auk þess sem starfsemi SSNV atvinnuþróunar, menningarráðs og vaxtarsamnings var kynnt á sýningarsvæðinu.

Sýningin þótti hafa tekist vel í hvívetna. Mögulega verður efnt til hliðstæðra viðburða síðar.

Ísland 20/20 Landshlutaáætlun

Vart hefur það farið fram hjá neinum að stjórnvöld hafa markað þá stefnu að gera skuli landshlutaáætlun fyrir hvert svæði. Verkefninu var ýtt úr vör á síðasta ári og aðstoðuðu starfsmenn SSNV atvinnuþróunar við framkvæmd og úrvinnslu þjóðfundar sem haldinn var á Sauðárkróki. Þó ýmsar ólíkar áherslur hafi komið fram varðandi verkefnið í heild má segja að þjóðfundurinn hafi þó gefið ákveðið nesti í þá vinnu sem framundan er við gerð landshlutaáætlunar fyrir Norðurland vestra.

Samtök sveitarfélaga
á Norðurlandi vestra
Ársreikningur 2010

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi
kt. 541292-2419

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samtökin nefnast Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, skammstafað SSNV. Rétt til aðildar eiga öll sveitarfélög á vestanverðu Norðurlandi sem ekki eru aðilar að öðrum ländshlutasamtökum sveitarfélaga.

Hagnaður varð af rekstri samtakanna á árinu að fjárhæð 7.088 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samtakanna nam í árslok 39.115 þús. kr.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning samtakanna fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 8. apríl 2011

Stjórn:

Bjarni Yson
Ólafur Þorvaldsson.
Sigrún Jónsdóttir
Arnt Þór Bragason
Hólmur H. Benediktsson

Framkvæmdastjóri:

Jón Óskur Petursson

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn og aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 8. apríl 2011

KPMG ehf.

Kristján Jónsson
Ragna Árníð Eggertsdóttir

Við undirritaðir kjörir skoðunarmenn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2010 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga, 8. apríl 2011

Eudrín Ragnardóttir
Margeir Friðriksson

Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	Áætlun	2009
Rekstrartekjur:				
Jöfnunarsjóður		17.592.655	14.000.000	16.392.000
Aðrar tekjur		10.582.520	10.977.221	10.135.522
		<u>28.175.175</u>	<u>24.977.221</u>	<u>26.527.522</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	11.443.951	11.761.712	11.127.346
Stjórnunarkostnaður		11.148.292	13.040.000	10.862.722
		<u>22.592.243</u>	<u>24.801.712</u>	<u>21.990.068</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði.....		5.582.932	175.509	4.537.454
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Vaxtatekjur		1.880.025	0	3.133.004
Fjármagnstekjuskattur		(338.351)	0	(383.879)
Vaxtagjöld		(36.380)	0	(41.977)
		<u>1.505.294</u>	<u>0</u>	<u>2.707.148</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	4	<u>7.088.226</u>	<u>175.509</u>	<u>7.244.602</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Eignarhlutir í félögum		46.500	0
Fastafjármunir samtals		46.500	0
Krafa á tengda aðila		7.018.504	7.712.947
Viðskiptakröfur		772.526	250.000
Aðrar kröfur		263.439	247.209
Handbært fé		32.442.651	25.395.937
Veltufjármunir samtals		40.497.120	33.606.093
Eignir samtals		40.543.620	33.606.093
Eigið fé			
Eiginfjárreikningur		39.114.616	32.026.390
Eigið fé samtals	4	39.114.616	32.026.390
Skuldir			
Viðskiptaskuldir		244.193	797.097
Aðrar skammtímaskuldir		1.184.811	782.606
Skammtímaskuldir samtals		1.429.004	1.579.703
Eigið fé og skuldir samtals		40.543.620	33.606.093

Sjóðstreymisyfirlit árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	4	7.088.226	7.244.602
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		155.687	(7.748.994)
Skammtímaskuldir, lækkun		(150.699)	(46.726)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		4.988	(7.795.720)
Handbært fé (til) frá rekstri		7.093.214	(551.118)
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð eignarhluta í öðrum félögum		(46.500)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(46.500)	0
Breyting á handbæru fé		7.046.714	(551.118)
Handbært fé í ársbyrjun		25.395.937	25.947.055
Handbært fé í lok ársins		32.442.651	25.395.937

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun SSVN fyrir árið 2010 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

d. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði. SSVN á eignarhlut í Starfsendurhæfingu Norðurlands vestra að fjárhæð 46.500 kr.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2010	2009
Laun framkvæmdastjóra	7.517.079	7.516.479
Stjórnarlaun (5)	1.799.200	1.804.900
Launatengd gjöld	1.922.817	1.686.123
Annar starfsmannakostnaður	204.855	119.844
	<u>11.443.951</u>	<u>11.127.346</u>

3. Skuldbindingar

Á árinu 2008 gerði félagið rekstrarleigusamning um bifreiðina TZ K65. Samningurinn gildir til 05.05.2011. Gjaldfærðar leigugreiðslur vegna samningsins á árinu nema um 1.095 þús. kr.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2010	32.026.390
Rekstrarniðurstaða ársins	7.088.226
Staða 31.12.2010	<u>39.114.616</u>

Skýringar, frh.:

5. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2010	2009	2008	2007	2006
Rekstrartekjur	28.175	26.528	28.484	27.762	22.876
Rekstrargjöld án afskrifta	(22.592)	(21.990)	(23.884)	(23.657)	(17.130)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	5.583	4.537	4.600	4.105	5.746
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.505	2.707	2.606	1.183	667
Rekstrarniðurstaða ársins	7.088	7.245	7.206	5.289	6.413
Efnahagur:					
Eignarhlutur í félagi	47	0	0	0	0
Skammtimakröfur	8.054	8.210	461	308	5.059
Handbært fé	32.443	25.396	25.947	19.084	8.361
Eignir samtals	40.544	33.606	26.408	19.392	13.420
Eigið fé	39.115	32.026	24.782	17.575	12.286
Skammtímaskuldir	1.429	1.580	1.626	1.817	1.134
Eigið fé og skuldir samtals	40.544	33.606	26.408	19.392	13.420
Kennitölur:					
Handbært fé (til) frá rekstri	7.093	(551)	6.863	10.724	(7.703)
Veltufjárlutfall	28,4	21,3	16,2	10,7	11,8
Eiginfjárlutfall	1,0	1,0	0,9	0,9	0,9

Sundurliðanir

	2010	Áætlun	2009
Rekstrartekjur:			
Jöfnunarsjóður	17.592.655	14.000.000	16.392.000
Árgjald sveitarfélaga	1.221.664	1.227.221	1.221.168
Pátttaka annarra í rekstri SSNV	9.275.986	9.750.000	8.914.354
Aðrar tekjur	84.870	0	0
	<u>28.175.175</u>	<u>24.977.221</u>	<u>26.527.522</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður:			
Laun framkvæmdarstjóra	7.517.079	7.418.880	7.516.479
Laun stjórnar	1.799.200	2.600.000	1.804.900
Móttframlag í lífeyrissjóð	806.874	831.510	832.902
Tryggingagjald	985.809	701.322	690.930
Sjúkra- og orlofssjóður	130.134		162.291
Annar starfsmannakostnaður	204.855	210.000	119.844
	<u>11.443.951</u>	<u>11.761.712</u>	<u>11.127.346</u>
Annar rekstrarkostnaður:			
Bifreiðakostnaður	1.881.779	2.000.000	1.973.395
Bókhaldsaðstoð	1.657.783	1.900.000	1.766.647
Fundur, námskeið og ferðakostnaður	1.279.362	800.000	765.059
Húsaleiga	1.001.056	750.000	845.615
Netþjónusta	815.602	500.000	316.476
Dagpeningar	608.736	700.000	566.533
Sími	595.214	600.000	575.629
Rekstur tölvukerfis	526.602	450.000	362.130
Endurgreiddur akstur	516.186	600.000	332.212
Höfðabráut 6, sameign, ræsting og viðhald	372.358	240.000	356.486
Pappír, prentun og bréfabindi	448.355	250.000	804.235
Þjóðfundur	228.094	0	0
Fargjöld og dvalarkostnaður	222.823	330.000	903.261
Auglýsingar	225.104	200.000	206.875
Akeypt endurskoðun	155.563	140.000	121.025
Póstburðargjöld	135.773	200.000	145.207
Ábyrgðartryggingar	152.001	140.000	155.326
Sérfræðiaðstoð	107.930	450.000	97.000
Styrkir og framlög	92.000	100.000	294.396
Heimasíða	0	100.000	117.394
Bækur, tímarit og blöð	85.611	75.000	78.854
Akstur og flutningar	0	15.000	2.769
Annar kostnaður	40.360	2.500.000	76.198
	<u>11.148.292</u>	<u>13.040.000</u>	<u>10.862.722</u>

SSNV atvinnuþróun
Ársreikningur 2010

SSNV atvinnuþróun
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið nefnist SSNV atvinnuþróun og er tilgangur þess að stuðla að vexti og framþróun í atvinnulífi á Norðurlandi vestra.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 6.137 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé félagsins nam í árslok 26.044 þús. kr.

Stjórn SSNV atvinnuþróunar og framkvæmdarstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 8. apríl 2011

Stjórn:

Bjarni Þor
Guðni Þorgrasón
Sigríður
Sigríður Þorgrasón
Hóel H. Benediktsson

Framkvæmdastjóri:

Jón Óskur Petersson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar SSNV atvinnuþróunar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SSNV atvinnuþróunar hf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 8. apríl 2011

KPMG ehf.

Kristján Jónsson
Ragna Grund Hjartard.

Við undirritaðir kjörir skoðunarmenn SSNV atvinnuþróunar höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2010 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga, 8. apríl 2011

Guðbjörg Regnar
Margeir Víðis

Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	2010 Áætlun	2009
Rekstrartekjur:				
Árgjöld sveitarfélaga		17.225.197	13.000.000	15.890.877
Aðrar tekjur		20.989.996	18.970.000	20.645.137
		<u>38.215.193</u>	<u>31.970.000</u>	<u>36.536.014</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	19.167.386	18.603.311	19.416.408
Annar rekstrarkostnaður		14.148.074	13.190.000	14.817.015
		<u>33.315.460</u>	<u>31.793.311</u>	<u>34.233.423</u>
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		4.899.733	176.689	2.302.591
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Vaxtatekjur		1.529.307	0	2.419.330
Fjármagnstekjuskattur		(275.255)	0	(299.725)
Vaxtagjöld		(17.047)	0	(591.933)
		<u>1.237.005</u>	<u>0</u>	<u>1.527.672</u>
Rekstrarniðurstaða ársins		6.136.738	176.689	3.830.263

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Viðskiptakröfur		592.128	0
Handbært fé		31.373.645	27.739.668
Veltufjármunir samtals		<u>31.965.773</u>	<u>27.739.668</u>
Eignir samtals		<u>31.965.773</u>	<u>27.739.668</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	4	26.043.894	19.907.156
Eigið fé samtals		<u>26.043.894</u>	<u>19.907.156</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		843.469	630.603
Skuld við tengd félög		4.900.139	6.611.209
Aðrar skammtímaskuldir		178.271	590.700
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.921.879</u>	<u>7.832.512</u>
Skuldir samtals		<u>5.921.879</u>	<u>7.832.512</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>31.965.773</u>	<u>27.739.668</u>

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	3	6.136.738	3.830.263
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Niðurfærð hlutabréf		0	550.000
Veltufé frá rekstri		6.136.738	4.380.263
Breytingar rekstartengda eigna og skulda:			
Skammtimakröfur, (hækkun) lækkun	(	592.128)	72.802
Skammtimaskuldur, lækkun	(	1.910.633)	(1.438.924)
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda	(	2.502.761)	(1.366.122)
Handbært fé frá rekstri		3.633.977	3.014.141
Hækkun á handbæru fé		3.633.977	3.014.141
Handbært fé í årsbyrjun		27.739.668	24.725.527
Handbært fé í lok ársins		31.373.645	27.739.668

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

c. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun SSVN atvinnuþróunar fyrir árið 2010 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2010	2009
Laun	15.790.785	16.918.978
Launatengd gjöld	3.376.601	2.497.430
	<u>19.167.386</u>	<u>19.416.408</u>
Fjöldi starfsmanna að meðaltali	4	4

3. Eignarhlutur í félögum

Félagið á eignarhlut í Snorra Þorfinnssyni ehf., að nafnverði 1.100 þús. kr. sem bókaður er á 0 kr.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2010	19.907.156	19.907.156
Rekstrarniðurstaða ársins	6.136.738	6.136.738
Staða 31.12.2010	<u>26.043.894</u>	<u>26.043.894</u>

Skýringar, frh.:

5. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2010	2009	2008	2007	2006
Rekstrartekjur	38.215	36.536	37.027	36.739	31.089
Rekstrargjöld	(33.315)	(34.233)	(34.558)	(31.425)	(29.272)
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	4.900	2.303	2.469	5.314	1.817
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	1.237	1.528	1.661	1.047	682
Framlag til SSNV lönþróunarsjóðs	0	0	0	(6.361)	(2.499)
Hagnaður ársins	6.137	3.830	4.130	0	0
Efnahagur:					
Fastafjármunir	0	0	550	0	0
Aðrar skammtímakröfur	592	0	73	2.265	82
Handbært fé	31.374	27.740	24.726	10.284	7.225
Eignir samtals	31.966	27.740	25.348	12.549	7.307
Eigið fé	26.044	19.907	16.077	0	0
Skammtímaskuldir	5.922	7.833	9.271	12.549	7.307
Eigið fé og kuldir samtals	31.966	27.740	25.348	12.549	7.307

6. Kennitölur

Veltufé frá rekstri	6.137	4.380	4.680	0	0
Handbært fé (til) frá rekstri	3.634	3.014	6.808	(1.500)	572
Veltufjárlutfall	5,40	3,54	2,67	1,00	1,00
Eiginfjárlutfall	0,81	0,72	0,63	0,00	0,00

Sundurliðanir

	2010	2010 Áætlun	2009
Laun og launatengd gjöld:			
Laun	15.790.785	15.657.300	16.918.978
Mótframlag í lífeyrissjóð	1.523.639	1.600.000	1.643.618
Tryggingagjald	1.527.430	1.096.011	1.195.573
Sjúkra- og orlofssjóður	325.532	250.000	339.018
Þátttaka í launagreiðslum	0	0	(680.779)
	<u>19.167.386</u>	<u>18.603.311</u>	<u>19.416.408</u>
Annar rekstrarkostnaður:			
Þátttaka í rekstri SSVN	7.275.986	7.500.000	6.664.354
Framlag til Vaxtasamnings NLV	2.000.000	2.000.000	2.000.000
Kostnaður vegna verkefna	1.137.848		1.928.223
Dagpeningar	940.806	750.000	690.000
Sími, burðargjöld og áskriftargjöld	586.727	450.000	465.845
Fundir, ráðstefnur og námskeið	557.750	315.000	325.065
Ritföng, pappír og prentun	394.729	100.000	193.925
Bifreiðastyrkur	343.747	600.000	931.776
Auglýsingar	306.745	200.000	299.874
Rekstur tölvukerfis	298.670	150.000	170.019
Sérfræðiaðstoð	148.625	240.000	202.400
Fargjöld og dvalarkostnaður	53.337	350.000	241.238
Bækur, tímarit og blöð	41.625	50.000	52.554
Styrkir og framlög	21.025	100.000	136.549
Skrifstofubúnaður og viðhald skrifstofubúnaðar	9.491	200.000	494.995
Vátryggingar	0	130.000	0
Annar kostnaður	30.963	55.000	20.198
	<u>14.148.074</u>	<u>13.190.000</u>	<u>14.817.015</u>



Ársskýrsla og ársreikningur 2010



Mynd 1 Grjótherinn á Sturlungadeginum 2010. Ljós. Kristín Jónsdóttir

Um Vaxtarsamning Norðurlands vestra

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra var undirritaður þann 14. janúar 2008. Markmiðin með samningnum eru að efla atvinnulíf og byggðapróun á Norðurlandi vestra með því að byggja á þeim styrkleikum sem svæðið býr yfir til frekari vaxtar. Þetta skal einkum gert með eflingu nýsköpunar og vaxtar fyrirtækja og stofnana á svæðinu í gegnum klasasamstarf, með áherslu á tvö svið:

- *Menntun og rannsóknir* þar sem áhersla verður m.a. lögð á auðlindalíf tækni og uppbyggingu þekkingarsetra sem þjóna muni öllu svæðinu.
- *Menning og ferðaþjónusta.*

Samningurinn er til þriggja ára og er iðnaðarráðuneytið skuldbundið til að greiða árlega 30 milljónir króna til verkefnisins, og þannig samtals kr. 90 milljónir á samningstímanum.

Samningnum fylgir viðaukasamningur við fyrirtæki og stofnanir um aðkomu að verkefninu, í formi fjármagns, sérfræðivinnu eða aðstöðu. 17 fyrirtæki og stofnanir eru aðilar að samningnum og nema framlög þeirra samtals um 56,4 milljónum króna á samningstímanum. Listi yfir þau er á vef Vaxtarsamnings Norðurlands vestra, www.vnv.is.

Stjórn

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 2008 -2010 skipuðu:

- Arnar Þór Sævarsson, formaður, Blönduósi
- Pétur Friðjónsson, varaformaður, Sveitarfélaginu Skagafirði
- Hrafnhildur Ýr Víglundsdóttir, ritari, Húnaþingi vestra
- Arna Björg Bjarnadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
- Guðmundur H. Sigurðsson, Húnaþingi vestra
- Steindór Haraldsson, Skagaströnd
- Unnar Ingvarsson, Sveitarfélaginu Skagafirði

Stjórnin fundaði alls 6 sinnum á árinu 2010, og eru fundargerðir birtar á vef Vaxtarsamnings Norðurlands vestra, www.vnv.is.

Sýn

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 2008-2010 hefur enn þá sýn að árið 2020 verði

- ferðapjónusta á Norðurlandi vestra þekkt fyrir öfluga samvinnu, góða þjónustu og fjölbreytt framboð afþreyingar árið um kring, með áherslu á
 - ◊ hestatengda ferðapjónustu
 - ◊ sögutengda ferðapjónustu
 - ◊ ferðapjónustu tengda útivist og náttúru
 - ◊ handverk
- til staðar á Norðurlandi vestra öflugur klasi þekkingarsetra er tengi saman atvinnulíf og rannsóknir á sviði bættrar nýtingar afurða úr landbúnaði og sjávarútvegi, með sérstaka áherslu á auðlindalíftækni þar sem við á.
- til staðar á Norðurlandi vestra klasi rannsóknarsetra er tengist ferðapjónustu og styrki þannig atvinnugreinina jafnframt því að fjölga möguleikum í rannsóknatengdu námi.
- Norðurland vestra eftirsóknarverður búsetukostur m. t. t. fjölbreyttra atvinnutækifæra og afþreyingar.
- fjölbreyttir möguleikar til rannsóknatengds framhaldsnáms í boði á Norðurlandi vestra.



Mynd 1 Grjótherinn á Sturlungadeginum 2010. Ljós. Kristín Jónsdóttir

Aðsetur

Framkvæmdastjóri Vaxtarsamnings Norðurlands vestra frá 1. júní 2008 til 31. desember 2010 var Hjördís Gísladóttir. Aðsetur var í húsnæði Sveitarfélagsins Skagafjarðar að Faxatorgi 1, 550 Sauðárkróki, sími 455 7931. Framkvæmdastjóri annaðist upplýsingagjöf og önnur samskipti fyrir hönd VNV, og sá um daglegan rekstur. Fyrri hluta ársins var framkvæmdastjóri í fullu starfi en að loknu sumarleyfi var starfshlutfallið minnkað í 50%. SSNV hefur haldið utan um bókhald og fjárreiður, og skoðast það sem hluti af framlagi sambandsins til samningsins.

Vefur Vaxtarsamnings Norðurlands vestra er á www.vnv.is.

Starfsemi 2010

Auk umsýslu vegna úthlutunar styrkja og stuðnings við styrkþega, tekur framkvæmdastjóri þátt í ýmiss konar öðrum verkefnum, ýmist að eigin frumkvæði, stjórnar VNV eða annarra. Hér á eftir er gerð nánari grein fyrir helstu liðum starfsins árið 2009.



Mynd 8. Frá Hveravöllum. Ljós. Katrín María Andrésdóttir.

Úthlutanir styrkja

Á árinu 2009 var tvisvar auglýst eftir umsóknum um styrki úr Vaxtarsamningi Norðurlands vestra. Sjá nánar *töflu 1*.

Tafla 1. Upphæðir umsókna á árinu 2010. Hér eru einvörðungu taldar umsóknir um fjárframlög, ekki sérfræðiaðstoð. Ath. að í einhverjum tilvikum kann að vera sótt tvisvar um stuðning við sama verkefnið.

	Mars	Október
Fjöldi umsókna	29	21
Upphæð áætlana	142.962.484	119.136.120
Upphæð umsókna	60.801.600	43.839.000
Hlutfall af áætlun	43%	37%
Fjöldi veittra styrkja	21	11
Upphæð veittra styrkja	19.300.000	9.000.000
Hlutfall af umsóknum	32%	21%

Í *töflu 2* er gerð grein fyrir þeim verkefnum, sem hlutu vilyrði um fjárhagsaðstoð frá Vaxtarsamningi Norðurlands vestra á árinu 2010. Öll verkefnin uppfylltu skilyrði um samstarf, þó hér sé einungis aðalumsækjandi tíundaður.

Tafla 2. Loforð um fjárframlög á árinu 2010.

Nr.	Aðalumsækjandi	Verkefni	Upphæð, kr.
501	Landbúnaðarháskóli Íslands	Náttúrufræðiáttak m. framhaldsskólum, þ. á m. FNV	150.000
502	Umhverfið pitt	Viðbótarframlag vegna undirburðarverkefnis (303)	500.000
503	Hugmat ehf.	Vistvæn rækjuvinnsla, verðmæti úr þiðingarvatni hjá Dögun	2.500.000
504	Iceprotein ehf.	Kjötprótein, verðmæti úr vannýttu/verðlitlu kjöti	2.500.000
505	Kjötafurðastöð KS	Vambir og garnir - samvinna allra sláturhúsa á Norðurlandi	2.000.000
507	Náttúrustofa Nl. vestra	Dagur húnvetnskrar náttúru	150.000
508	Ferðamálafélag V. - Hún	Á selaslóðum	1.000.000
509	Matvælastofnun (Hólum)	Rannsóknir og fræðsla – „munnur og mál“	1.000.000
510	Hagfélagið	Matvælasmiðjan Hvammstanga	500.000
511	Skagafjarðarhraðlestin	Kvikmyndagerð - mat á Svaðastöðum sem kvikmyndaveri	500.000
514	BioPol	Kræklingarækt í Miðfirði (skilyrt)	1.200.000
518	Náttúrustofa Nl. vestra	Kortlagning jarðminja á Nl. v.	500.000
519	Textílsetur Íslands	Kynningarvettvangur handverksfólks á Nl. v.	500.000
521	Matís ohf	Lífvirk efni í frumumódelum - nýting nýrrar aðstöðu í Verinu	1.000.000
522	Hýrusporið	Markaðsáttak 2010	1.000.000
523	Jón Örn Stefánsson	Kræklingur við austanverðan Húnaflóa (skilyrt)	800.000
525	Textílsetur Íslands	Samstarf listamiðstöðva á Nl. v. („dvalir“)	500.000
526	Grettistak	Grettisból - uppbygging markaðar og leikjasvæðis	500.000
527	Fannborg ehf.	Samstarf ferðapjónustuaðila við Kjalveg	1.000.000
528	Skotta kvikmyndafélag ehf.	Viðbótarframlag (sjá 408), vegna kynningar í Los Angeles	300.000
529	Fornverkaskólinn	Tyrfingsstaðaverkefnið	1.200.000
602	BioPol	Tilraunarækt á kræklingi	1.250.000
604	Á Sturlungaslóð	Vörupróun á Sturlungaslóð	500.000
607	Spákonuafur	Spákonuhof	1.000.000
610	Skel og fiskur	Bleikja á Blönduósi	500.000
611	Vilko ehf.	Krakkakökur - afmæliskökur	500.000
612	Fornverkaskólinn	Framhald og erlent samstarf	500.000
613	Forsvar/Fræðasetur	Skráning í stafrænt skjalasafn	1.000.000
614	Hólaskóli	Endurmenntun	1.000.000
618	Byggðasafn Húnv. Strand.	Örsýningar	250.000
619	Selasetur Íslands	The Wild North	1.250.000
620	Sögusetur ísl. hestsins	Sýningin ísl. hesturinn - frágangur	1.250.000
Samtals styrkloforð			28.300.000

Þess ber að geta að eitt styrkloforð var afþakkað, þar sem umsækjandi var ekki tilbúinn að fallast á þau skilyrði um samstarf, sem sett voru fram af hálfu stjórnar VNV. Hér er um að ræða verkefni nr. 523.

Eins og sjá má af töflunni er í sumum tilvikum um að ræða framhaldsstyrk til verkefna, sem vel ganga en eru þó enn ekki sjálfbær.

Reynt var að framselja sérfræðiframlög eftir því sem kostur er, en misjafnt er hvernig gekk að nýta þau, enda fór það eftir eðli viðkomandi verkefna hvort og þá hvernig slík framlög gátu komið að gagni. Nefna má að allmörg verkefnanna nutu/njóta einhvers konar aðstoðar frá atvinnuráðgjöfum SSNV, eins og lesa má úr ársskýrslu/tíma-skráningu SSNV atvinnu-ráðgjafar. Þar ber hæst ráðgjöf við Hveravallafélagið, en t. d. einnig við BioPol ehf. og Félag ferðapjónustunnar í Skagafirði. Hólaskóli - Háskólinn á Hólum hefur m. a. lagt Hýrusporinu til rannsóknavinnu vegna hestatengdrar ferðapjónustu (þar sem einnig hefur verið haft samráð við Háskólann á Bifröst) og hann kemur að fleiri verkefnum, auk þess að vera skrifaður fyrir samstarfsverkefni um endurmenntun. Framlag Forsvars ehf. hefur verið nýtt af Selasetri Íslands, í tengslum við Wild North. Ýmiss konar samstarf hefur verið við Nýsköpunarmiðstöð Íslands, og hefur hún m. a. lagt vinnu í verkefni tengd Skottu ehf. Framlög Byggðastofnunar og Menningarráðs Norðurlands vestra hafa fyrst og fremst verið í formi samráðs og samstarfs. Framlag Útflutningsmiðstöðvar fyrir samningstímamann allan var fullnýtt á árinu 2008, með verkefninu Frá hugmynd til markaðar.

Þess ber að geta að í samningum við styrkþega var ákvæði þess efnis að veita bæri Vaxtarsamningi Norðurlands vestra nauðsynlegar upplýsingar um framvindu verkefnisins ársfjórðungslega meðan á því stóð (stendur) og bar framkvæmdastjóri ábyrgð á að fylgja ákvæði þessu eftir. Auk þess lagði hann einstökum verkefnum lið, eftir því sem við átti og/eða eftir var leitað. Í því sambandi má nefna ýmiss konar aðstoð, t. d. við Hýrusporið, Á Sturlungaslóð og Hveravelli (þ.m.t. aðkomu að málþingi um Hveravelli, fyrsta vetrardag 2010), prófarkalestur og þýðingar á vef Söguseturs íslenska hestsins og texta tengdum Munni og mælum o. fl.

Eins og áður hefur komið fram, skyldu megináherslur Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 2008 - 2010 annars vegar beinast að menntun og rannsóknum, og hins vegar að ferðapjónustu og menningu. Í samningnum er sérstaklega getið um uppbyggingu þekkingarsetra og myndun klasa. Stjórn Vaxtarsamningsins taldi frá upphafi vænlegra til árangurs varðandi klasamyndun að hún byrji neðan frá, og að samstarfsnetið byggist smátt og smátt upp, um leið og það þéttist.

Úr töflu 3 má lesa tengingar þeirra verkefna, er hlutu styrk á árinu 2010, við skilgreind styrkleikasvið Norðurlands vestra, að mati stjórnar Vaxtarsamningsins. (Sambærilegar töflur vegna verkefna árið 2008 og 2009, eru birtar fyrri ársskýrslum).


Tafla 3. Tenging verkefna ársins 2010 við áherslur VNV og styrkleika svæðis.

Nr. verkefnis	Menntun og rannsóknir	Auðlindalífæknir	Tenging atvinnulífs og rannsókna	Uppbygging þekkingarsetra	Tenging við Hólaskóla	Tenging við opinberar stofnanir á svæðinu	Ferðapjónusta og menning	Íslenski hesturinn	Sagnaarfurinn	Náttúran	Annað (handverk, matur úr héraði, fjöls. ferðamannast.)
501	x					x					
502	x		x		x	x		x			
503	x		x			x				x	
504	x	x	x	x							
505	x		x								
507	x		x	x		x				x	
508			x	x			x			x	
509	x		x	x	x	x		x			
510	x		x	x	x	x					x
511							x	x		x	
514	x		x	x		x					
518	x			x	x		x			x	
519				x			x		x	x	x
521	x	x		x							
522							x	x			
523	x		x		x						
525	x			x	x				x		x
526							x		x		x
527							x	x		x	
528							x				x
529	x		x	x	x		x		x		
602	x		x								
604					x		x		x		
607							x		x		
610	x		x		x						
611											x
612	x		x	x	x		x		x		
613	x		x	x		x			x		
614	x				x	x					
618						x	x		x		x
619	x		x	x	x	x	x			x	
620	x		x	x	x		x	x	x		

Hér á eftir er stuttlega gerð grein fyrir því, hvernig styrkveitingar sammingsins falla að þessum áherslusviðum og hvernig sjá má fyrir sér að þær stuðli að uppbyggingu klasa. Rétt er að vekja athygli á að einstök verkefni geta komið við sögu á fleiri en einni kvísl. Verkefnin eru auðkennd með númerum, þar sem fyrsti tölustafurinn segir til um hvenær styrkurinn var veittur (verkefni sem hefjast á 1 eða 2 hlutu styrkloforð á árinu 2008, hefjist númerin á 3 eða 4 hefur loforðið verið veitt á árinu 2009 og styrkloforð ársins 2010 eru auðkennd með 5 og 6).

A. Menntun og rannsóknir

Segja má að í stórum dráttum megi skipta í tvennt rannsóknum þeim, sem Vaxtar-samningur Norðurlands vestra veitir stuðning: Annars vegar hagnýtar rannsóknir tengdar grunnatvinnuvegunum og hins vegar rannsóknir á málefnum er varða ferða-þjónustu og menningu.



Mynd 3. Klasaupbygging tengd rannsóknum og menntun.

Hér verða verkefnum í fyrrnefnda flokknum gerð nokkur skil, en þau sem tengjast ferðaþjónustunni eru tíunduð með öðrum verkefnum í þeim málaflokki.

Í Vaxtarsamningi Norðurlands vestra 2008 – 2010 er kveðið á um þátttöku í uppbyggingu þekkingarsetra. Enn sem komið er, er fyrst og fremst hægt að tala um tvo kjarna rannsóknastarfsemi á svæðinu, annars vegar á Sauðárkróki og hins vegar á Skagaströnd. Þó ber þess að geta að víðar á Norðurlandi vestra er unnið að uppbyggingu rannsókna og aðstöðu til slíkrar starfsemi, til dæmis á Hvammstanga þar sem Vaxtarsamningurinn tók þátt í undirbúningi að opnun rannsóknaaðstöðu Selaseturs Íslands (*verkefni nr. 104*). Einnig má nefna að unnið er að uppbyggingu ýmiss konar rannsóknastarfsemi á Blönduósi. Sívaxandi samvinna er milli allra þessara rannsóknasetra, sem og við Hólaskóla - Háskólann á Hólum, aðra háskóla og ýmsar stofnanir, bæði innan og utan Norðurlands vestra.

Vaxtarsamningurinn hefur ekki síst litið til verkefna sem leitt gætu til bættrar nýtingar og aukinnar virðingar fyrir náttúrunni.

Í *Verinu* á Sauðárkróki er aðsetur fiskeldis- og fiskalíf-fræðideildar Hólaskóla - Háskólans á Hólum. Auk þess fer smátt og smátt fjölgandi þeim stofnunum og fyrirtækjum sem þar koma sér fyrir. Nefna má starfsstöðvar Matís og Impru, Umhverfið þitt og IceProtein. Í næsta nágrenni Versins eru m.a. afurðastöðvar Kaupfélags Skagfirðinga og FISK Seafood, sem og rækjuvinnslan Dögun, þannig að segja má að á *Eyrinni* séu kjöraðstæður til ýmiss konar matvælarannsókna. Vaxtarsamningurinn kemur að nokkrum af þeim rannsóknarverkefnum sem þarna er unnið að:



Mynd 4 Verið á Sauðárkróki. Mynd af vef Hólaskóla

Miklar vonir eru bundnar við *bleikjueldi* í Skagafirði. Vaxtarsamningurinn hefur stutt við verkefni, þar sem kannaðar eru forsendur fyrir bleikjueldi í smáum stíl, á nokkrum bújörðum í héraðinu og unnið er fyrst og fremst af Hólamönnum. Af sama meiði er rannsókn á áhrifum hitastigs á vöxt og orkubúskap bleikju, þar sem *Matís ohf.* er í lykilhlutverki. Bæði þessi verkefni eru í umsjón framkvæmdastjóra Versins.

Í líftæknismiðju *Matís ohf.* er unnið að verkefni tengdu lífvirkum efnum í frumulíkönum. Árlega er milljónum lítra af mysu veitt í hafið. Vaxtarsamningurinn hefur stutt rannsóknir Matís ohf. og fleiri á nýtingu *ostamysu* í heilsutengd matvæli, í líftæknismiðjunni í Verinu. *Umhverfið þitt ses.* ber ábyrgð á tveimur af þeim rannsóknaverkefnum, sem styrkt hafa verið af VNV, annars vegar á nýtingu hálms sem undirburðar undir hross og annan búfenað, og hins vegar á staðbundinni framleiðslu á *lífðísil*.

Vaxtarsamningurinn hefur stutt við tilraunir Kjötafurðastöðvar KS varðandi bættu nýtingu *hliðarafurða* frá slátrun og kjötvinnslu. Matís ohf. er meðal þeirra sem að verkefninu koma. Hjá *Iceprotein* er verið að skoða möguleika á bættri nýtingu kjötpróteina, úr vannýtu/verðlitlu kjöti.

Í rækjuvinnslunni Dögun er unnið að bættri nýtingu þíðingarvatns (þar sem markmiðið er bæði verðmætaukning afurða og minnkuð mengun afrennslis), en leiðandi aðili í því verkefni er Hugmat ehf. á Blönduósi.

Verkefni nr. 112, 114, 216, 302, 303, 316, 413, 502, 503, 504, 505.

Í hugum margra tengist *Skagaströnd* fyrst og fremst fiskveiðum og nýtingu sjávarafurða. Hjá sjávarlíftæknisetrinu *BioPol ehf.* er lögð áhersla á rannsóknir sem styðja



Mynd 9. Frá Laugarbakka. Ljós. Pétur Jónsson.

við nýbreytni og þróun á þessu sviði. Vaxtarsamningurinn hefur stutt fyrirtækið og samstarfsaðila þess í rannsóknum varðandi kræklingaeldi, beitukóng og hörpudisk í Húnaflóa.

Vaxtarsamningurinn hefur enn fremur stutt við rannsóknir og þróun á *bragðkjörnum úr þangi*, undir forystu H-59 á Skagaströnd. Verkefni nr. 101, 212, 225, 324, 406, 514, 602.

Hér að ofan hefur fyrirtækið *Hugmat ehf.* á Blönduósi þegar verið nefnt, vegna verkefnis sem unnið er í samvinnu við Dögun á Sauðárkróki. Blönduósingurinn *Jón Örn Stefánsson* hefur sýnt frumkvæði í tengslum við hugsanlega kræklingarækt í Húnaflóa (og þar m.a. verið í samstarfi við BioPol ehf.) og bleikjueldi á Blönduósi. Fyrirtækið *Skel og fiskur ehf.* á Blönduósi var formlega stofnað á árinu 2010, um þessi verkefni. Verkefni nr. 114, (523), 610.

Hólaskóli tengist mörgum af framangreindum verkefnum á einn eða annan hátt. Heima á Hólum er aðsetur dýralæknis hrossasjúkdóma hjá *Matvælastofnun*. VNV styrkir embættið og samstarfsaðila þess til rannsókna- og fræðsluverkefnisins *Munns og méla*, sem snýr að velferð reiðhrossa.


Hólaskóli - Háskólinn á Hólum hefur forgöngu um stofnun endurmenntunardeildar, í samvinnu við aðrar menntastofnanir á svæðinu, svo sem Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra og Farskólann, miðstöð símenntunar. Verkefni 509, 614.

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra lagði, auk framantalins, tveimur smærri verkefnum tengdum menntun og fræðslu lið á árinu 2010: *Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri* stendur á vorin fyrir kynningarátaki um náttúrufræðináám, í samvinnu við framhaldsskólana, þ. á m. Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra. Vorið 2010 gekkst *Náttúrustofa Norðurlands vestra*, í samvinnu við fjölmarga aðila, fyrir Degi húnvetnskrar náttúru. Verkefni 501, 507.

Vaxtarsamningurinn hefur enn fremur stutt við rannsóknir og þróun á *bragðkjörnum úr þangi*, undir forystu H-59 á Skagaströnd. Verkefni nr. 101, 212, 225, 324, 406.

B. Ferðapjónusta og menning

Hér er unnið út frá því að helstu styrkleikar svæðisins innan ferðapjónustu og menningar felist í náttúrunni, hrossunum, sögunni og handverkinu.



Mynd 6. Klasauppbýgging í ferðapjónustu á Norðurlandi vestra.

Sögutengd ferðapjónusta:

Þræðir margra Íslendingasagna liggja um Húnaþing og þar voru ófáar þeirra skráðar. Þar er unnið að uppbyggingu ferðapjónustu á grunni *Grettis sögu* og *Vatnsdælu* og hefur Vaxtarsamningurinn stutt við þau verkefni, m. a. í tengslum við handverk (sjá neðar). Ennfremur er á Skagaströnd unnið að verkefni byggðu á sögu *Þórdísar spákonu*.

Verkefni nr. 108, 116, 305, 317, 526, 607.

Skagafjörður er vettvangur margra þekktustu atburðanna í Sturlungu, sem nú nýtur endurvakinnar hylli íslenskra lesenda, og þar styður Vaxtarsamningurinn uppbyggingu klasans *Á Sturlungaslóð*.

Verkefni nr. 323, 40, 604.

Haustið 2010 veitti VNV vilyrði fyrir stuðningi við þróun kynningarverkefnis hjá Byggðasafni Húnavetninga og Strandamanna, að Reykjum í Hrótafirði.

Verkefni nr. 618.



Mynd 7. Þuríður Harpa hannaði kennimerkið. Ljós. Hjördís Gísladóttir.

Rannsóknir:

Byggðasafn Skagfirðinga í Glaumbæ er meðal fjölsóttustu ferðamannastaða á Norðurlandi. Þar er m. a. unnið að fornleifarannsóknum og hefur VNV lagt nokkurt fé til þeirra, enda forsenda frekari uppbyggingar á staðnum.

Verkefni nr. 214.

Ennfremur hefur VNV stutt við rannsóknir *Söguseturs íslenska hestsins*, sjá nánar hér síðar.

Verkefni nr. 115, 311.



Mynd 8. Skagfirsk stóðhross. Ljósm. Hjördís Gísladóttir.

Hestatengd ferðapjónusta:

Norðurland vestra hefur lengi verið þekkt fyrir hross og hestamennsku. Héðan koma margir af þekktustu hrossastofnunum, og hér voru fyrstu hrossaræktarfélagin stofnuð. Ekki þarf að fjölyrða um mikilvægi Hólaskóla - Háskólans á Hólum í tengslum við hestamennskuna og fleira mætti telja til.

Hýruspor eru samtök þeirra sem búa og starfa á Norðurlandi vestra og byggja afkomu sína að meira eða minna leyti á íslenska hestinum. Vaxtarsamningurinn styður uppbyggingu þessa klasa, sem hefur opnað vefinn www.icehorse.is.

Verkefni nr. 217, 404, 522.

Á Hólum í Hjaltadal er m. a. að finna *Sögusetur íslenska hestsins*. Fram til ársins 2010 höfðu sýningar þess ekki fastan samastað en nú hefur meginsýningu þess verið komið fyrir í Gamla hesthúsinu á Hólum. VNV hefur stutt þetta verkefni og lítur m.a. á það sem lið í uppbyggingu hestatengdrar ferðapjónustu á Norðurlandi vestra.

Verkefni nr. 115, 311, 620.

Rannsóknir:

Nauðsynlegt er að styðja ofangreind verkefni með rannsóknum. Vaxtarsamningurinn styrkir rannsókn, sem leidd er af ferðamáladeild Hólaskóla - Háskólans á Hólum og snýst um kortlagningu á *umfangi hestatengdrar þjónustu á Norðurlandi vestra*. Ennfremur hefur VNV stutt rannsóknir til undirbúnings á sýningum Söguseturs íslenska hestsins.

Verkefni nr. 115, 407.

Náttúrutengd ferðapjónusta:

Náttúran er oftast það fyrsta, sem hinn erlendi ferðamaður nefnir, ef hann er spurður hvað hafi dregið hann til Íslands, og ekki skal gert lítið úr áhuga Íslendinga sjálfra á ferðalögum byggðum á náttúruskoðun.

Í Húnaþingi vestra er unnið að uppbyggingu ferðapjónustuklasa í kringum selaskoðun, undir yfirskriftinni *Á selaslóðum*. Þar fer Selasetur Íslands fyrir (sjá einnig neðar, Wild North).

Verkefni nr. 328, 508 (201, 402).

Á vegum *Fræðaveitunnar* (m.a. í samvinnu við Veidimálastofnun) er unnið að uppbyggingu gagnvirkrar upplýsingaveitu um vötn og veiði á Norðurlandi vestra. Þar verða aðgengilegar ýmsar upplýsingar um vötnin sjálf, lífríki þeirra, fiskitegundir og

veiðitímabil, sem og um hvernig nálgast megi veiðileyfi og ýmsa þjónustu. Verkefni þetta hlaut styrkloforð frá VNV árið 2008, en af ýmsum ástæðum gekk hægt að ýta því úr vör, og lyktaði þessari styrkveitingu með því að sá hluti styrksins, sem greiddur hafði verið út við undirritun samnings árið 2008, var endurgreiddur á árinu 2010.

(Verkefni nr. 120).

Hjá Náttúrustofu Norðurlands vestra er annars vegar unnið að kortlagningu fugla-skoðunarstaða og hins vegar jarðminja á svæðinu, enda er áhugi fyrir að róa frekar á þau mið hjá nokkrum ferðapjónustufyrirtækjum.

Verkefni nr. 410, 518.

Náttúruperlan *Hveravellir* á Kili tilheyrir Norðurlandi vestra. Vaxtarsamningurinn kemur að verkefnum á Hveravöllum, bæði með fjárhagsstuðningi og ráðgjöf, í samvinnu við SSNV atvinnuþróun. Á árinu 2010 tókst samvinna með nokkrum ferðapjónustuaðilum á og umhverfis Kjöl, og styrkir VNV þetta samstarf.

Verkefni nr. 208, 527.

Á Blönduósi var um hríð unnið að undirbúningi *Hins íslenska laxaseturs*, þar sem gert var ráð fyrir bæði sýningahaldi og rannsóknum. VNV studdi þessa frumvinnu. Verkefninu hefur ekki verið sinnt um tíma, en þó liggur orðið fyrir afrakstur af töluverðri frumvinnu, sem byggja má frekari uppbyggingu á.

Verkefni nr. 218.

Rannsóknir:

Selasetur Íslands á Hvammstanga fer fyrir hópi íslenskra þátttakenda í fjölpjóðlegu verkefni, Wild North, sem snýst um uppbyggingu sjálfbærrar, náttúrutengdrar ferðapjónustu („Wild Life Tourism“) á Norðurslóðum, og að treysta með því undirstöður greinarinnar, afkomu þeirra sem í henni vinna og notkun auðlindarinnar til langs tíma.

Verkefni nr. 201, 402, 610.

Áðurtalin verkefni Náttúrustofu Norðurlands vestra byggja vissulega á rannsóknum, og sem fyrr segir, er reiknað með að rannsóknir verði liður í starfsemi Laxasetursins.

Verkefni nr. 218, 410, 518.

Handverk:

Handverk er mikilvægur liður í hvers kyns ferðapjónustu og er þá t. d. átt við minjagripi eða námskeið ýmiss konar. Vaxtarsamningurinn hefur stutt við nokkur verkefni sem byggjast m. a. á handverki, ekki síst skyld sögutengdu verkefnunum sem talin voru hér að ofan:

Í Grettisbóli á Laugarbakka er unnið að uppbyggingu *handverksmarkaðar*, í tengslum við Grettistakið. *Útsaumur í sveitinni* stendur fyrir verkefni um útsaumaðan refil, byggðan á Vatnsdælu. Markmið *Fornverkaskólans* er að viðhalda íslensku handverki og varðveisla byggingararfsins, og ber þar Tyrfingsstaðaverkefnið einna hæst. Verkefni nr. 111, 305, 317, 526, 529, 612.

Á *Textilsetri Íslands*, í Kvennaskólanum á Blönduósi, er boðið upp á margs konar námskeið um handverk. Textilsetrið gengst einnig fyrir samstarfsverkefni handverksfólks á svæðinu, um markaðsmál. Verkefni nr. 322, 519.

Almenn verkefni innan ferðapjónustunnar:

Félag ferðapjónustunnar í Skagafirði hefur notið stuðnings Vaxtarsamnings Norðurlands vestra við þróun *bókunarmiðstöðvar*. Reiknað hefur verið með að teygja starfsemina vestur eftir svæðinu. Þetta verkefni hefur ekki uppfyllt þær væntingar sem gerðar voru til þess í upphafi, en segja má að það hafi þó skilað ákveðinni reynslu. *Markaðsstofa ferðamála á Norðurlandi* hefur hlotið stuðning vaxtarsamninganna vegna framleiðslu kynningarmyndbands. Verkefni nr. 206, 210, 415.

Önnur verkefni tengd ferðapjónustu og menningu:

Nes listamiðstöð á Skagaströnd hefur notið stuðnings VNV við áætlanagerð. Textilsetur Íslands hefur forgöngu um samstarf listamiðstöðva á Norðurlandi vestra um „dvalir“ listamanna á svæðinu. Verkefni nr. 106, 525.



Mynd 9. Borði af vef Location North www.locationnorth.is.

Skotta kvikmyndafjélag og samstarfsaðilar þess hafa fengið stuðning við verkefnið Location North, sem ætlað er að fjölga tókumöguleikum í auglýsinga- og kvikmyndagerð á Norðurlandi vestra. Meðal annars hlaut fyrirtækið og samstarfsaðilar þess sérstakan framhaldsstyrk, vegna þátttöku í kynningu á ráðstefnu í Los Angeles, á vegum opinberra aðila. Auk þess hefur því boðist sérfræðiaðstoð við annað verkefni. *Skagafjarðarhraðlestin* hefur gengist fyrir úttekt á möguleikum þess að nýta reiðhöllina Svaðastaði á Sauðárkróki sem tökuver. Ef vel tekst til, munu það ekki síst verða ferðapjónustufyrirtæki, sem njóta góðs af. Verkefni nr. 325, 408, 511, 528.



Mynd 10. Vatnsdæla á refli. Mynd í eigu verkefnisins.

C. Önnur styrkt verkefni

Á Hvammstanga er unnið að uppbyggingu *Þekkingarseturs* á vegum *Hagfélagsins*. Vaxtarsamningurinn styður þetta verkefni, og hefur auk þess lagt til að sérþekking starfsmanna Nýsköpunarmiðstöðvar verði nýtt til ráðgjafar. Fyrsta verkefni Þekkingarsetursins var forganga um stofnun *Matarvirkisins*, matvælasmiðju á Hvammstanga, og styrkti VNV það sérstaklega.

Verkefni nr. 411, 510.

Vilkó ehf. á Blönduósi hefur hlotið vilyrði fyrir stuðningi við vöruþróunarverkefni fyrirtækisins og samstarfsaðila þess.

Verkefni nr. 611.

Fræðasetur Háskóla Íslands á Skagaströnd og *Forsvar ehf.* á Hvammstanga vinna að undirbúningi verkefnis um skráningu gagna í rafrænt hljóðskjalasafn.

Verkefni nr. 613.

Á sínum tíma lagði VNV stofnun tengslanets kvenna á Norðurlandi lið, enda ein af tillögum þeim sem lagðar voru fram í skýrslu verkefnisstjórnar frá árinu 2006. Stofnfundur tengslanetsins var haldinn á Blönduósi í október 2009 og hlaut það nafnið *Virkja - Norðvesturkonur*.

Verkefni nr. 416.

Greiðslustaða um áramót

Gerður var sérstakur samningur um hvern veittan styrk, þar sem m. a. kom fram hvernig haga skyldi greiðslum m. t. t. framvindu viðkomandi verkefnis. Að öðru jöfnu var ekki gert ráð fyrir að meira en ár gæti liðið frá undirritun samnings til loka þess hluta verkefnisins, sem viðkomandi styrkloforð náði til (á þessu voru þó undantekningar, einkum hvað varðar rannsóknaverkefni). Væri áætlað að verkefnin stæðu yfir í meira en ár, mátti yfirleitt reikna með að sækja þyrfti aftur um.

Nokkuð er misjafnt hve langur tíma liður frá því að vilyrði fyrir styrk var veitt og þar til skrifað var undir samning. Ábyrgðarmenn allmargra þeirra verkefna, sem hlutu styrk í seinni úthlutun 2010 (*nr. 602 - 620*), óskuðu eftir að fresta undirskrift fram yfir áramótin 2010 - 2011, þar sem féð myndi fyrst og fremst nýtast á árinu 2011 og því óþarfi að flækja því inn í bókhaldsárið 2010. Þetta er í samræmi við reynslu fyrri ára.



Mynd 11. Frá málþingi um Hveravelli. Ljós. Ingibergur Guðmundsson.

Yfirlit um útborgunarstöðu veittra styrkja hinn 31. desember 2010 er að finna í viðauka I við skýrslu þessa.

Fundir, ráðstefnur og tengd störf

Á gildistíma þess vaxtarsamnings, sem hér er til umfjöllunar, tók framkvæmdastjóri, og eftir atvikum einstakir stjórnarmenn, þátt í ýmiss konar funda- og ráðstefnuhaldi. Eins og áður hefur komið fram, var starfshlutfall

framkvæmdastjóra skert á árinu 2010, auk þess sem áhersla var lögð á að draga úr öðrum kostnaði við rekstur samningsins, og því minna um þetta en undangengið ár. Á árinu 2010 bar þetta hæst:

- Framkvæmdastjóri SSVN kallaði eftir vinnuframlagi framkvæmdastjóra VNV við undirbúning og framkvæmd landshlutfundar Sóknaráætlunar 20/20, sem haldinn var á Sauðárkróki í janúar.
- Framkvæmdastjóri VNV sótti, ásamt verkefnisstjóra SSVN atvinnuráðgjafar, samstarfsfund vaxtarsamninganna á Akureyri í febrúar.
- Framkvæmdastjóri VNV tók þátt í að setja upp og manna kynningarbás SSVN og undirverkefna samtakanna, á sýningunni Lífsins gæði og gleði, á Sauðárkróki í apríl.
- Framkvæmdastjóri VNV flutti ársskýrslu samningsins, á ársþingi SSVN á Blönduósi í ágúst.
- Framkvæmdastjóri VNV tók þátt í undirbúningi að og úrvinnslu niðurstaðna frá málþingi um málefni Hveravalla, sem haldið var í Húnaveri fyrsta vetrardag. Verkefninu var stýrt af atvinnuráðgjafa SSVN á Blönduósi og liggur samantekt á afrakstri málþingsins fyrir hjá honum.

Önnur störf

Auk ýmiss konar ráðgjafar og aðstoð við aðstandendur verkefna, lagði framkvæmdastjóri nokkrum þeirra sérstakt lið, sem skoða má sem viðbótarframlag. Hér var ekki síst um að ræða þýðingar á kynningarefni yfir á ensku og ber þar hæst þýðingu á vef *Söguaseturs íslenska hestsins*. Töluverð áhersla var lögð á að það yrði gert fyrir fyrirhugað Landsmót 2010 en fjárhagur setursins leyfði ekki að vinnan yrði keypt að, þannig að VNV tók verkefnið að sér og lagði vinnu framkvæmdastjóra við þýðinguna fram.

SSNV er aðili að NPP-verkefninu RRR (Retail in Rural Regions, Verslun í dreifbýli) og framkvæmdastjóri VNV lagði fram vinnu við þýðingar á gögnum í tengslum við það.

Viðað um land er unnið að uppbyggingu ferðapjónustu byggðri á nýtingu heitra baðlauga. Á árinu 2010 vann framkvæmdastjóri VNV, að frumkvæði SSNV atvinnuráðgjafar, að kortlagningu slíkra lauga, náttúrulegra og/eða manngerðra, á Norðurlandi vestra. Við undirbúning verkefnisins var gengið út frá að framkvæmdastjóri myndi nota í það allan þann vinnutíma á árinu, sem ekki nýttist beint til verkefna VNV. Enda mætti skoða viðfangsefnið sem ákveðna forvinnu um klasa byggðan á slíkri ferðapjónustu. Verkefninu var ekki lokið, þegar starfshlutfall framkvæmdastjóra var minnkað sumarið 2010, en eftir það var ekki um neinn „afgangs-vinnutíma“ að ræða. Þau gögn sem safnað hafði verið fyrir þann tíma, hafa verið afhent SSNV atvinnuráðgjöf.



Mynd 12. Fosslaugin (við Reykjafoss). Ljós. Hjördís Gísladóttir.

Mat á starfi Vaxtarsamnings Norðurlands vestra

Sérhver ferð hefst á einu skrefi. Skrefin á leiðarenda eru hins vegar mismörg, og leiðirnar misgreiðfærar. Á þeim tæplega tveimur og hálfa ári, sem liðið hefur frá fyrstu fjárveitingum úr Vaxtarsamningi Norðurlands vestra, hafa verið stigin fyrstu skref í allmörgum verkefnum og framhaldsskref í öðrum. Mörg verkefnanna ganga eftir áætlun eða svo gott sem, en hjá öðrum hefur af einni eða annarri ástæðu þurft að víkja af leið eða staldra við.

Nýsköpun og rannsóknir krefjast þolinmæði og oft reynist erfitt að brúa bilið frá hugmynd til sjálfbærni. Vaxtarsamningunum er ætlað hlutverk í slíkri brúarsmiði, en það getur hins vegar verið þrautin þyngri að skilgreina nákvæmlega hvaða hluta brúarinnar ber að þakka honum, og hversu traust hún þarf að vera til að gegna sínu hlutverki. Á lokafundi stjórnar Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 2008 – 2010 var það samhljóða niðurstaða stjórnar að í stórum dráttum hefði vel tekist til og grunnur verið lagður að margs konar samstarfi, sem á að geta leitt til eflingar atvinnulífs og byggðar á Norðurlandi vestra. Allt of stuttur tími sé þó liðinn frá upphafi starfsins til að tímabært sé að ætlast til að árangurinn sé orðinn vítt um sýnilegur. Það er hins vegar von stjórnarmanna að ábyrgðarmenn arftaka þessa samnings muni nýta sér það starf, sem þegar hefur verið unnið og byggt á því í áframhaldandi starfi þess Vaxtarsamnings Norðurlands vestra sem væntanlega lítur dagsins ljós á útmánuðum 2011.

Samkvæmt 4. gr. Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 2008 – 2010 er gert ráð fyrir að lokaskýrslu, ásamt árangursmati, verði skilað til iðnaðarráðuneytis eigi síðar en 1. mars 2011. Matsáætlun Vaxtarsamnings Norðurlands vestra var kynnt fyrir viðkomandi starfsmönnum ráðuneytisins á fundi þar í apríl 2009. Helstu liðir í matinu eru

- mat stjórnar á verkefnum, m. v. umsóknir

- áfanga- og lokaskýrslur verkefna
- fylgiskjöl með lokaskýrslum (sérstakt eyðublað sem ber að fylla út)
- eftirfylgni framkvæmdastjóra með verkefnum (að lágmarki ársfjórðungslega)
- heildaryfirlit, byggt á gögnum frá þróunarsviði Byggðastofnunar

Á klasatorgi á Egilsstöðum í mars 2010 var stofnaður sérstakur matshópur, til að vinna að og samræma matsaðferðir vaxtarsamninganna, og var þess að vænta að tekið yrði mið af þeirri vinnu við endurskoðun mats/matsaðferða VNV. Þegar unnið er að ritun þessarar skýrslu, í janúar 2011, hafa enn engar niðurstöður borist frá téðum matshópi.

Hins vegar hafa borist skilaboð um að framundan sé úttekt á starfi Vaxtarsamnings Norðurlands vestra á vegum iðnaðarráðuneytisins. Á árinu 2010 voru töluverð samskipti milli framkvæmdastjóra VNV og starfsmanns Ríkisendurskoðunar. Upphaflega hófust þær vegna skoðunar á einu tilteknu af verkefnum þeim, sem VNV hefur veitt styrk, en í ferlinu voru lagðar fram tölulegar upplýsingar um allar styrkveitingar samningsins fram til hausts 2010 og um tilhögun samninga og greiðslna, sem og eftirfylgni. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa þætti, sbr. fylgiskjal með frétt á vef Ríkisendurskoðunar frá 15. desember 2010.

Spyrja má hvenær fullmetið verði.

Örstutt yfirlit

Alls voru á samningstímanum veitt 73 styrkloforð, þar af 32 á árinu 2010. Heildarupphæð þessara loforða var kr. 80.800.000, þar af kr. 28.300.000 á árinu 2010. Eins og fram hefur komið, var gerður samningur um hverja einstaka styrkveitingu, þar sem áætlaðar framlagnir skýrslna og greiðsludagsetningar styrkhluta (50%, 40% og 10%) komu fram. Semja mátti við framkvæmdastjóra um breytingar á þessum dagsetningum, ef aðstæður kröfðust þess.

Um útborgunarstöðu einstakra styrkja vísast til viðauka I.

Öll gögn varðandi samstarfsaðila um einstök verkefni, greiðslustöðu, samninga og annað tengt styrkveitingum Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 2008 - 2010 voru afhent framkvæmdastjóra SSVN hinn 31. desember 2010.

Óskað var eftir því við ábyrgðarmenn verkefna, að sérstöku matseyðublaði væri skilað sem viðauka við lokaskýrslur um verkefnin. Í viðauka II er yfirlit um helstu tölulegar upplýsingar byggðar á þessum fylgiskjöllum. Ekki hefur verið lagt mat á raunhæfni þessara upplýsinga, heldur ber einvörðungu að líta á þær sem sjálfsmat styrkþega.

Matsyfirlit, byggt á sérstöku skema, sem m.a. var unnið með hliðsjón af gögnum frá þróunarsviði Byggðastofnunar, er í viðauka III.

Litið til baka

– í ljósi þeirrar sýnar sem sett var fram í upphafi, sjá bls. 39. Hafa skrefin sem stigin voru, verið í samræmi við hana og henni til framdráttar?

Liður 1: Árið 2020 verði

◊ ferðapjónusta á Norðurlandi vestra þekkt fyrir öfluga samvinnu, góða þjónustu og fjölbreytt framboð afþreyingar árið um kring, með áherslu á

- hestatengda ferðapjónustu
- sögutengda ferðapjónustu
- ferðapjónustu tengda útivist og náttúru
- handverk



Mynd 13. Úr Sögusetri íslenska hestsins. Ljósmynd í eigu setursins.

Niðurstaða: Samvinna innan ferðapjónustunnar á svæðinu fer sívaxandi, og kröfur Vaxtarsamnings Norðurlands vestra um samvinnu styrkþega hafa þar haft sín áhrif. Gott samstarf og samráð var við samtök ferðapjónustuaðila og vísar að klösum hafa ýmist eflst eða fæðst.

Hestatengd ferðapjónusta. Hýrusporið eru samtök opin öllum þeim (á Norðurlandi vestra), sem byggja afkomu sína að einhverju leyti á íslenska hestinum. Hér hefur verið hlúð að samvinnu slíkra aðila þvert á svæðið allt, og áhersla m.a. verið lögð á mikilvægi aðkomu þeirra sem bjóða upp á ýmsa afleidda þjónustu, svo sem gistingu og veitingar.

Sögutengd ferðapjónusta. Hér ber einna hæst samvinnu allmargra skagfirskra aðila um ferðapjónustu byggða á Sturlungu. Ekki skal gert lítið úr aðkomu klasastuðnings Impru, undir merkjum *Gátta*, að þessu verkefni, enda hlýtur það að teljast í takti við klasakenningarnar að opinberir styrktaraðilar innan þess geira leggist á sömu árar. Í Húnavatnssýslunum báðum er unnið að klasaverkefnum byggðum á sagnaarfinum og ekkert bendir til annars en að þau haldi áfram að eflast og eigi eftir að vinna nánar hvert með öðru, m.a. innan *Samtaka um sögutengda ferðapjónustu*.



Mynd 14. Söguskilti við Faxabrandsstaði. Ljósmynd. Hjördís Gísladóttir.

Náttúrutengd ferðapjónusta. Óhætt er að fullyrða að Vaxtarsamningur Norðurlands vestra hafi haft sitt að segja þegar ferðapjónustuaðilar í Húnaþingi vestra ákváðu að hefja skipulega samvinnu um ferðapjónustu byggða á selaskoðun. Einnig má benda



Mynd 15. Tyrfingsstaðir á Kjálka. Ljósmynd. Hjördís Gísladóttir.

á frumkvæði VNV að fyrstu samstarfsverkefnum ferðapjónustuaðila á og við Kjöl, en óumdeilt er að þeir reyni fyrst og fremst að höfða til þeirra, sem áhuga hafa á íslenskri náttúru.

Handverk. Handverk tengist alls konar verkefnum og á þátt í að flétta saman heildarvef ferðapjónustunnar. Hér hafa ekki endilega fæstu – en e.t.v. smæstu skrefin verið stigin. Töluverð vinna hefur verið lögð í grunn að aukinni samvinnu handverksfólks á

svæðinu, um markaðssetningu, námskeiðahald o.fl. Handverkið sem slíkt er oftast en ekki einmenningsiðja, þannig að það er eflaust eðli málsins samkvæmt að hægt gangi að byggja upp raunverulega klasa á þessu sviði. Samt er það þannig að þó hver og einn vinni að því að byggja upp lager af söluvörum, getur samvinna um markaði, jafnvel þó fáir séu, ráðið úrslitum um tekjuöflunina. VNV átti t.d. þátt í að koma á fót hinum geysifjölsóttu jólamarkaði í Hrímnishöllinni – viðburði sem virðist kominn til að vera og skipta verulegu máli í tekjuöflun einstakra þátttakenda.

Ekki má heldur gleyma mikilvægi handverksins í varðveislu menningararfsins og það er til dæmis trú aðstandenda VNV að Fornverkaskólinn og verkefni hans, sbr. Tyrfingsstaðaverkefnið, séu ómetanlegt framlag til komandi kynslóða, hvort sem lítið er til ferðapjónustu eða þekkingar.

Liður 2: Árið 2020 verði

- ◊ til staðar á Norðurlandi vestra öflugur klasi þekkingarsetra er tengi saman atvinnulíf og rannsóknir á sviði bættrar nýtingar afurða úr landbúnaði og sjávarútvegi, með sérstaka áherslu á auðlindalífætkni þar sem við á.

Niðurstaða: Á árunum 2008-2010 lagði stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra mikla áherslu á samvinnu fyrirtækja – bæði afurðastöðva og frumframleiðenda – á svæðinu við rannsóknasetur þau sem verið er að byggja upp, annars vegar á Sauðárkróki og hins vegar á Skagaströnd. Í stórum dráttum má segja að rannsóknaverkefni í samvinnu við BioPol ehf. á Skagaströnd hafi snúið að sjónum og því, sem í honum kann að þrífast, en á Eyrinni á Sauðárkróki, þ.m.t. í Verinu, sé fremur horft til afurðanna, bæði varðandi rannsóknir og vöruþróun, ekki síst í tengslum við bætta nýtingu og umgengni við náttúruna.

Ákveðnar vonir eru bundnar við að byggja megi upp klasa kræklingaræktenda umhverfis Húnaflóa, með bakland í þekkingu sérfræðinga hjá BioPol. Og fullvíst má telja að innan fárra ára verði mengun vegna affallsvatns afurðastöðvanna á Sauðárkróki

til muna minni – hvort sem um er að ræða mysu eða þíðingarvatn sjávarafurða. Í báðum tilvikum hafa fjármunir frá VNV skipt máli. Svo fátt eitt sé hér talið.

Liður 3: Árið 2020 verði

- ♦ til staðar á Norðurlandi vestra klasi rannsóknarsetra er tengist ferðapjónustu og styrki þannig atvinnugreinina jafnframt því að fjölga möguleikum í rannsóknatengdu námi.

Niðurstæða: Á Norðurlandi vestra eru í uppbyggingu allmörg þekkingar- og rannsóknasetur sem flokka mátti hér undir. Á árunum 2008 – 2010 lagði stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra ekki beinlínis áherslu á samvinnu þeirra innbyrðis, heldur miklu fremur á uppbyggingu þeirra og tengsl við viðkomandi geira. Nefna má stuðning við verkefnið *The Wild North*, þar sem Selasetur Íslands á Hvammstanga fer fyrir metnaðarfullu, fjölpjódlegu rannsóknaverkefni um sjálfbærni í náttúrutengdri ferðapjónustu. Í sama geira hefur VNV lagt Náttúrustofu Norðurlands vestra og samstarfsaðilum hennar lið við að leggja faglegan grunn að sérhæfðri ferðapjónustu á þessu sviði.

Starfsemi Fræðaseturs Háskóla Íslands á Skagaströnd er nýhafin, og fullyrða má að það skapi ákveðin tækifæri tengd einstökum þáttum sögutengdu ferðapjónustuverkefnanna.

Meðal rannsóknasetra, sem um leið byggir á ferðamennsku, er *Söguasetur íslenska hestsins* á Hólum í Hjaltadal. Stjórn VNV lítur á uppbyggingu setursins sem mikilvægan þátt í þeirri heildarmynd sem vilji er til að skapa, af Norðurlandi vestra sem höfuðvígis hestatengdrar starfsemi á landinu, þar með talinna rannsókna. Og var sammála forvígismönnum setursins um mikilvægi þess að það yrði opnað fyrir almenningi fyrir næsta Landsmót hestamanna á Vindheimamelum.

Liðir 4 og 5: Árið 2020 verði

- Norðurland vestra eftirsóknarverður búsetukostur m.t.t. fjölbreyttra atvinnutækifæra og afþreyingar.
- fjölbreyttir möguleikar til rannsóknatengds framhaldsnáms í boði á Norðurlandi vestra.



Mynd 16. Úr rannsóknaleiðangri á vegum BioPol ehf. Ljós. Ólafía Lárusdóttir.



Mynd 15. Tyrfingsstaðir á Kjálka. Ljós. Hjördís Gísladóttir.

Niðurstaða: Þessir liðir eru afar almenns eðlis og erfitt að segja til um áhrif Vaxtarsamnings Norðurlands vestra á þá. Afþreying sem í boði er hjá ferðaþjónustunni er að sjálfsögðu einnig ætluð heimamönnum og þar hefur eitthvað áunnist. Og það má fullyrða að fjármunir frá Vaxtarsamningnum hafi orðið til að fjölga störfum námsmanna við rannsóknir á svæðinu, á samningstímanum, og má þar t.d. benda á störf tengd rannsóknum á selum, kræklingi og mysu. Útilokað er að ganga út frá að öll slík störf séu komin til að vera, en hins vegar má fullyrða að tímabundinn stuðningur við einstök rannsóknaverkefni styrki stöðir viðkomandi rannsóknasetra.

Niðurstaða

Í ljósi framanritaðs er það mat stjórnar Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 2008 – 2010

- að sú sýn, sem sett var fram á fyrstu vikum starfsins, sé enn í fullu gildi, sem og það, að kapp sé best með forsjá
- að markvisst hafi verið unnið samkvæmt þessari sýn
- að margt hafi áunnist
- að ekki sé um að ræða óeðlilega hátt hlutfall verkefna, sem ekki gengu upp
- að starfstíminn sé enn alltof skammur til að unnt sé að leggja dóm á mikilvægi starfsins
- að nauðsynlegt sé því að halda áfram á sömu braut, enn um sinn.

Sauðárkóki, 21. janúar 2011,
fyrir hönd stjórnar Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 2008 – 2010,



Hjördís Gísladóttir,
framkvæmdastjóri

Viðauki I. Greiðslustaða styrkloforða hinn 31. desember 2010

Tafla 1.

Nr.		Alls greitt	Úthlutun	Afp.	Staða
101	Bio-Pol ehf b. beitukóns	1.000.000	1.000.000		0
104	Selasetur Íslands - undirb. rannsókna	500.000	500.000		0
106	Nes listamiðstöð	500.000	500.000		0
108	Reykjahöfði ehf v. Laugarbakkans	1.000.000	1.000.000		0
111	Byggðasafn Skagfirðinga v/ Fornverkaskólans	1.000.000	1.000.000		0
112	MATÍS ohf v. ostamysu	1.000.000	1.000.000		0
114	Verið Vísindagarðar, bleikjueldi	1.500.000	1.500.000		0
115	Sögusetur ísl. hestsins v. rannsókna	1.500.000	1.500.000		0
116	Landnám Ingimundar gamla, v. sögukorts	500.000	500.000		0
120	Fræðaveitan ehf, Vötn og veiði	0	1.500.000	1.5m. ¹	0
201	Selasetur Íslands - Wild North	2.500.000	2.500.000		0
206	Markaðsskrifst. ferðam. á Norðurl.	500.000	500.000		0
208	Hveravallafélagið ehf.	1.500.000	1.500.000		0
210	FFS, vegna bókunarmiðstöðvar	1.500.000	1.500.000		0
212	Jón Örn Stefánsson - kræklingaeldi	1.000.000	1.000.000		0
214	Glaumbær - fornleifarannsókn	1.000.000	1.000.000		0
216	Kjötafurðastöð KS, hliðarafurðir	2.000.000	2.000.000		0
217	Krossaneshestar ehf. v Hýrusporsins	2.000.000	2.000.000		0
218	Alva Kristín Ævarsdóttir, Laxasetrið	300.000	500.000		-200.000
225	H - 59, íblöndunarefni	2.500.000	2.500.000		0
302	Umhverfið þitt, lífdísill	1.125.000	1.250.000		-125.000
303	Umhverfið þitt, undirburður	1.250.000	1.250.000		0
305	Ferðamálafélag V-Hún, sumarmarkaður	500.000	500.000		0
311	Sögusetur íslenska hestsins, sýningin	3.000.000	3.000.000		0
316	MATÍS ohf mysa, frh.	1.000.000	1.000.000		0
317	Útsaumur í sveitinni, Vatnsdæla á refli	500.000	500.000		0
322	Textílsetur Íslands, uppb. sumarnámskeiða	500.000	500.000		0
323	Sturlunguverkefnið, FFS	1.500.000	1.500.000		0
324	Bio-Pol ehf, beitukóngur, frh.	1.500.000	1.500.000		0
328	Ferðamálafélag V-Hún - Á selaslóðum	1.500.000	1.500.000		0
401	Á Sturlungaslóð, frh.	1.350.000	1.500.000		-150.000
402	Selasetur Íslands - Wild North	2.250.000	2.500.000		-250.000
404	Hýruspor, frh.	1.350.000	1.500.000		-150.000
406	BioPol - Hörpudiskur	500.000	500.000		0
407	Hólaskóli - Hrossarannsókn	1.350.000	1.500.000		-150.000

Nr.		Alls greitt	Úthlutun	Afp.	Staða
408	Skotta - Location North	1.000.000	1.000.000		0
410	NNV - Fuglaskoðun	900.000	1.000.000		-100.000
411	Hagfélagið, þekkingarsetur Hvt	1.000.000	1.000.000		0
413	Verið Vísindagarðar, bleikjurannsókn	1.250.000	2.500.000		-1.250.000
415	FFS, vegna bókunarmiðstöðvar	750.000	1.500.000		-750.000
416	Virkja-Norðvesturkonur	500.000	500.000		0
501	Landbúnaðarháskóli Íslands, námskeið	150.000	150.000		0
502	Umhverfið pitt, undirburður	500.000	500.000		0
503	Hugmat ehf., vistvæn rækjuvinnsla	2.500.000	2.500.000		0
504	Iceprotein, kjötiðnaður	1.250.000	2.500.000		-1.250.000
505	KKS, garnir	1.800.000	2.000.000		-200.000
507	NNV, Dagur húnvetnskrar náttúru	150.000	150.000		0
508	Ferðamálafélag V-Hún - Á selaslóðum	900.000	1.000.000		-100.000
509	MAST, Munnur og mál	500.000	1.000.000		-500.000
510	Hagfélagið, Matvælasmiðja	500.000	500.000		0
511	Skagafjarðarhraðlestin, kvikmyndaver	450.000	500.000		-50.000
514	BioPol, kræklingur Miðfirði	1.080.000	1.200.000		-120.000
518	NNV, jarðminjar	500.000	500.000		0
519	Textílsetur, handverksklasi	250.000	500.000		-250.000
521	Matís, lífvirk efni	900.000	1.000.000		-100.000
522	Hýrusporið	900.000	1.000.000		-100.000
523	Jón Örn, kræklingur Blönduósi	0	800.000	800.000	0
525	Textílsetur, listamiðstöðvar	250.000	500.000		-250.000
526	Grettistak, Grettisból	450.000	500.000		-50.000
527	Kjölur	1.000.000	1.000.000		0
528	Skotta, AFCI	300.000	300.000		0
529	Tyrfingsstaðir	1.080.000	1.200.000		-120.000
602	BioPol, kræklingar, frh.	0	1.250.000		-1.250.000
604	Á Sturlungaslóð, vöruþróun	0	500.000		-500.000
607	Spákonuárfur	500.000	1.000.000		-500.000
610	Skel og fiskur, bleikja	0	500.000		-500.000
611	Vilko ehf. , vöruþróun	0	500.000		-500.000
612	Fornverkaskólinn	0	500.000		-500.000
613	Forsvar/Fræðasetur	0	1.000.000		-1.000.000
614	Hólaskóli, endurmenntun	500.000	1.000.000		-500.000
618	Byggðasafnið Reykjum, örsýningar	0	250.000		-250.000
619	Selasetur - Wild North	625.000	1.250.000		-625.000
620	Sögusetur - lokafrágangur sýningarinnar	625.000	1.250.000		-625.000
		65.535.000	80.800.000	2.3m	-12.965.000

¹ Fyrri greiðsla, kr. 900.000, sem greidd var haustið 2008, var endurgreidd (án vaxta) í desember 2010.

² Afþakkað.

Viðauki II. Töluleg samantekt

Þessar tölur eru unnar upp úr fylgiskjölum með lokaskýrslum verkefna. Umrædd fylgiskjöl eru byggð upp af nokkrum lykilspurningum. Áréttað skal að svörin eru byggð á sjálfsmati ábyrgðarmanna verkefnanna og ekki er hér lagt mat á raunhæfni einstakra svara.

Öll verkefni fá sömu spurningar, þannig að neikvæð svör geta hæglega þýtt að spurningin átti ekki við, t. d. eiga spurningar tengdar ferðapjónustu sjaldnast við um rannsóknaverkefni. Ekki er gerð tilraun til að kryfja þetta nánar hér.

1. Er verkefnið á áætlun (tímaáætlun, sbr. umsókn)?

Já	12
Nei.....	17

2. Er verkefninu lokið?

Já	11
Nei.....	6
Nei (skv. umsókn átti því ekki að ljúka á styrktímabilinu).....	15

3. Er reiknað með að sækja aftur um styrk til VNV?

Já, um framhaldsstyrk.....	15
Já, til annarra verkefna	11
Nei.....	3

4. Hvað skilaði verkefnið mörgum nýjum störfum, á Nl.v?

Heilsársstörfum	4,5
Árstíðabundnum störfum.....	13
Tímabundnum störfum	38
Ótímabær spurning	3

5. Byggja einhver þessara starfa á sérfræðipekkingu?

Já	17
Já, að hluta	7
Nei.....	--

6. Hvar nýtist ný þekking byggð á verkefninu?

Í auðlindalíftækni	4
Í menntun.....	8
Í ferðapjónustu.....	14
Í menningu	12
Annars staðar	11

7. Hvað tóku margir þátt í verkefninu?

Fyrirtæki	103
Rannsóknarstofnanir	20
Háskólar	21
Sveitarfélög o.fl.	10
Starfsmenn alls.....	234

8. Byggði samstarfið á eldri grunni?

Já	4
Já, að nokkru leyti	15
Nei.....	11

9. Verður um áframhaldandi samstarf að ræða?

Já	26
Hugsanlega.....	2
Nei.....	1

10. Náði samstarfið út fyrir Norðurland vestra?

Já, til annarra landssvæða	18
Já, til annarra landa.....	5
Nei.....	7

11. Skilaði verkefnið vöru á markað?

Já, nýrri vöru.....	10
Já, endurbættri vöru.....	4
Nei.....	17

12. Stuðlaði verkefnið að umsókn um einkaleyfi?

Já	--
E. t. v. síðar.....	6
Nei.....	22

13. Skilaði verkefnið þjónustu á markað?

Já, nýrri þjónustu.....	12
Já, endurbættri þjónustu	2
Nei.....	15

14. Snerist verkefnið um sameiginlega kynningu og/eða markaðssetningu?

Já, svæðisbundna.....	10
Já, viðkomandi fyrirtækja	5
Nei.....	13

15. Snerist verkefnið um sameiginlega stefnumótun?	
Já, svæðisbundna.....	2
Já, þátttakenda	10
Nei.....	17
16. Snerist verkefnið um myndun klasa?	
Já, fyrsti vísir	16
Já, markvissa uppbyggingu klasa.....	4
Nei.....	9
17. Stuðlar verkefnið að fjölgun ferðamanna á Norðurlandi vestra?	
Já	13
Nei.....	16
18. Stuðlar verkefnið að auknum tekjum eftir hvern ferðamann á NL. v.?	
Já	13
Nei.....	16
19. Stuðlar verkefnið að aukinni fagmennsku í ferðapjónustu á NL. v?	
Já	15
Nei.....	14
20. Stuðlar verkefnið að eflingu ferðapjónustu utan háannar, á NL. v?	
Já	10
Nei.....	19
21. Hvað stóð verkefnið fyrir mörgum fundum og/eða ráðstefnum?	
Kynningarfundir.....	43
Tengslamyndunarfundir	34
Ráðstefnur.....	5
22. Naut verkefnið sérfræðiframlaga frá Vaxtarsamningi Norðurlands vestra?	
Já	6
Nei.....	23
23. Naut verkefnið styrkja frá öðrum sjóðum, á tímabilinu?	
Já	15
Nei.....	14
24. Skipti aðkoma VNV miklu máli fyrir verkefnið?	
Já, annars hefði ekki orðið af verkefninu	23
Já, en af verkefninu hefði þó orðið án aðkomu VNV	6
Hún skipti litlu máli	--
Hún skipti engu máli.....	--

Viðauki III. Matsyfirlit styrktra verkefna

Skv. sérstöku matsskema, byggðu á gögnum frá Byggðastofnun (sjá eldri skýrslu).

Grunnmælikvarðar	Fjöldi
Fjöldi verkefna	59
Fjöldi verkefna er tengjast áherslusviðum VNV	57
Fjöldi verkefna er tengjast styrkleikum NI. v. , skv. greiningu stjórnar VNV	51
Fjöldi verkefna er tengjast nýtingu náttúruauðlinda	21
Fjöldi verkefna er tengjast umhverfismálum/náttúruvernd	18
Fjöldi verkefna er tengjast auðlindalíftækni	7
Fjöldi verkefna er tengjast rannsóknnum	36
Fjöldi verkefna er tengjast menntun	27
Fjöldi verkefna á sviði tækniþróunar og nýsköpunar	23
Fjöldi verkefna er tengjast ferðapjónustu	37
Fjöldi verkefna á sviði menningar	33
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	10
Fjöldi stefnumótunarverkefna	13
Fjöldi verkefna er innibera samstarf háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja	25
Fjöldi verkefna með þátttakendur af nágrannasvæði	11
Fjöldi verkefna með þátttakendur af höfuðborgarsvæði	10
Fjöldi klasaverkefna	14
Fjöldi tengslaneta	12
Fjöldi ráðstefna	6

Menntun og rannsóknir – mælikvarðar	Fjöldi
Fjöldi verkefna	59
Fjöldi verkefna er tengjast áherslusviðum VNV	57
Fjöldi verkefna er tengjast styrkleikum NI. v. , skv. greiningu stjórnar VNV	51
Fjöldi verkefna er tengjast nýtingu náttúruauðlinda	21
Fjöldi verkefna er tengjast umhverfismálum/náttúruvernd	18
Fjöldi verkefna er tengjast auðlindalíftækni	7
Fjöldi verkefna er tengjast rannsóknum	36
Fjöldi verkefna er tengjast menntun	27
Fjöldi verkefna á sviði tækniþróunar og nýsköpunar	23
Fjöldi verkefna er tengjast ferðapjónustu	37
Fjöldi verkefna á sviði menningar	33
Fjöldi alþjóðlegra samstarfsverkefna	10
Fjöldi stefnumótunarverkefna	13
Fjöldi verkefna er innibera samstarf háskóla, rannsóknarstofnana og fyrirtækja	25
Fjöldi verkefna með þátttakendur af nágrannasvæði	11
Fjöldi verkefna með þátttakendur af höfuðborgarsvæði	10
Fjöldi klasaverkefna	14
Fjöldi tengslaneta	12
Fjöldi ráðstefna	6

Menning og ferðapjónusta – mælikvarðar	Fjöldi
Fjöldi samstarfsverkefna er stuðla að fjölgun ferðamanna	28
Fjöldi samstarfsverkefna er stuðla að auknum tekjum eftir hvern ferðamann.	30
Fjöldi samstarfsverkefna er stuðla að eflingu vetrarferðamennsku í landshlutanum.	13
Fjöldi verkefna er stuðla að auknu samstarfi ferðapjónustuaðila á sviði markaðssetningar.	23
Fjöldi verkefna er stuðla að aukinni menntun og fagmennsku innan ferðapjónustunnar.	18
Fjöldi verkefna á sviði menningartengdrar ferðapjónustu.	26
Fjöldi verkefna með áherslu á nýsköpunarstarfsemi innan menningar og ferðapjónustu.	29



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA

NORÐURLAND VESTRA

Vaxtarsamningur
Norðurlands vestra
Ársreikningur 2010

Vaxtarsamningur Norðurlands vestra
Faxatorgi 1
550 Sauðárkrókur
kt. 541292-2419

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar


Vaxtarsamningur Norðurlands vestra var stofnaður á árinu 2008 og er markmið hans að efla atvinnulíf á Norðurlandi vestra með því að byggja á þeim styrkleikum sem svæðið býr yfir til frekari vaxtar.

Hagnaður varð af rekstri samningsins á árinu að fjárhæð 574 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé samningsins nam í árslok 2.696 þús. kr.

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra staðfestir hér með ársreikning samningsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 31. mars 2011

Stjórn:



Verkefnisstjóri:



Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vaxtarsamnings Norðurlands vestra fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glöggja framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 31. mars 2011

KPMG ehf.

Kristján Jónsson
Ragna Hannardóttir

Við undirritaðir kjörir skoðunarmenn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2010 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Sauðárkróki, 31. mars 2011

Ólafur Ragnólfsson
Margrét Finntzen

Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	Áætlun 2010	2009
Rekstrartekjur:				
Framlag ríkissjóðs	7	30.000.000	30.000.000	30.000.000
Framlög annarra		3.000.000	3.300.000	3.600.000
Framlögð sérfræðivinna	6	4.156.250	0	4.016.000
		<u>37.156.250</u>	<u>33.300.000</u>	<u>37.616.000</u>
Rekstrargjöld:				
Styrkveitingar	2	26.000.000	27.000.000	27.500.000
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	6.003.789	7.280.000	7.326.069
Stjórnunarkostnaður	4	1.023.973	1.845.000	1.349.716
Framlögð sérfræðivinna til verkefna	6	4.156.250	0	4.016.000
		<u>37.184.012</u>	<u>36.125.000</u>	<u>40.191.785</u>
Rekstrartap fyrir fjármagnsliði		(27.762)	(2.825.000)	(2.575.785)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		735.993	1.500.000	2.057.165
Vaxtagjöld		(134.568)	0	(262.338)
		<u>601.425</u>	<u>1.500.000</u>	<u>1.794.827</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	5	<u>573.663</u>	<u>(1.325.000)</u>	<u>(780.958)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Vðskiptakröfur		0	7.800.000
Kröfur á tengd félög		0	56.690
Handbært fé		15.871.074	13.563.683
Veltufjármunir samtals		15.871.074	21.420.373
Eignir samtals		15.871.074	21.420.373
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé		2.696.206	2.122.543
Eigið fé samtals	5	2.696.206	2.122.543
Skammtímaskuldir			
Ógreiddir styrkir	2	12.965.000	19.050.000
Skuld við tengd félög		98.403	0
Aðrar skammtímaskuldir		111.465	247.830
Skammtímaskuldir samtals		13.174.868	19.297.830
Skuldir samtals		13.174.868	19.297.830
Eigið fé og skuldir samtals		15.871.074	21.420.373

Sjóðstreymisýfirlit árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	5	573.663	(780.958)
Veltufé frá (til) rekstrar		573.663	(780.958)
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		7.856.690	(7.856.690)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(6.122.962)	1.706.978
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda		1.733.728	(6.149.712)
Handbært fé frá (til) rekstrar		2.307.391	(6.930.670)
Hækkun á handbæru fé		2.307.391	(6.930.670)
Handbært fé í ársbyrjun		13.563.663	20.494.353
Handbært fé í lok ársins		15.871.074	13.563.683

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

b. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innlæstar. Tekjur er ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

2. Styrkir

Styrkir eru gjaldfærðir þegar stjórnin hefur samþykkt úthlutun þeirra en greiðslur fara hins vegar ekki fram fyrr en gerður hefur verið skriflegur samningur. Á árinu 2010 voru gjaldfærðir úthlutaðir styrkir að fjárhæð 27,5 millj. kr. en endurgreiddir eldri styrkir vegna verkefna sem ekki kláruðust námu 1,5 millj. kr. Samtals gjaldfærðir styrkir á árinu 2010 námu því 26,0 millj. kr. Ógreiddir styrkir í árslok nema 13,0 millj. kr.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2010	Áætlun 2010	2009
Laun	4.586.104	5.500.000	5.493.365
Stjórnarlaun (7)	423.000	700.000	672.000
Dagpeningar	0		115.179
Lífeyrissjóður	495.450	620.000	607.896
Tryggingagjald	493.349	450.000	430.582
Stéttarfélag	5.886	10.000	7.047
	<u>6.003.789</u>	<u>7.280.000</u>	<u>7.326.069</u>
Starfsmenn að meðaltali	1		1

4. Stjórnunarkostnaður

Stjórnunarkostnaður greinist þannig:

	2010	Áætlun 2010	2009
Ókutækjastyrkur	198.891	300.000	242.604
Auglýsingar og styrkir	139.630	200.000	168.074
Fundir, námskeið og ferðakostnaður	260.986	730.000	576.549
Endurskoðun	147.250	130.000	115.300
Rekstur tölvukerfis	0	100.000	53.029
Ritföng, pappír og prentun	168.837	130.000	114.246
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	41.781	205.000	51.305
Annar kostnaður	66.598	50.000	28.609
	<u>1.023.973</u>	<u>1.845.000</u>	<u>1.349.716</u>

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé 1.1.2010	2.122.543
Rekstrarniðurstaða ársins	573.663
Staða 31.12.2010	<u>2.696.206</u>

Skýringar frh.:

6. Framlögð sérfræðivinna

Framlögð sérfræðivinna greinist þannig:

	Fjöldi tíma	Samtals kr.
Hveravellir	402,5	3.018.750
Kræklingaverkefni Skagaströnd	56,0	420.000
Bókunarmiðstöð	21,0	157.500
Þekkingarsetur	6,5	48.750
Laxasetur	1,5	11.250
Skrifstofuhald og umsjón		500.000
	487,5	4.156.250

7. Önnur mál

Þann 14. janúar 2008 var undirritaður vaxtarsamningur milli Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) og iðnaðarráðuneytisins. SSNV ber ábyrgð á framkvæmd vaxtarsamningsins og sér um að semja við fyrirtæki og stofnanir um framlög til vaxtarsamningsins. Samtökin leggja til sex milljónir króna á þremur árum og að auki 12 milljónir á þremur árum í formi sérfræðivinnu. Samkvæmt samningnum skulu framlög iðnaðarráðuneytisins vera 30 millj. kr. á ári í þrjú ár frá undirritun samningsins. Stjórn samningsins úthlutar fjármagni til verkefna á Norðurlandi vestra á grundvelli umsókna. Núverandi samningur gildir til ársloka 2010, en fyrir liggja drög að endurnýjuðum samningi sem gildir til næstu þriggja ára.



Lífið er ljúft. Mynd Dóra Heiða Halldórsdóttir.

Byggðasamlag um málefni fatlaðra Norðurlandi vestra

Formáli verkefnisstjóra Ágæti lesandi,

Hér gefur á að líta ársskýrslu byggðasamlags um málefni fatlaðra fyrir árið 2009. Hún gefur yfirlit yfir skipulag og starfsemi á þjónustusvæðinu. Helstu verkefnum og tölulegum upplýsingum innan hvers málavíðs eru gerð skil og er það von mín að skýrslan gefi glögga sýn á fjölbreytt verkefni málaflokksins.

Á Norðurlandi vestra eru 342 örorkulífeyrisþegar, eða um 7,2% af íbúafjölda 16 – 66 ára. Fjöldi barna með umönnunarbætur í flokki 1 – 3 eru 19 eða um 1% af íbúafjölda 0 – 17 ára. Hafa ber í huga að Fjallabyggð fellur undir tölur Tryggingastofnunar ríkisins (TR) fyrir Norðurland eystra, því gefa þessar tölur ekki raunhæfa mynd af fjölda einstaklinga á þjónustusvæðinu.

Þeir sem sækja þjónustu til félagsþjónustu þjónustusvæða byggðasamlagsins samkvæmt lögum um málefni fatlaðra, þurfa að vera metnir til örorku til lengri eða skemmri tíma. Á skrá hjá þjónustusvæðunum eru um 130 einstaklingar með fötlun sem njóta þjónustu af einu eða öðru tagi. Meginþungi í starfseminni, bæði hvað varðar fjármagn og fjölda starfsmanna, felst í starfrækslu heimila þar sem fatlað fólk býr og nýtur daglegrar þjónustu, sem og starfspjálfunar- og hæfingarstöðva og skammtíma vistar.

Ég vænti þess að ársskýrslan varpi ljósi á hina umfangsmiklu og fjölbættu starfsemi sem fram fer á þjónustusvæðinu að hálfu byggðasamlags og sveitarfélaga. Starfsemin er að öllu jöfnu ekki fyrirferðarmikil í daglegu lífi þorra almennings, enda í eðli sínu hljóðlát og að jafnaði stendur ekki um hana neinn styr. Það eru um 70 – 80 starfsmenn sem koma að þjónustunni með einum eða öðrum hætti og reksturinn losaði um 390 m.kr. á árinu. Þjónustuúrræði vegna búsetu, hæfingar og atvinnumála héldust nánast óbreytt milli ára.

Árið 2010 einkenndist af undirbúningi flutnings málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga þann 1. janúar 2011. Ákveðið var að hálfu aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins að halda áfram með samstarf innan byggðasamlags ásamt því að útvíkka samstarfið þar sem Bæjarhreppur, Fjallabyggð v/Ólafsfjörður og Dalvíkurbyggð komu að samstarfinu um áramótin.



Sumarfríð saman. Mynd GSG.

Á landsvísu var horft til áratuga farsæls samstarfs og skipulag byggðasamlagsins, tekið var á móti mörgum hópum frá sveitarfélögum og Svæðisskrifstofum sem kynntu sér uppbyggingu, fyrirkomulag þjónustu og samstarf ásamt reynslu af samþættingu þjónustunnar. Einnig tók verkefnisstjóri þátt í nokkrum ráðstefnum um sama málefni og miðlaði af reynslu og fyrirkomulagi.

Í framhaldi af ákvörðun um yfirfærslu málaflokksins til sveitarfélaga fór fram uppgjör í lok árs á þjónustusamningi við Velferðarráðuneytið. Af hálfu beggja aðila var sátt um verklok, fjármagn, þjónustu og samstarf sl. 11 ár. Vil ég nota tækifærið og þakka aðilum fyrir samstarf sem hefur verið farsælt og mátulega formlegt.

Ég vil að lokum þakka sveitarfélögum og starfsmönnum þeirra fyrir árangursríkt og gott samstarf á árinu 2010 og þeirra mikilvæga þátt í uppbyggingu og þróun þjónustunnar.

Framtíðarsýn byggðasamlagsins er að veita heildstæða og samþætta þjónustu í heimabyggð eftir þörfum hvers og eins, þá bestu í landinu. Með það að leiðarljósi viljum við stuðla að bættri þjónustu við fatlað fólk og auknum lífsgæðum þess.

*Með kveðju,
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir verkefnisstjóri.*

Hlutverk og markmið

Byggðasamlag um málefni fatlaðra Norðurlandi vestra hefur verið með samning við félagsmálaráðuneytið um veitingu þjónustu skv. lögum um málefni fatlaðra frá 1. apríl 1999. Þjónustusamningurinn var endurnýjaður í þriðja sinn í desember 2006 til 6 ára eða til ársloka 2012.

Byggðasamlagið tekur að sér að veita fötludum á starfssvæði sínu þá þjónustu sem svæðisskrifstofu málefna fatlaðra ber að veita samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra og reglugerðum sem settar hafa verið samkvæmt ákvæðum í þeim lögum.

Meginmarkmið samningsins er að samþætta þjónustu við fatlaða í heimabyggð og fella hana eins og framast er unnt að starfsemi annarra þjónustuaðila; færa þjónustuna nær notendum og auðvelda þannig aðgang að henni. Þetta er gert með meiri skilvirkni, betri nýtingu fjármuna og auknum þjónustugæðum að leiðarljósi.

Starfssvæði

Í Byggðasamlaginu eru eftirtalin sveitarfélög: Húnaþing vestra, Húnavatnshreppur, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagaströnd, Blönduósþéttbýli, Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur og Fjallabyggð v/Siglufjarðar. Um starfsemi byggðasamlagsins gilda ákvæði 81-85. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

Á starfssvæði byggðasamlagsins eru fjögur þjónustusvæði: Húnaþing vestra, Austur-Húnavatnssýsla, Skagafjarðarsýsla og Fjallabyggð v/Siglufjarðar. Stjórn byggðasamlagsins gerði samning við þjónustusvæðin að annast þjónustu við fatlaða í sínu umboði.

Verkefnisstjóri

Verkefnisstjóri vinnur eftir erindisbréfi frá stjórn byggðasamlagsins. Starf verkefnisstjóra er fjölþætt en skipta má því í þrjá meginþætti: umsjón og eftirlit með framkvæmd þjónustusamnings um málefni fatlaðra, leiðbeiningar um framkvæmd þjónustunnar og skýrslugerð vegna starfseminnar.

Þjónustuhópur

Þjónustuhópur er faglegur ráðgjafarhópur um málefni fatlaðra og starfar eftir erindisbréfi frá stjórn. Í þjónustuhópnum eiga sæti félagsmálastjórar á starfssvæðinu, framkvæmdastjóri SSV og verkefnisstjóri. Formaður svæðisráðs um málefni fatlaðra Norðurlandi vestra á rétt á setu á fundum þjónustuhóps með tillögurétt og málfrælsi. Er þannig uppfyllt upplýsingaskylda til svæðisráðsins. Hlutverk þjónustuhóps er að vera stjórn til ráðgjafar og upplýsinga hvað varðar málefni fatlaðra ásamt því að gera tillögur um uppbyggingu og þróun þjónustunnar á starfssvæði byggðasamlagsins.

Félagsmálastjórar



SIGLUFJÖRÐUR
Hjörtur Hjartarson



HÚNAÞING VESTRA
Henrike Wappler



SKAGAFJÖRÐUR
Gunnar Sandholt



FORMAÐUR
SVÆÐISRÁÐS
Guðrún Árnadóttir
Siglufirði



AUSTUR HÚNAVATNSSÝSLA
Auður Herdís Sigurðardóttir

Þjónustuhópur. Þjónustuhópur fundaði 11 sinnum á starfsárinu. Í tengslum við fundina er farið í vettvangsferðir á þjónustusvæðunum. Umsóknir um styrki og nýtingu fastra framlaga úr Framkvæmdasjóði fatlaðra fara fram í þjónustuhópnum. Föst framlög úr Framkvæmdasjóði eru annars vegar styrkir til verkfæra- og tækjakaupa og námskostnaðar og hins vegar til endurnýjunar á búnaði heimila og þjónustustofnana. Framlög úr Framkvæmdasjóði eru 4m. kr. á ári. Úthlutun ársins, sjá á töflu 1.

Tafla 1.

Fjárfestingarframlög	Húnapiing	Austur – Hún	Skaga-fjörður	Fjalla-byggð	Samtals 2010
Iðja -hæfing	152.302			144.000	296.302
Leikfangasafn				86.142	86.142
Sambýli og skammtíamavistun	381.598	567.075	642.652	59.153	1.650.478
Verkfæra og tækja- og námskostnaður	375.256		617.126	74.906	1.067.288
	909.156	567.075	1.259.778	346.201	3.100.210

Svæðisráð um málefni fatlaðra. Verkefnisstjóri vinnur náið með svæðisráði um málefni fatlaðra en svæðisráð á m.a. að hafa eftirlit með að starfsemin sé samkvæmt lögum. Samstarfið er með miklum ágætum og hefur skipt miklu máli í eftirfylgni og

framgangi þjónustu og verkefna. Svæðisráð hefur á að skipa trúnaðarmanni fatlaðra sem vinnur að hagsmunagæslu fatlaðra. Eru svæðisráði og trúnaðarmanni fatlaðra færðar bestu þakkir fyrir samstarfið.

Fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun næsta árs er unnin í ágúst og lögð fram til kynningar og samþykktar á ársþingi SSNV ár hvert. Stjórn SSNV leggur fram áætlun með fyrirvara um að endanlegar fjárveitingar frá ríkinu liggja ekki fyrir og óskar eftir tillögum frá þjónustuhópi um breytingar á fjárhagsáætlun í byrjun árs, þar sem tekið er tillit til fjárveitinga ríkisvaldsins, bæði vegna launamats og ákvarðana um ný verkefni.


Fjárframlög ríkisins fyrir árið 2010 voru 400,3 m.kr. þ.a. 4 m.kr. vegna endurnýjunar búnaðar. Fjármálaráðuneytið gerði kröfu um hagræðingu í rekstri málefna fatlaðra á landsvísi, sem þýddi 10,2 m.kr. hagræðingu á starfssvæði byggðasamlagsins. Þjónustuhópur vann ýtarlega áætlun um leiðir til hagræðingar fyrir stjórn SSNV. Áætlun ársins gerði ráð fyrir að heildarútgjöld yrðu 389,8 m.kr.

Ársreikningur. Eins og fram kemur í ársreikningi SSNV var niðurstaða ársins jákvæð um samtals 15.984 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eftirstöðvar óráðstafaðra framlaga námu í árslok 108.079 þús. kr.

Kostnaðarskipting meginþátta starfseminnar

Eftirtaldir þættir valda meginhluta útgjalda í % talið

Tafla 2.



Launakostnaður er langstærsti kostnaðarliðurinn. Að meðaltali eru laun 94% af heildarrekstrarkostnaði og er það svipað hlutfall og undangengin ár.

Starfsmenn. Starfsmenn aðrir en verkefnisstjóri byggðasamlagsins eru ráðnir af sveitarfélögunum. Um starfsmannamál gilda því reglur viðkomandi sveitarfélags/þjónustusvæðis.

Sveitarfélögin fara með allar stjórnunarheimildir gagnvart starfsmönnum, gera við þá ráðningarsamninga, sjá um afgreiðslu launa og standa skil á lögbundnum greiðslum, lífeyrissjóðsgreiðslum og iðgjöldum til stéttarféлага. Starfsmenn sem ráðnir eru til starfa skulu skv. stefnu byggðasamlagsins að jafnaði hafa menntun sem nýtist í starfi. Í þeim stóra hópi sem starfar að málefnum fatlaðra er fólk með margvíslega menntun og reynslu. Nefna má menntun á sviði þroska- og iðjuþjálfunar, kennslu, félagsráðgjafar, sálfræði og fólk sem lokið hefur félagsliða – og stuðningsfulltrúanámi. Áhersla er lögð á að halda árlega sameiginlega starfsdaga þar sem farið er yfir stefnur og unnin starfsáætlun. Slíkir starfsdagar voru haldnir í Ólafsfirði í október.

Þjónustusvæði - verkefni

SIGLUFJÖRÐUR

Ráðgjöf - félagsþjónustan, Gránugötu 24.

Stöðugildi 1, þjónusta við fullorðna, börn, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

Stöðugildi 1, atvinna með stuðningi.

Sambýli Lindargötu 2

Sambýli með sólahringsþjónustu, leigjendur eru 5 stöðugildi eru 7,30. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Iðja / dagvist Suðurgötu 4

Notendur eru 15, stöðugildi starfsmanna eru 2. Húseignin er í leiguhúsnaði.

Þjónustuíbúð Lindargötu 2

Stúdíóíbúð, einn leigjandi. Þjónusta veitt frá sambýli. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

SKAGAFJÖRÐUR

Ráðgjöf - fjölskylduþjónustan, Ráðhúsinu.

Stöðugildi 0,5 þjónusta við börn, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

Stöðugildi 0,5 þjónusta við fullorðna og aðstandendur.

Stöðugildi 0,75, atvinna með stuðningi.

Sambýli Fellstúni 19, Sauðárkróki

Sambýli með sólahringsþjónustu, leigjendur eru 6 stöðugildi eru 8,5. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Þjónustuíbúðir Kleifatún 17 – 25, Sauðárkróki

Fimm íbúðir í tveim húsum með starfsmannaaðstöðu. Sólarhringsþjónusta, leigjendur eru 5. Stöðugildi eru 4,15. Húsnæðið er leiguhúsnæði í eigu Húsbyggingasjóðs Þroskahjálpar.

Þjónustuíbúðir Freyjugötu 18, Sauðárkróki

Fjórar einstaklingsleiguíbúðir, kvöld og helgarþjónusta. Stöðugildi 1,1. Húsnæðið er í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Hæfing / iðja Aðalgötu 21, Sauðárkróki

Notendur eru 12, stöðugildi starfsmanna eru 4. Húseignin er í leiguhúsnæði í eigu Kaupfélags Skagfirðinga.

Skammtí mavistun Grundarstíg 22, Sauðárkróki

Þjónar öllu starfssvæði byggðasamlagsins. Stöðugildi eru 4,6. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra. Fjöldi einstaklinga í dvöl á hverjum tíma er 1 – 4. Fjöldi dvalarsólarhringa á árinu var samtals 839. Fjöldi einstaklinga sem nýttu sér þjónustu á árinu voru 12, þar af voru 3 fullorðnir.

Félags- og skólaþjónusta A - Hún

Ráðgjöf – félags- og skólaþjónustan, Flúðabakka 2 Blönduósi.

Stöðugildi 0,5 þjónusta við börn, aðstandendur og fjölskyldur þeirra.

Stöðugildi 0,4 þjónusta við fullorðna og aðstandendur þeirra.

Félags- og skólaþjónustan sinnir þjónustu við börn og aðstandendur í Húnaþingi vestra.

Sambyli Skúlabraut 22, Blönduósi

Sambyli með sólarhringsþjónustu, leigjendur eru 4, stöðugildi eru 7. Húseignin er í eigu Framkvæmdasjóðs fatlaðra.

Hæfing / iðja Sunnubraut 4, Blönduósi

Notendur eru 4, stöðugildi starfsmanna eru 1. Húseignin er í leiguhúsnæði í eigu Búrfjöll ehf.

HÚNAÞING VESTRA

Ráðgjöf - félagsþjónustan, Ráðhúsinu.

Stöðugildi 0,4 þjónusta við fullorðna og aðstandendur þeirra.

Sambyli Grundartúni 10 – 12, Hvammstanga

Sambyli, fjórar einstaklingsíbúðir og ein stúdíóíbúð með sólarhringsþjónustu, leigjendur eru 5 stöðugildi eru 6. Húseignin er leiguhúsnæði í eigu sveitarfélagsins.

Hæfing / iðja Brekkugötu 14, Hvammstanga

Notendur eru 4, stöðugildi starfsmanna er 1. Húseignin er í leiguhúsnæði í eigu einstaklings.

Helstu verkefni

Ráðgjöf

Félagsþjónusta sveitarfélaga hlutast til um að stuðningur og ráðgjöf sé veitt fötluðum og aðstandendum þeirra, stuðlar að því að veitt sé félagsráðgjöf og sálfræðiþjónusta. Sama gildir um stuðning og ráðgjöf til starfsfólks sem veitir fötluðum þjónustu.

Leiðarljós við uppbyggingu þjónustu við börn og fullorðna innan sveitarfélaga á Norðurlandi vestra er að koma á sveigjanlegu og skilvirku skipulagi og persónulegri þjónustu innan félags-, skóla- og frístundaþjónustu. Þjónustan sé veitt innan heimils, í skóla, vinnu eða frístundum. Ráðgjöfin sé skilvirk og á ábyrgð fárra aðila, sérfræðipækking fjölþætt og áhersla lögð á þverfagleg vinnubrögð. Veitt er ráðgjöf eftir þörfum til stofnana sem veita fötluðum þjónustu og skipulögð er þátttaka í ráðgjafateyrum.

Þjónusta þessi er skipulögð á hverju þjónustusvæði fyrir sig miðað við aðstæður.

Þjónusta við börn 0 – 17 ára og fjölskyldur þeirra

Lög um málefni fatlaðra kveða á um ýmiss konar sértæka þjónustu til handa fötluðum börnum og foreldrum þeirra til viðbótar almennri félags-, fræðslu- og heilbrigðisþjónustu. Meginþættir þjónustunnar eru skammtímavistun og þjónusta stuðningsfjölskyldna en auk þess er í boði ráðgjöf og leiðbeiningar, meðal annars varðandi félagsleg réttindamál.

Foreldrar barna sem búa við frávík í proska eða fötlun eiga rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun ríkisins (TR) vegna umönnunar barna sinna. Svonefndar umönnunargreiðslur eru fjárhagsleg aðstoð, beinar skattfrjálsar greiðslur, til foreldra barna sem glíma við fötlun, alvarlega proska- eða hegðunarröskun eða langvinn veikindi og kostnaður vegna þess er umtalsverður. Félagsþjónustur taka þátt í að meta aðstæður og gera tillögur til TR í samræmi við verklagsreglur þar að lútandi.

Stuðningsfjölskyldur

Fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur til að létta álagi af fjölskyldum. Starfsmenn félagsþjónustunnar sjá um að útvega stuðningsfjölskyldu, gera samninga við hana, skipuleggja dvöl barnsins og veita upplýsingar . Stuðningsfjölskyldan hefur barnið hjá sér að jafnaði í tvo til þrjá sólarhringa í mánuði og ber ábyrgð á velferð þess meðan á dvölinni stendur. Allt er þetta gert í nánú samstarfi við foreldra.

Skammtímavistun Grundarstíg 22, Sauðárkróki

Skammtímavistun þjónar öllu starfssvæði byggðasamlagsins, en reksturinn er á ábyrgð Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Þjónusta skammtímavistunar er ætlað að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og stuðla með þeim hætti að því að börn geti búið sem lengst í heimahúsum. Þá er skammtímavistun jafnfram ætlað að veita fötluðum ungmennum og fullorðnum, sem búa í heimahúsum, tilbreytingu og búa þá undir að flytjast úr foreldrahúsum.

Starfsmenn félagsþjónustu annast umsóknir um skammtímavistun og veita foreldrum og aðstandendum barna / fullorðinna í skammtímavistun ráðgjöf og stuðning ef með þarf. Fjöldi einstaklinga í vistun á hverjum tíma er 1 – 4.

Lengd viðvera fatlaðra grunnskólabarna

Byggðasamlagið tók að sér að framfylgja samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um lengda viðveru fatlaðra grunnskólabarna á aldrinum 10 – 16 ára.

Samkomulagið gildi um árin 2009 og 2010. Samtals lögðu ríki og sveitarfélög fram um 120 m.kr. hvort árið. Byggðasamlagið fékk 2,5 m.kr. til úthlutunar sem er greiðsluþátttaka ríkisins.

Sveitarfélög sem buðu upp á lengda viðveru fyrir fötluð grunnskólabörn í 5. – 10. bekk gátu óskað eftir greiðsluþátttöku ríkisins til byggðasamlagsins. Umsóknir bárust frá Skagafirði og Siglufirði. Allar umsóknirnar voru samþykktar og var greiðsluþátttaka ríkisins 1,6 m.kr. sem er 50% af heildarkostnaði sveitarfélaga við að veita þjónustuna.

Þjónusta vegna hæfingar, starfsþjálfunar og atvinnu

Þjónusta vegna atvinnu og hæfingar snýr annars vegar að fólki sem hefur verulega skerta starfshæfni og er í hæfingu eða dagvist og hins vegar að fólki sem er betur í stakk búið til þess að starfa á almennum vinnumarkaði, ef til vill í framhaldi af starfsþjálfun.

Iðja /dagvist - hæfing

Á Hvammstanga, Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði eru starfræktar hæfingarstöðvar og dagvistarúrræði. Markmiðið er að veita proskapþjálfun, iðjupþjálfun og/eða starfsþjálfun.

Áhersla er lögð á félagslega hæfingu og endurhæfingu í þeim tilgangi að draga úr áhrifum fötlunar, auka hæfni fatlaðra til starfa og þátttöku í daglegu lífi ásamt því að gefa þjónustuþegum kost á að sækja dagþjónustu við hæfi utan heimilis. Um er að ræða margþætta þjálfun/örvun, félagslega, andlega og líkamlega.

Þau verkefni sem skila tekjum, sem eru nokkur hafa skilað sér til þeirra sem starfa í iðjunum. Verkefni eru m.a. pökkun á skrúfum og smáhlutum, póstdreifing, sala á happdrættis almanaki, álíming á spjöld, hnýttir krókar, götun á pappa fyrir prentsmiðju, innpökkun á plastpokum, pappírs-tæting og trévinna. Verkefnin eru nánast að öllu leyti unnin fyrir fyrirtæki á þjónustusvæðunum.



Gleði og gaman. Mynd GSG.

Sem dæmi um félags- hreyfi- og líkamspjálfun má nefna sjúkrapjálfun, sund, reiðþjálfun, dagsferðir, skipulagðar gönguferðir, líkamstjáning og söng. Samvinna er við sjúkrapjálfa á svæðunum.

Atvinna með stuðningi

Byggðasamlagið hefur um árabil stuðst við ákveðna hugmyndafræði við að aðstoða fatlað fólk til að fá störf á almennum vinnumarkaði. Nefnist hún Atvinna með stuðningi (skammstafað AMS) og felur í sér aðferðir sem komnar eru erlendis frá en hafa einnig verið próaðar og felldar að aðstæðum hér á landi. AMS er ekki nefnt beinlínis í lögum eða reglugerð en byggir í lagalegu tilliti á eftirfarandi ákvæði í lögum um málefni fatlaðra:

Veita skal fötludum aðstoð til að sinna störfum á almennum vinnumarkaði þegar þess gerist þörf. Skal það gert með sérstakri liðveislu á vinnustað, svo og fræðslu og leiðbeiningum til annars starfsfólks.

Unnið er markvisst að því að fólk með fötlun sem þess óskar komist til starfa á almennum vinnumarkaði. Í Skagafirði og á Siglufirði eru sérstakir starfsmenn sem sinna því starfi. Með verkstjórn, starfspjálfun og sérstakri liðveislu er fólki með fötlun veittur nauðsynlegur stuðningur til að aðlagast í starfi og ná góðum tókum á vinnuverkefnum.

Möguleiki er á gerð vinnusamninga milli Tryggingastofnunar ríkisins og atvinnurekanda um ráðningu til starfs einstaklinga sem njóta örorkubóta og eru nokkrir slíkir samningar í gangi.

Einnig er möguleiki á starfspjálfun – reynsluráðningu á vegum Vinnumálastofnunar þar sem hugsanlegt er að byrja með starfskynningu í 2 vikur.

Með lögum um vinnumarkaðsaðgerðir frá árinu 2006 var ákveðið að atvinnumál fatlaðra færðust til Vinnumálastofnunar. Stofnunin mun þá annast mat á hæfni og atvinnuleit fyrir fatlað fólk enda þykir eðlilegt að atvinnumálum fatlaðs fólks sé skipað

með atvinnumálum almennt. Þess er að vænta að AMS flytjist til Vinnumálastofnunar, en ekki liggur fyrir hvenær það verður.

Búsetupjónusta

Unnið er eftir stefnu stjórnvalda og byggðasamlagsins varðandi stuðning við fatlað fólk í búsetumálum. Fatlað fólk skal eiga kost á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er.

Unnið er eftir þeirri stefnu að búsetupjónustan sé skipulögð og veitt á einstaklingsforsendum þar sem horft er til möguleika einstaklingsins til að hafa áhrif á eigið líf, njóta einkalífs, búa við öryggi, njóta félagslegs samneytis og njóta lífsfyllingar.

Fram kemur í verkefnum þjónustusvæða að rekin eru fjögur sambýli og tíu þjónustuíbúðir á þjónustusvæðunum ásamt því að veitt er samþætt þjónusta þ.e. liðveisla, frekari liðveisla og heimaþjónusta til einstaklinga.

Sambýli

Sambýli eru heimili fámennra hópa fatlaðra, að jafnaði 18 ára og eldri, sem halda heimili saman gegnum heimilissjóð og þarfnast að jafnaði nærveru starfsmanns. Íbúum skal veitt sú þjónusta sem nauðsynleg er til að efla sjálfstæði þeirra og færni og eiga rétt á stuðningi og leiðsögn í öllu sem varðar persónulega hagi og heimilisrekstur. Þar er veitt sérhæfð þjónusta, þjálfun og umönnun.

Frekari liðveisla

Í lögum um málefni fatlaðra er greint á milli hugtakanna liðveislu og frekari liðveislu. Hið fyrri lýtur að því að sveitarfélög skuli „eftir föngum gefa fötluðum kost á liðveislu. Með liðveislu er átt við persónulegan stuðning og aðstoð sem einkum miðar að því að rjúfa félagslega einangrun, t.d. aðstoð til að njóta menningar og félagslífs." Hið síðara er skilgreint þannig :

Í sérstökum tilvikum skal veita fötluðum einstaklingum frekari liðveislu sem felur í sér margháttada aðstoð við ýmsar athafnir daglegs lífs, enda sé hún nauðsynleg til að koma í veg fyrir dvöl á stofnun.

Frekari liðveisla er einstaklingsbundin og er veitt fullorðnum einstaklingum til aðstoðar við ýmsar athafnir daglegs lífs s.s. búsetu.

Af hálfu byggðasamlagsins er reiknað með að þáttur sveitarfélags í stuðningi við búsetu (liðveisla og heimaþjónusta) sé um 40% af kostnaði á móti 60% kostnaði frekari liðveislu og tekur þjónustan og fjárhagsáætlun byggðasamlagsins mið af því.

Sú þróun hefur verið síðustu ár að aukin áhersla hefur verið lögð á að fatlaðir eigi

rétt á eigin heimili í samræmi við óskir sínar og þarfir og hefur þjónusta við sjálfstæða búsetu aukist samhlíða því.

Þjónustuíbúðir

Í þjónustuíbúðum er að jafnaði gert ráð fyrir að íbúar séu nokkuð sjálfstæðir. Ekki er gert ráð fyrir fastri viðveru starfsfólks. Íbúar fá þjónustu í formi félagslegrar heimaþjónustu, heimahjúkrun frá heilsugæslu og frekari liðveislu sé hennar þörf. Níu þjónustuíbúðir eru á Sauðárkróki og tvær íbúðir á Siglufirði.



Litróf samfélagsins. Mynd.GSG.

Mat á þörf fatlaðs fólks fyrir stuðning

Mat á stuðningsþörf (SIS) var lagt fyrir fatlaða einstaklinga í skilgreindum búsetuúræðum á landsvísi. Byggðasamlagið tók þátt í þessu verkefni með samningi við Grein- ingar- og ráðgjafastöð ríkisins. Markmið verkefnisins var tvíþætt, annarsvegar að staðalbinda matskerfið svo nota megja það til að meta stuðningsþörf fatlaðra hérlandis og hins vegar til að taka saman upplýsingar í aðdraganda yfirfærslunnar. 54 notendur búsetuþjónustu á öllu starfssvæði byggðasamlagsins tóku þátt í þessu verkefni.

Fullorðinsfræðsla fatlaðra

Farskólinn miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra hefur verið með samning við Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaðra, að sinna fræðslu á starfssvæðinu. Árið 2010 veitti Fjölmennt Farskólanum eina milljón króna til námskeiðahalds samkvæmt samn- ingi. Í samráði við byggðasamlagið voru haldin fjögur námskeið á vorönn 2010 og þrjú námskeið á haustönn 2010. Þátttakendur voru samtals 44. Kennslustundir voru 147 og nemendastundir voru 980. Námskeiðin voru haldin á Hvammstanga, Sauðár- króki og Siglufirði.

Styrkir

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðra er heimilt að veita fötluðu fólki 18 ára og eldra styrk til verkfæra- og tækjakaupa eða aðra fyrirgreiðslu vegna heimavinnu eða sjálfstæðrar starfsemi að endurhæfingu lokinni.

Samkvæmt sömu lögum getur fatlað fólk 16 ára og eldra sótt um styrk til að mæta sérstökum kostnaði vegna náms. Hugmyndin að baki því ákvæði er, að einsýnt er að menntun af ýmsu tagi getur auðveldað fötluðu fólki að hasla sér völl í atvinnulífinu.

Byggðasamlagið annast afgreiðslu ofangreindra styrkja og fær til þess ákveðna upp- hæð á fjárlögum. Auglýst er og umsóknir afgreiddar einu sinni á ári.

Á árinu var úthlutað styrkjum að upphæð kr. 1.067.288.

Tölulegar upplýsingar

Hér má sjá samantekt tölulegra upplýsingar um stærstu þjónustupættina, fjölda einstaklinga, fjölda tíma og sólarhringa. Þetta eru ekki lýsandi tölur um alla þjónustupætti sem veittir eru, má þar m.a. nefna ráðgjöf sem er stór þáttur í þjónustu við fatlaða, aðstandendur og starfsfólk.

Sambýli og þjónustuíbúðir

Sambýlin eru fjögur og íbúar eru 23, þar er veitt sólarhringsþjónusta og er þjónustupörf íbúanna, þjónustuflokkar 5 – 7. Þjónustuíbúðir sem falla undir þessa töflu eru átta og íbúar eru átta.

Íbúar á sambýlum fá mismikla félagslega þjónustu og mótast það m.a. af mati á þörf, reglum sveitarfélagana um félagslega liðveislu og hvernig til tekst að ráða fólk til starfa. Talið er í klst. á viku. Sjá töflu I.

Tafla 1. Búseta á sambýlum.

Einstaklingar	Þjónustuflokkur	Félagsleg liðveisla
0	1	0
0	2	0
1	3	1,69
0	4	0
8	5	1,68
9	6	12,69
12	7	2,69
31		19,02

Einstaklingar í sjálfstæðri búsetu

Einstaklingar í sjálfstæðri búsetu eru 35. Húsnæðið er í eigu einstaklinganna sjálfra, almennar leiguíbúðir, leiguíbúðir sveitarfélaga, ein íbúð er í eigu Framkvæmdasjóðs, einnig eru nokkrir sem búa hjá aðstandendum. Þjónusta er veitt í formi almennrar heimaþjónustu, frekari liðveislu og heimahjúkrunar. Breyting er á samantekt milli ára, einstaklingar sem féllu undir sjálfstæða búsetu eru nú í töflu II.

Talið er í klst. í viku. Sjá töflu II.

Tafla II. Fjöldi fatlaðra í sjálfstæðri búsetu.

Einstaklingar	Þjónustuflokkur	Frekari liðveisla	Félagsleg liðveisla og heimaþjónusta	Heima-hjúkrun
9	1	11	8	1
9	2	24	16	11
10	3	33	11	16
3	4	6	4	0
4	5	24	16	2
0	6	0	0	0
0	7	0	0	0
35		98	56	30

Börn með umönnunarbætur

Börn með umönnunarbætur í 1. 2. og 3. flokki skv. mati Tryggingastofnunar ríkisins eru 33. Stoðþjónustan er veitt í formi stuðningsfjölskyldu og skammtíavistunar. Talið er í sólarhringum í mánuði. Sjá töflu III.

Tafla III. Fjöldi fatlaðra barna með umönnunarbætur skv. mati TR.

Einstaklingar	Þjónustuflokkur	Skammtíavistun	Stuðningsfjölsk.
1	1	7,25	0
15	2	32,31	15
17	3	7,66	0
33		47,22	15

Fjöldi fatlaðra í iðju / dagvist og / eða vinnu

Einstaklingar sem sækja þjónustu iðju / dagvist og/eða atvinnu með stuðning eru 59 þar af eru 35 í iðju / dagvist og 24 eru með atvinnu með stuðningi. Átta einstaklingar stunda hvorutveggja iðju / dagvist og atvinnu með stuðning. Talið er í klst. í viku. Sjá töflu IV.

Tafla IV. Fjöldi fatlaðra í dagvistun eða vinnu.

Einstaklingar	Þjónustuflokkur	Vinna	Iðja/dagvistun
7	1	190	0
7	2	120,5	60
5	3	43	34
1	4	8	0
13	5	40	130
12	6	3	197,5
14	7	6	212
59		410,5	633,5

SSNV, málefni
fatlaðra
Ársreikningur 2010

SSNV, málefni fatlaðra
Höfðabraut 6
530 Hvammstangi

kt. 541292-2419

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið heitir SSNV, málefni fatlaðra. Á árinu 2006 var endurnýjaður samningur við ríkið og var þann 19. desember 2006 undirritaður þjónustusamningur við félagsmálaráðuneytið. Félagsmálaráðuneytið skuldbindur sig til að leggja fram tæplega 2.000 millj. kr. til byggðasamlagsins frá 1. janúar 2007 til 31. desember 2012. SSNV, málefni fatlaðra tekur að sér að veita fötluðum börnum og fullorðnum á starfssvæði sínu þá þjónustu sem er á ábyrgð ríkisins samkvæmt lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra.

Niðurstaða ársins var jákvæð um samtals 15.984 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eftirstöðvar óráðstafaðra framlaga námu í árslok 108.079 þús. kr.

Stjórn SSNV, málefni fatlaðra og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Hvammstanga, 8. apríl 2011

Stjórn:

Bjarni Yon
Guðjónsson.
Sigrún
Hólmur Þórunn
Hólmur H. Benediktsson

Framkvæmdastjóri:

Jon Óskar Petursson

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn SSNV, málefni fatlaðra

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SSNV, málefni fatlaðra fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 8. apríl 2011

KPMG ehf.

Kristján Jónsson
Ragna Þrúna Þórtardóttir

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn SSNV málefni fatlaðra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2010 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hvammstanga, 8. apríl 2011

Guðrún Ragnarsdóttir
Margrét Þórhildur

Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrartekjur:			
Framlög ríkissjóðs samkvæmt samningi		396.300.000	382.600.000
Framkvæmdasjóður fatlaðra		4.000.000	4.000.000
Aðrar tekjur		563.934	9.373.017
		<u>400.863.934</u>	<u>395.973.017</u>
Rekstrargjöld:			
Rekstrarframlög		374.141.124	381.500.760
Laun og launatengd gjöld	2	6.585.437	6.387.417
Sameiginlegur kostnaður		7.785.485	4.877.908
Rekstur sambyla í útleigu	3	(97.670)	(690.003)
Fjárfestingarframlög		3.100.210	6.173.909
		<u>391.514.586</u>	<u>398.249.991</u>
Óráðstöfuð framlög (ráðstöfuð umfram framlög)		9.349.348	(2.276.974)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		8.201.366	14.367.469
Fjármagnstekjuskattur		(1.476.240)	(1.788.728)
Vaxtagjöld		(90.682)	(168.190)
		<u>6.634.444</u>	<u>12.410.551</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	4,6	<u>15.983.792</u>	<u>10.133.577</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Aðrar viðskiptakröfur		12.919.110	2.784.953
Handbært fé		110.073.470	94.305.735
Veltufjármunir samtals		<u>122.992.580</u>	<u>97.090.688</u>
Eignir samtals		<u>122.992.580</u>	<u>97.090.688</u>
 Óráðstöfuð framlög ársins			
Óráðstöfuð rekstrarframlög		97.979.198	82.895.196
Óráðstöfuð framlög Framkvæmdasjóðs		10.099.852	9.200.062
Eigið fé samtals	5,6	<u>108.079.050</u>	<u>92.095.258</u>
 Skammtímaskuldir			
Skuld við tengda aðila		1.262.886	1.008.193
Viðskiptaskuldir		6.820	870.901
Aðrar skammtímaskuldir		13.643.824	3.116.336
Skammtímaskuldir samtals		<u>14.913.530</u>	<u>4.995.430</u>
Skuldir samtals		<u>14.913.530</u>	<u>4.995.430</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>122.992.580</u>	<u>97.090.688</u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Rekstramiðurstaða ársins	5,6	15.983.792	10.133.577
Veltufé frá rekstri		<u>15.983.792</u>	<u>10.133.577</u>
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(	10.134.157)	1.649.341
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		9.918.100	(11.504.606)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(	216.057)	(9.855.265)
Handbært fé frá rekstri		<u>15.767.735</u>	<u>278.312</u>
Hækkun á handbæru fé		15.767.735	278.312
Handbært fé í ársbyrjun		94.305.735	94.027.423
Handbært fé í lok ársins		<u>110.073.470</u>	<u>94.305.735</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- b. **Innlaun tækna**
Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.
- c. **Fjárhagsáætlun**
Fjárhagsáætlun SSNV, málefni fatlaðra fyrir árið 2010 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2010	2009
Laun framkvæmdastjóra	5.387.520	5.360.520
Launatengd gjöld	1.197.917	1.026.897
	<u>6.585.437</u>	<u>6.387.417</u>

3. Rekstur sambýla í útleigu

Rekstur sambýla í útleigu greinast þannig:	2010	2009
Húsaleiga	3.360.645	3.522.343
Svf. Skagafjörður endurgreiðsla	11.548.784	0
Rekstrarkostnaður sambýla í útleigu	(14.811.759)	(2.832.340)
Rekstrar hagnaður af útleigu sambýla	<u>97.670</u>	<u>690.003</u>

4. Skuldbindingar

Í febrúar gerði félagið leigusamning um bifreiðina RB E65. Samningurinn gildir til 31.01.2011. Gjaldfærðar leigugreiðslur á árinu námu um 757 þús. kr.

5. Óráðstafað rekstrarframlag

Yfirlit um óráðstafað rekstrarframlag:	2010	2009
Staðan 1.1.2010	82.895.196	70.587.710
Óráðstöfuð framlög ársins	15.084.002	12.307.486
Staða 31.12.2010	<u>97.979.198</u>	<u>82.895.196</u>

6. Óráðstafað úr Framkvæmdasjóði

Yfirlit um óráðstafað úr Framkvæmdasjóði	2010	2009
Staðan 1.1.2010	9.200.062	11.373.971
Óráðstöfuð framlög ársins (ráðstöfun umfram framlög)	899.790	(2.173.909)
Staða 31.12.2010	<u>10.099.852</u>	<u>9.200.062</u>

Skýringar, frh.:

7. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2010	2009	2008	2007	2006
Rekstrartekjur	400.864	395.973	368.484	313.307	282.554
Rekstrargjöld	(391.515)	(398.250)	(325.900)	(328.609)	(267.138)
(Tap) hagnaður fyrir fjármagnsliði	9.349	(2.277)	42.584	(15.301)	15.416
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	6.634	12.411	7.690	6.001	3.265
Rekstrarniðurstaða ársins	15.984	10.134	50.274	(9.300)	18.681
Efnahagur:					
Veltufjármunir	12.919	2.785	4.434	257	383
Handbært fé	110.073	94.306	94.027	66.255	43.233
Eignir samtals	122.993	97.091	98.461	66.512	43.616
Eigið fé	108.079	92.095	81.962	31.687	40.988
Skammtímaskuldir	14.914	4.995	16.499	34.825	2.628
Eigið fé og skuldir samtals	122.993	97.091	98.461	66.512	43.616
Kennitölur:					
Handbært fé frá rekstri	15.768	278	27.773	23.022	28.540
Veltufjárhlutfall	8,2	19,4	6,0	1,9	16,6
Eiginfjárhlutfall	0,9	0,9	0,8	0,5	0,9

Ráðstöfun

	Húnaþings	Austur-Hún.	Skagafjarðar	Fjallabyggð	Samtals 2010	Samtals 2009
Rekstrarframlög.....	49.629.086	60.280.205	189.592.828	74.639.005	374.141.124	381.500.760
Fjárfestingarframlög:						
Framlög vegna iðju	152.302			144.000	296.302	1.497.233
Framlög samkvæmt 27. gr.	375.256		617.126	74.906	1.067.288	300.000
Framlög vegna leikfangasafns				86.142	86.142	133.073
Samþýli og skammtímaðvistun	381.598	567.075	642.652	59.153	1.650.478	4.243.603
	909.156	567.075	1.259.778	364.201	3.100.210	6.173.909

Sundurliðanir

	2010	2009
Laun og launatengd gjöld:		
Laun framkvæmdastjóra	5.387.520	5.360.520
Mótframlag í lífeyrissjóð	530.856	528.156
Tryggingagjald	571.518	398.884
Sjúkra- og orlofssjóður	95.543	99.857
	<u>6.585.437</u>	<u>6.387.417</u>
Sameiginlegur kostnaður		
Rekstur bifreiða	1.301.558	1.710.202
Pátttaka í skrifstofukostnaði SSNV	1.000.000	1.250.000
Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins	1.765.800	0
Fargjöld-, dvalar- og fundarkostnaður	1.163.805	236.487
Húsaleiga, rafmagn og hússjóður	556.336	559.945
Kostnaður vegna grunnskólabarna	982.470	0
Sími, burðargjöld og tölvuþjónusta	474.732	505.911
Pappír, prentun og bréfabindi	192.470	181.377
Aðkeypt sérfræðiþjónusta	143.064	109.150
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	116.598	8.770
Auglýsingar og kynningar	72.352	65.531
Dagpeningar	8.300	223.257
Gjafir og styrkir	8.000	800
Kaffistofa starfsfólks	0	4.158
Ýmislegt	0	22.320
	<u>7.785.485</u>	<u>4.877.908</u>
Ymsar skammtímaskuldir:		
Ógreidd staðgreiðsla	204.820	194.803
Fyrirfráminnheimtar tekjur vegna endurbóta ársins 2011	12.000.000	0
Ýmsir reikningar	1.439.004	2.921.533
	<u>13.643.824</u>	<u>3.116.336</u>



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA

NORÐURLAND VESTRA



Ársskýrsla Heilbrigðiseftirlits Norðurlandssvæðis vestra 2010

*Sigurjón Þórðarson
Sauðárkróki
Maí 2011*



Starfsskýrsla HNV 2010

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra var á árinu 2010 starfrækt á vegum sveitarfélaganna á Norðurlandi frá og með Siglufirði í Fjallabyggð í austri og vestur til Bæjarhrepps á Ströndum.

Allt frá því að íbúar Siglufjarðar og Ólafsfjarðar samþykktu í janúar 2006 að sameina sveitarfélögin, var ljóst að breyting yrði á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra. Ástæðan var sú að Siglufirðingar höfðu tekið þátt í samstarfi um rekstur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á meðan Ólafsfirðingar féllu undir starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra á Akureyri. Bæjarstjórn Fjallabyggðar tók þá ákvörðun síðla árs 2010 að vera áfram í samstarfi við sveitarfélögin á Norðurlandi vestra um starfrækslu Heilbrigðiseftirlitsins og stækkaði þá starfssvæði heilbrigðiseftirlitsins við þá ákvörðun og nær einnig til Ólafsfjarðar.

Það var ekkert launungarmál að vera Fjallabyggðar innan Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra mun skipta máli fyrir rekstur embættisins. Með tilkomu Ólafsfjarðar munu tekjur embættisins vaxa sem skapar svigrúm til þess að ráða í hlutastarf á vegum Heilbrigðiseftirlitsins í Fjallabyggð.

Verkefni heilbrigðiseftirlitsins snúa að fjölmörgum þáttum undir yfirstjórn tveggja ráðuneyta, umhverfisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins.

Þeir þættir sem lúta yfirstjórn umhverfisráðuneytisins eru einkum á sviði umhverfismála, hollustuhátta og öryggismála. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra fer með yfirstjórn matvælapáttarins. Tvær ríkisstofnanir sjá um samræmingu og yfirumsjón með samræmingu heilbrigðiseftirlitsins og er það annars vegar Umhverfisstofnun (UST) sem heyrir undir umhverfisráðherra og hins vegar Matvælastofnun (MAST) sem heyrir undir sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra hefur átt ágæta samvinnu við framangreindar stofnanir og þó einkum Umhverfisstofnun þar sem haldnir hafa verið reglulegir samráðsfundir með yfirstjórn stofnunarinnar. Sömuleiðis hafa heilbrigðisfulltrúar á Norðurlandi vestra verið virkir í faglegum samráðshópum s.s. Steinunn Hjartardóttir í efnavörðugrópi og Sigríður Hjaltadóttir í hollustuháttarhópi. Þessi nána samvinna er mikilvæg til þess að sjónarmið sem snerta ýmsa atvinnustarfsemi og þætti sem mikil-

vægir eru dreifbýlinu, skili sér inn í Umhverfisstofnun sem sér um samræmingu og útfærslu á reglugerðum og starfsleyfisskilyrðum. Sigurjón Þórðarson situr í stjórn Samtaka Heilbrigðiseftirlitssvæða SHÍ, sem er málsvari og tengiliður heilbrigðiseftirlitssvæðanna í málum sem varða heilbrigðiseftirlit í landinu. SHÍ er m.a. í samskiptum við Samband íslenskra sveitarfélaga, ráðuneyti og stofnanir ríkisins s.s. Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. SHÍ beitir sér fyrir samræmdum viðmiðum og vinnubrögðum heilbrigðiseftirlitssvæðanna t.d. er varðar gjaldskrár og gildistíma starfsleyfa. Heilbrigðiseftirlitið tók þátt í könnun um öryggi og hreinlæti á sundstöðum og einnig um öryggismál og aðbúnað á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Afrakstur þessarar vinnu má sjá á vef Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

Stjórnvöld hafa markað þá stefnu að flytja sem mest af verkefnum frá ríki til sveitarfélaganna. Einhverra hluta vegna hefur verið ákveðin tregða að flytja það eftirlit sem ríkisstofnanir fara með í héraði, með ákveðnum fyrirtækjum, til sveitarfélaganna. Dæmi eru jafnvel um að verkefni hafi verið flutt frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga s.s. eftirlit með mjólkurstöðvum frá heilbrigðiseftirliti til ríkisstofnana. Sama á við um eftirlit með kjötvinnslum en fá efnisleg rök hafa verið færð fyrir þessum breytingum sem Matvælastofnun hefur haft forgöngu um.

Heilbrigðisnefnd

Í lögnum um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, er í 11. gr. ákvæði um heilbrigðisnefndir: „Landið skiptist í eftirlitssvæði og skal heilbrigðisnefnd, kosin eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar. Í hverri nefnd skulu eiga sæti fimm menn, kosnir af hlutaðeigandi sveitarstjórnnum, þar af skal einn vera formaður ...“ Samtök atvinnurekenda og náttúruverndarnefndir sveitarfélaga á eftirlitssvæðinu eiga rétt á að tilnefna einn fulltrúa hver í nefndina til viðbótar.

Árið 2010 voru haldnir sex stjórnarfundir. Á árinu voru samþykkt 68 starfsleyfi til fyrirtækja á Norðurlandi vestra sem er heldur meiri fjöldi en á árinu 2009.

Á árinu voru haldnar sveitarstjórnarkosningar en í kjölfar þeirra breyttist skipan Heilbrigðisnefndar í samræmi við fyrrgreind lög. Ekki urðu neinar breytingar á starfsmannamálum Heilbrigðiseftirlitsins á árinu en hjá embættinu eru rúmar 2 stöður heilbrigðisfulltrúa og gegndu þeim Sigríður Hjaltadóttir og Steinunn Hjartadóttir í hlutastörfum og Sigurjón Þórðarson í fullu starfi.

Á fyrri hluta árs 2010 var heilbrigðisnefnd skipuð eftirfarandi fulltrúum:

Ágúst Þór Bragason, Blönduósi, formaður,
Elínborg Hilmarsdóttir, Skagafirði, varaformaður,
Sigríður Björnsdóttir, Skagafirði,
Þórarinn Hannesson, Siglufirði,
Ína Björk Ársælsdóttir, Hvammstanga, meðstjórnandi,
Steinar Svavarsson, fulltrúi atvinnurekenda.

Ný heilbrigðisnefnd var síðan skipuð eins og fyrr greinir og er hún skipuð eftirfarandi fulltrúum:

Arnrún Halla Arnórsdóttir,
Skagafirði, formaður.
Elín Þorsteinsdóttir,
Fjallabyggð, meðstjórnandi.
Guðrún Helgadóttir,
Skagafirði, varaformaður.
Ína Ársælsdóttir, Húnaþingi
vestra, ritari.
Steinar Svavarsson, fulltrúi
atvinnurekenda.
Valgerður Gísladóttir, vararitari, Blönduósi.



Rekstur Heilbrigðiseftirlitsins gekk vel á árinu 2010 og náðist að rétta af halla sem varð á rekstri embættisins á árunum 2008 og 2009. Hægt er að þakka fráfarandi heilbrigðisnefnd og þá sérstaklega fyrrum formanni Ágúst Þór Bragasyni, fyrir þann árangur. Rekstrarafgangur á árinu 2010 var 2.585 þús. kr. og náðist að mestu að greiða niður halla en eigið fé er enn neikvætt um 133 þús. kr.

Hefðbundin verkefni heilbrigðiseftirlitsins eru að stórum hluta í föstum skorðum sem felast m.a. í því að heimsækja starfsleyfisskylda starfsemi og halda skrá yfir fjölmarga þætti, einnig að taka sýni til þess að sannreyna að t.d. neysluvatn uppfylli kröfur reglugerða. Fyrir utan framangreinda þætti sem eru í föstum skorðum, koma inn á borð heilbrigðiseftirlitsins fjölmörg verkefni, sem sum hver koma í ákveðnum bylgjum, sem stjórnast stundum af því sem efst er á baugi hverju sinni. Árið 2010 var ár Eyjafjallajökuls en áhrif gossins urðu nokkur á vinnu heilbrigðiseftirlitsins á Norðurlandi vestra, þó svo að mælanleg áhrif sjálf gossins hefðu blessunarlega gætt lítið sem ekkert á svæðinu. Stafaði það fyrst og fremst af hagstæðum vindáttum, en almennur fagnaður var víða á Norðurlandi með stífa norðanátt á meðan mestur kraftur var í gosinu. Engu að síður þurfti að svara fjölda fyrirspurna frá almenningi m.a. hvort varasamt væri að baða sig í útisundlaugum ef að það gætti gjóskufalls. Sömuleiðis óskuðu fyrirtæki sem flytja út matvæli, eftir sýnatöku eða annarri staðfestingu á því að vatnsból hefðu ekki spillst af völdum gossins.

Lífrænn úrgangur

Á Norðurlandi hafa á umliðnum árum verið stigin mikilvæg skref í endurnýtingu lífræns úrgangs, s.s. með nýtingu í loðdýrafóður, kítósanframleiðslu og svo jarðgerð. Á Norðurlandi vestra hefur aukist mjög flokkun sorps bæði hjá íbúum og fyrirtækjum, sem auðveldar endurnýtingu og endurvinnslu. Allt umfang sorps hefur minnkað mjög



á síðustu árum og er það magn sem fer til urðunar nú einungis um 40% af því magni sem var fyrir örfáum árum.

Jarðgerðin á Sauðárkróki hætti starfsemi vegna rekstrarerfiðleika, en lífrænum heimilisúrgangi er ekið í jarðgerðina í Eyjafirði.

Förgun slógs hefur verið til vandræða þar sem erfitt getur verið að safna því saman til frekari vinnslu eða förgunar nema að gerðar séu sérstakar ráðstafanir þar sem meltingarensím eru snögg að láta til sín taka. Sömuleiðis er ekki á vísan að róa með hvenær og hve mikið magn fellur til hverju sinni af slógi en það er m.a. háð sóknarmynstri smábáta.

Ýmsar bollaleggingar eru uppi um frekari nýtingu á lífrænum úrgangi, s.s. til eldsneytisframleiðslu og próteinvinnslu úr mjólkurmysu.

Urðun

Á árinu 2010 var lokið við gerð nýs urðunarstaðar, Stekkjarvíkur, í landi Sölvabakka í Austur-Húnavatnssýslu sem mun leysa af hólmi nokkra urðunarstaði á Norðurlandi vestra sem ekki uppfylla núgildandi kröfur.

Heilbrigðiseftirlitið telur það ágalla að ekki skuli verða leyft að urða sláturúrgang á nýjum urðunarstað en samningur Norðurár bs. við landeigendur kveður á um að ekki verði leyfilegt að urða sláturúrgang. Það rýrir augljóslega notagildi svæðisins.

Helsta kvörtunarefni íbúa á svæðinu vegna urðunar sorps er lyktarmengun frá sláturúrgangi sem fargað er við Draugagil á Blönduósi. Það er mjög bagalegt ef mikil fjárfesting til framtíðar leysir ekki úr helsta umkvörtunarefni íbúa.

Þetta verður til þess að sóttmengaður sláturúrgangur verður ekki urðaður á svæðinu en í stað þess verður áfram urðað á umdeildum stöðum og úrgangurinn fluttur á milli sýslna. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að sóttmengudu úrgangi, s.s. riðusmituðu fé, verði fargað með færanlegum brennslustöðum, en líkur eru á, að bið verði á kaupum á brennslustöðinni og riðufé verði áfram urðað.

Æskilegt væri ef hægt yrði í framtíðinni að nýta fyrirhugaðan urðunarstað fyrir allan úrgang sem fellur til á Norðurlandi vestra. Ef ekki þá er ljóst að það þarf að finna annan farveg fyrir umræddan úrgang og mögulega framlengja með takmörkunum starfsleyfi núverandi urðunarstaða s.s. á Sauðárkróki.

Úrgangur sem þarf að farga er af ýmsu tagi, en síðla sumars rak á Skaga, stærstu

skepnu jarðar, steypireyður. Sem betur fer er það ekki mjög algengt að steypireyði reki á land og reglur um meðhöndlun úrgangs gera því ekki ráð fyrir hvernig farga eigi stórhvelum. Til staðar eru sérstakar verklagsreglur um aðkomu opinberra aðila um það hvernig eigi að bregðast við hvalreka. Engu að síður er talsvert möndl um hvernig tryggja eigi að næstu nágrennar verði ekki fyrir óþarfa ama vegna rotnandi hvals og að förgun verði með sómasamlegum hætti.



Beinagrind skepnunnar var hirt af Náttúrufræðistofnun en aðrir hlutar hvalsins voru urðaðir tryggilega á svæði í næsta nágrenni við þann stað, þar sem hann rak á land.

Matvælaeftirlit

Umfang eftirlits með neysluvatni er umtalsvert hjá Heilbrigðiseftirlitinu enda eru vatnsveitur fjölmargar, sem þarf að fylgjast með og sömuleiðis er umtalsverð matvælaframleiðsla á Siglufirði, Sauðárkróki, Blönduósi og Hvammstanga sem krefst staðfestingar og vottunar á að vatnsveitur uppfylli skilyrði reglugerða og sömuleiðis erlendra kaupenda.

Ástand matvælafyrirtækja er almennt mjög gott og felst eftirlitið m.a. í því að halda uppi fræðslu fyrir starfsfólk og yfirfara innra eftirlit og að þrifaáætlun sé framfylgt. Á árinu 2010 voru haldnir fjölmargir fræðslufundir inni í fyrirtækjum fyrir starfsfólk og er það mat Heilbrigðiseftirlitsins að fræðslan skili miklum árangri í að bæta öryggi og gæði matvæla.

Á síðasta ári var talsverð umræða um heimavinnslu matvæla og sölu matvæla beint frá býli og má segja að sú umræða hafi staðið í hart nær áratug. Mikill vilji hefur komið fram hjá stjórnámálamönnum um að greiða leið fyrir sölu heimaunninna matvæla til neytenda. Gjarnan er talað um að augin heimavinnsla matvæla sé einn af vaxtarsprotum dreifbýlisins sem muni m.a. styðja við bakið á ferðapjónustu og gera hana fjölbreyttari.

Þrátt fyrir mikil ræðuhöld og fyrirheit þá hafa ekki orðið teljandi breytingar á reglum eða leiðbeiningum sem snúa að því hvaða umgjörð eigi að setja um heimavinnslu matvæla og beint frá býli.

Óskýrleikinn hefur valdið ákveðnum vandkvæðum fyrir Heilbrigðiseftirlitið og það sem verra er, óvissu hjá þeim sem hyggja á þessa starfsemi. Ef til vill getur lausnin verið sú að hver og ein heilbrigðisnefnd fái heimild til þess að setja sínar reglur og

leiðbeiningar um heimaunnin matvæli. Hér á Norðurlandi vestra eru margvíslegir sprotar í heimvinnslu s.s. í tengslum við frægt fjöruhlaðborð í Húnaþingi vestra, fjölda kökubasara og kleinugerðar.

Tafla I. Rannsóknarniðurstöður fyrir árið 2010.

	Alls	Fullnægjandi	Ófullnægjandi
Neysluvatn	100	92	8
Baðvatn	18	12	6
Ís úr vél	8	4	4

Sundlaugar

Á Norðurlandi vestra er fjöldi sundlauga eða 15 sund- og baðstaðir. Heilbrigðiseftirlitið heimsækir alla staðina reglulega og tekur út hreinlætismál og fer yfir innra eftirlit og veitir sömuleiðis fræðslu til starfsfólks. Það er ljóst að miklu máli skiptir að starfsfólk sé vel heima og þjálfað í þeim mikilvægu störfum sem fylgja gæslu og umsjón með sundstöðum. Með nýrri reglugerð um sundstaði eru gerðar auknar kröfur um þjálfun og fræðslu um hreinlætis og hollustuháttarmál á sundstöðum. Á árinu 2010 bárust heilbrigðiseftirlitinu 2 kvartanir þar sem gestir töldu sig hafa orðið fyrir sýkingu í húð vegna bakteríusmits úr sundlaugarvatni. Fjöldi sýna úr baðvatni á árinu 2010 endurspeglar að kvörtunum umræddra gesta var fylgt eftir eins og kostur var. Í laugunum var ennfremur farið fram á bættu starfshætti og breytinga á tilhögun klóríblöndunar á baðvatni.

Á sumrin kemur til starfa í sundlaugunum fjöldi af ungu fólki til afleysinga, en þá fer saman að fjöldi gesta og sólríkt veður, sem eyðir virkum klór sem notaður er til sótthreinsunar. Það er því afar mikilvægt að fólk sem kemur til afleysingastarfa í sundlaugum fái góða leiðsögn og fræðslu um hollustuhætti s.s. um mikilvægi þess að skráningu á þáttum s.s. íblöndun klórs sé framkvæmd og að sjá til þess að sundlaugargestir baði sig áður en gengið er til laugar.

Lokaorð

Samræming eftirlits á landsvísu er verðugt verkefni og þarft. Óraunhæft er að ætla einum og sama eftirlitsmanninum að hafa mengunareftirlit með öllum mengandi fyrirtækjum landsins og þess vegna þarf að samræma vinnubrögð. Til þess að samræma eftirlit að gerð ákveðin forskrift á því hvernig eftirlitið eigi að fara fram og hvað eigi að skoða. Áherslur í eftirliti er auðvelt að samræma með sérstökum eftirlitsátökum, t.d. með efnanotkun og búnaði. Eitt það mikilvægasta í því er gerð samræmdra starfsleyfisskilyrða. Brýnt er við gerð starfsleyfisskilyrða, að þær kröfur sem ætlað er að ná fram séu vel skilgreindar og skýrar, en ekki einhver fjarlægur óskalisti um hvernig fyrirmyndarfyrirtækið eigi að líta út.

Ekki er nægjanlegt að horfa eingöngu einangrað til fyrirtækjanna sjálfra heldur taka kröfurnar mið af umhverfi og nágrenni.

Fyrirtæki sem eru í nálægð við íbúðabyggð, búa alla jafna við mikið meiri þrýsting á að allar reglur séu haldnar í hvívetna

og þær séu sem strangastar. Jarðgerð í íbúðabyggð sætir því að lúta strangara aðhaldi og eftirliti en önnur sem er staðsett í útjaðri byggða.



Hagsmunir fyrirtækja skarast. Ferðapjónustan gerir alla jafna kröfur um snyrtilegt og ómengað umhverfi. Ekki er óalgengt að þar sem ferðapjónustan fer að ryðja sér rúms þá sé farið að kalla á auknar kröfur og að reglum sé fylgt út í æsar. Það getur kallað á ákveðið endurmat á eftirliti, þegar ný starfsemi, t.d. veitingastaðir sem settir eru upp við hafnir, en þá er óskað eftir að önnur starfsemi sem hefur verið rekin um árabíl á svæðinu, taki stakkaskiptum.

Yfirleitt er að finna mjög mikinn vilja hjá forráðamönnum fyrirtækja og stofnana á Norðurlandi vestra til þess að fylgja þeirri umgjörð sem sett er í reglum og bregðast fljótt og vel við athugasemdum Heilbrigðiseftirlitsins og er mér ljúft að þakka fyrir þær góðu móttökur sem heilbrigðisfulltrúar fá í heimsóknnum sínum.

Maí 2010

Sigurjón Þórðarson

framkvæmdastjóri



Heilbrigðiseftirlit
Norðurlands vestra
Ársreikningur 2010

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra
Sæmundargötu 1
550 Sauðárkrúkur

kt. 560195-2309

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra starfar í umboði Heilbrigðisnefndar Norðurlands vestra og sér um að framfylgja lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Því er ætlað að vinna að bættu heilbrigðiseftirliti á svæðinu, annast fræðslu fyrir almenning og efla samvinnu við önnur yfirvöld og aðila sem vinna að þessum málum.

Hagnaður varð á rekstri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á árinu 2010 að fjárhæð 2.585 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé heilbrigðiseftirlitsins var neikvætt um 133 þús. kr. í árslok 2010 samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn og framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlitsins hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2010 og staðfest hann með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 14. apríl 2011

Stjórn:

frumvarðgjafi.
Sveinbjörg Árnadóttir.
Guðrún Helgadóttir
Valgerður Gísladóttir
Steinn Sveinsson

Sigurður

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkróki, 14. apríl 2011



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, höfum yfirfarið ársreikning þess fyrir árið 2010 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Sauðárkróki, 14. apríl 2011



Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	2010 Áætlun	2009
Rekstrartekjur:				
Framlög sveitarfélaga		10.202.008	9.202.000	8.600.012
Eftirlitsgjöld		16.630.648	17.565.120	16.103.515
Aðrar sértekjur		2.333.891	1.070.000	1.768.516
		<u>29.166.547</u>	<u>27.837.120</u>	<u>26.472.043</u>
Rekstrargjöld:				
Laun og annar starfsmannakostnaður	2	17.114.428	16.603.190	16.758.555
Annar rekstrarkostnaður		9.082.136	10.554.460	9.672.587
Afskriftir	3	285.000	0	235.000
		<u>26.481.564</u>	<u>27.157.650</u>	<u>26.666.142</u>
Rekstrarhagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði.....		2.684.983	679.470	(194.099)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Vaxtatekjur		15.498		37.045
Vaxtagjöld og gengismunur		(115.783)		(383.056)
		<u>(100.285)</u>	<u>(107.000)</u>	<u>(346.011)</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	5	<u>2.584.698</u>	<u>572.470</u>	<u>(540.110)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir:			
Bifreiðar		2.285.000	2.570.000
Fastafjármunir samtals	3	2.285.000	2.570.000
Viðskiptakröfur		664.670	333.204
Aðrar viðskiptakröfur		274.017	188.908
Handbært fé		397.511	162.879
Veltufjármunir samtals		1.336.198	684.991
Eignir samtals		3.621.198	3.254.991
Eigið fé:			
Ójafnað eigið fé		(132.637)	(2.717.335)
Eigið fé samtals	5	(132.637)	(2.717.335)
Skuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		0	353.170
Langtímaskuldir samtals	6	0	353.170
Skuldir við lánastofnanir		0	1.710.798
Viðskiptaskuldir		1.834.251	2.285.300
Næsta árs afborganir af langtímalánum	6	411.967	470.894
Aðrar skammtímaskuldir		1.507.617	1.152.164
Skammtímaskuldir samtals		3.753.835	5.619.156
Skuldir samtals		3.753.835	5.972.326
Eigið fé og skuldir samtals		3.621.198	3.254.991

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins	5	2.584.698	(540.110)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	3	285.000	235.000
Gengismunur langtímalána		(146.469)	20.477
Veltufé frá (til) rekstrar		<u>2.723.229</u>	<u>(284.633)</u>
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, hækkun		(416.575)	(58.450)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		<u>(95.596)</u>	<u>742.695</u>
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		<u>(512.171)</u>	<u>684.245</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>2.211.058</u>	<u>399.612</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í rekstrarfjármunum			(1.500.000)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>0</u>	<u>(1.500.000)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Afborganir langtímalána		(265.628)	(398.380)
Skammtímalán, breyting		<u>(1.710.798)</u>	<u>1.563.256</u>
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(1.976.426)</u>	<u>1.164.876</u>
Breyting á handbæru fé		234.632	64.488
Handbært fé í ársbyrjun		<u>162.879</u>	<u>98.391</u>
Handbært fé í lok ársins		397.511	162.879

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra fyrir árið 2010 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sundurliðunum.

c. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2010. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur, vextir og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

d. Innlaun tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

e. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

(ii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar 10 ár

f. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2010	2009
Laun	13.732.784	13.761.917
Launatengd gjöld	3.137.435	2.808.096
Áunnið orlof, breyting	144.555	55.419
Annar starfsmannakostnaður	99.654	133.123
	<u>17.114.428</u>	<u>16.758.555</u>

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 1.1.2010	2.850.000	2.850.000
Afskrifað áður	(280.000)	(280.000)
Bókfært verð 1.1.2010	<u>2.570.000</u>	<u>2.570.000</u>
Afskrifað á árinu	(285.000)	(285.000)
Bókfært verð 31.12.2010	<u>2.285.000</u>	<u>2.285.000</u>

Skýringar, frh.:

3. Varanlegir rekstrarfjármunir frh.:

	Bifreiðar	Samtals
Heildarverð 31.12.2010	2.850.000	2.850.000
Afskrifað samtals 31.12.2010	(565.000)	(565.000)
Bókfært verð 31.12.2010	2.285.000	2.285.000
Afskriftahlutfall	10%	

4. Veðstetningar

Bifreið félagsins sem bókfærð er á 1.035 þús. kr. er veðsett fyrir skuldum sem nema 411 þús. kr. í árslok.

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Samtals
Eigið fé 1.1.2010	(2.717.335)
Rekstrarniðurstaða ársins	2.584.698
Staða 31.12.2010	(132.637)

6. Langtímaskuldir

Langtímalán greinast þannig:

Lánveitandi	Lánsform	Vísitala	Staða
Lýsing	Bílasamningur	óvtr	411.967
			411.967
Næsta árs afborganir			(411.967)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi			0

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

Árið 2011	411.967
	411.967

Skýringar, frh.:

7. Fimm ára yfirlit í þúsundum króna:

Rekstur:	2010	2009	2008	2007	2006
Rekstrartekjur	29.167	26.472	23.254	23.308	20.731
Rekstrargjöld án afskrifta	(26.197)	(26.431)	(24.970)	(24.110)	(21.906)
Hagnaður (tap) fyrir afskriftir	2.970	41	(1.716)	(802)	(1.175)
Afskriftir	(285)	(235)	(45)	0	0
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði	2.685	(194)	(1.761)	(802)	(1.175)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	(100)	(346)	(292)	111	167
Rekstrarniðurstaða ársins	2.585	(540)	(2.053)	(691)	(1.008)

Efnahagur:

Fastafjármunir	2.285	2.570	1.305	0	0
Veltufjármunir	939	522	464	872	547
Handbært fé	398	163	98	648	2.211
Eignir samtals	3.621	3.255	1.867	1.520	2.758

Eigið fé	(133)	(2.717)	(2.177)	(125)	566
Langtímaskuldir	0	353	765	0	0
Skammtímaskuldir	3.754	5.619	3.279	1.644	2.192
Eigið fé og skuldir samtals	3.621	3.255	1.867	1.520	2.758

Kennitölur

Veltufé frá (til) rekstrar	2.723	(285)	(1.795)	(691)	(1.008)
Handbært fé frá (til) rekstrar	2.211	400	(336)	(1.564)	(906)
Veltufjárhlutfall	0,36	0,12	0,17	0,92	1,26
Eiginfjárhlutfall	(0,04)	(0,83)	(1,17)	(0,08)	0,21

Sundurliðanir

	2010	2010 Áætlun	2009
Framlög sveitarfélaga:			
Rekstrarframlög sveitarfélaga	10.202.008	9.202.000	8.600.012
	10.202.008	9.202.000	8.600.012
Laun og annar starfsmannakostnaður:			
Vinnulaun	13.352.784		13.381.917
Stjórnarlaun	380.000		380.000
Móttframlag í lífeyrissjóð	1.447.162		1.495.539
Tryggingagjald	1.343.793		966.707
Sjúkra- og orlofssjóður	346.480		345.850
Áunnið orlof, breyting	144.555		55.419
Annar starfsmannakostnaður	99.654		133.123
	17.114.428	16.603.190	16.758.555
Annar rekstrarkostnaður:			
Sýni og flutningskostnaður	2.131.959	2.040.000	2.431.587
Rekstur bifreiða	1.515.483	2.580.600	1.692.621
Rekstrarleiga	0	0	447.436
Húsaleiga og viðhald	889.425	1.300.000	1.027.693
Sími og burðargjöld	945.430	3.430.260	774.030
Hlutur í skrifstofukostnaði SSNV	500.000		500.000
Dagpeningar	587.125	1.203.600	465.120
Bifreiðastyrkir	354.420		367.724
Ritföng, pappír, prentun, fjölrítun og ljósrit	210.512		317.032
Internettengingar	226.327		212.390
Endurskoðun og uppgjörskostnaður	223.900		216.000
Smááhöld og viðhald áhalda og tækja	268.583		400.250
Gjaldfærður búnaður og tæki	332.229		0
Ferðakostnaður	505.822		191.455
Aðkeypt þjónusta	0		36.000
Námskeið og fundir	5.500		84.563
Hreinlætisvörur	27.287		0
Vátryggingar	58.109		55.592
Auglýsingar og styrktarlínur	42.995		96.322
Tæknibækur, tímarit og blöð	45.301		56.842
Félagsgjöld og annar kostnaður	135.378		66.785
Rafmagn	55.750		45.385
Leiðréttingar fyrri ára	0		133.500
Afskrifaðar kröfur	20.601		54.260
	9.082.136	10.554.460	9.672.587



Ársskýrsla og ársreikningur 2010

Skagaströnd, júní 2011

Inngangur

Þann 3. maí 2010 var skrifað undir eins árs menningarsamning milli fulltrúa ríkisvaldsins og stjórnar SSNV, fyrir hönd sveitarfélaga á Norðurlandi vestra, fyrir árið 2010.

Í þessari ársskýrslu er greint frá starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra og menningarfulltrúa árið 2010 og upplýsingar eru um þá aðila sem fengu verkefnastyrki. Ársreikningar ráðsins fylgja með í fylgiskjöllum.



Tónlistarhátíðin Gæran fór fram á Sauðárkróki um miðjan ágúst.

Menningarráð Norðurlands vestra


Skipan menningarráðs

Fyrri hluta ársins 2010 skipuðu eftirtaldir einstaklingar Menningarráð Norðurlands vestra:

Guðrún Helgadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
Adolf H. Berndsen, Sveitarfélaginu Skagaströnd
Bjarni Þórisson, Sveitarfélaginu Skagafirði
Elín R Línal, Húnaþingi vestra, tilnefnd af stjórn SSNV
Pétur Jónsson, Húnaþingi vestra

Á ársþingi SSNV, 28. ágúst 2010, var kosið í nýtt menningarráð til tveggja ára:

Björg Baldursdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, formaður
Guðný Helgadóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði
Þóra Sverrisdóttir, Húnavatnshreppi, A-Hún.
Ragnar Smári Helgason, Húnaþingi vestra
Bjarni Jónsson, tilnefndur af stjórn SSNV



Þóra – Guðný – Ragnar Smári – Bjarni – Björg.

Aðsetur

Skrifstofa menningarráðs er staðsett á Skagaströnd og er þar opið virka daga frá kl. 08.00-16.00. Starfsmaður ráðsins er Ingibergur Guðmundsson.

Starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra árið 2010

Fundir menningarráðs

Fundir menningarráðs voru fjórir, auk aðalfundar sem haldinn var 27. ágúst. Allar fundargerðir eru birtar á vef ráðsins:

[www.ssnv.is/Menningarráð/Fundargerðir/
tabid/920/Default.aspx](http://www.ssnv.is/Menningarráð/Fundargerðir/tabid/920/Default.aspx)

Styrkir menningarráðs

Á fundi menningarráðs, 3. febrúar 2010, var ákveðið að úthlutanir ráðsins yrðu tvær á árinu, með umsóknarfresti til og með 15. mars og 15. september. Þá voru samþykktar úthlutunarreglur vegna verkefnastyrkja ársins. Þar segir m.a.:

Menningarráð hefur ákveðið að þau verkefni hafi forgang sem uppfylla eitt eða fleiri eftirtalinna atriða:

- *Efling atvinnustarfsemi, þekkingar og fræðslu á sviði menningar og lista.*
- *Samstarf milli tveggja eða fleiri aðila, byggðarlaga eða listgreina og uppsetning viðburða á fleiri en einum stað.*
- *Nýsköpun og þróun menningarstarfs og menningartengdrar ferðaþjónustu.*
- *Verkefni sem stuðla að þátttöku allra þjóðfélagshópa í menningarstarfi.*

Auglýst var eftir styrkumsóknum með dreifibréfi inn á hvert heimili og fyrirtæki á Norðurlandi vestra, auk þess birtu sveitarfélögin umsóknina á sínum vefmiðlum og svæðisvefmiðlarnir einnig. Þá var dreifibréfið sent rafrænt á tengslanet menningarráðs og atvinnuþróunar. Sjá fylgiskjal.

Fyrri umsóknarferlinu lauk 15. mars. Alls bárust 85 umsóknir þar sem óskað var eftir tæpum 50 milljónum króna í styrki. Menningarráðið samþykkti að úthluta verkefnastyrkjum til 61 aðila, alls að upphæð 15.250.000 kr. Lægsti styrkurinn nam 100 þús. kr. en sá hæsti var ein milljón. Úthlutun styrkja fór fram að Gauksmýri 22. apríl.



Ingibergur Guðmundsson, menningarfulltrúi



Nes listamiðstöð – Ísland sjósett.



Ásdís Birgisdóttir Textílsetri Íslands tekur við menningarstyrk.

Í síðara umsóknarferlinu, sem rann út 15. september, bárust alls 82 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 56 milljón krónum í styrki. Ráðið samþykkti að veita alls 51 aðila verkefnastyrk, samtals að upphæð 17.500.000 kr. Úthlutun styrkja fór fram í Hótel Varmahlíð 28. október.


Alls var því veitt 32.750.000 kr. í verkefnastyrki á árinu 2010. Heildaryfirlit yfir styrkhafa má sjá í fylgiskjöllum með þessari skýrslu.



Frá úthlutun menningarstyrkja í október 2010.

Úthlutun 2010

Hægt er að greina styrki ráðsins á ýmsa vegu. Hér eru styrkirnir sundurgreindir eftir sameiginlegri flokkun menningarfulltrúa landshlutanna:




Af þessu súluriti má sjá styrkleika þess menningarlífs á Norðurlandi vestra sem menningarráðið veitti fjármagn til á árinu 2010. Verkefnastyrkir til menningartengdrar ferðaþjónustu eru 27% af heildarupphæðinni, þar á eftir kemur tónlist en aðrir flokkar eru töluvert neðar.

Ástæða þess að menningartengd ferðaþjónusta er svo ofarlega á blaði er sú að óvenju mörg setur og söfn standa í stórræðum þessi árin og a.m.k tvö ný munu líta dagsins ljós á árinu 2011.

Úthlutun 2007-2010

Ef hins vegar horft er til áráanna 2007-2010 í heild lítur dæmið svona út:



Hér skorar tónlistin hæst eða um 21% en í næstu tveimur sætum eru menningartengd ferðapjónusta og menningararfur/safnamál.

Á Norðurlandi vestra hefur tónlist ætíð skipað háan sess. Kórastarfsemi skipar hér stórt hlutverk. Fyrir utan kirkjukórana, sem eru a.m.k. tíu og margir þeirra með fjölbreytta dagskrá auk messusöngs, þá eru í það minnsta 11-12 aðrir kórar starfandi. Fjöldi kórfélaga er mismikill, allt frá 10 og upp í 70 manns í kór svo áætla má að um 5-700 manns taki þátt í þessu starfi eða allt að 10% íbúanna. Þá eru ótaldir einsöngvarar, einleikarar, hljómsveitir, skólalúðrasveitir o.s.frv.

Hér að ofan hefur verið bent á vaxandi starfsemi félaga, fyrirtækja og nýsköpun setra og safna sem hafa það að meginmarkmiði að ná til sín ferðamönnum með menningarefni og eru því flokkuð undir menningartengda ferðapjónustu.




Námskeið í torfhleðslu og grindarsmíði á vegum Fornverkaskólans.

Varðveisla menningararfsins á hér einnig sterkar rætur og styrkir til þeirra hluta nema tæpum 20 milljónum á þessum tíma.

Heildarkostnaður – sótt um - úthlutað

Einnig er forvitnilegt að sjá hlutfallið á milli áætlaðs heildarkostnaðar þeirra verkefna sem sótt er um styrk til, hversu mikið fjármagn er sótt um og hve miklu er úthlutað.



Samkvæmt umsóknum er áætlaður heildarkostnaður þeirra verkefna rúmur milljarður og heildarupphæð umsókna er um 350 milljónir eða um þriðjungur af áætluðum kostnaði. Alls hefur verið úthlutað tæpum 400 styrkjum og til þess veitt rúmum 125 milljónum króna.

RARIK

Þann 22. apríl 2010 var undirritaður samningur milli menningarráðsins og RARIK um styrk til menningarstarfs á Norðurlandi vestra árið 2010. Styrkurinn nemur einni milljón króna og er þetta þriðja árið í röð sem RARIK styrkir menningarstarf á svæðinu um þessa upphæð.



Guðrún Helgadóttir, formaður menningarráðs og Haukur Ásgeirsson, fulltrúi RARIK, undirrita samninginn.

Fundir - ráðstefnur - málþing o.fl.

Menningarlandið 2010 - Ráðstefna um menningu og menningartengda ferðapjónustu

Menningarfulltrúi tók þátt í málþinginu, Menningarlandið 2010 - Mótun menningarstefnu, sem mennta- og menningarmálaráðuneytið boðaði til á Hótel Loftleiðum föstudaginn 30. apríl 2010.

Á þinginu var kynnt greining á núverandi menningarstefnu á sviði lista, menningararfs, safna, fjölmiðla og æskulýðs- og íþróttamála.

Tilgangur þingsins er að fá viðbrögð við fyrirbyggjandi greiningu og að fá fram hugmyndir sem gætu nýst í áframhaldandi vinnu við mótun menningarstefnu til framtíðar. Einnig var kynnt sóknaráætlun stjórnvalda í menningarmálum og nýleg menningarneyslukönnun.

Á þinginu var unnið í vinnuhópum með fjóra málaflokka sem voru:

a) listir **b)** menningararfur og söfn **c)** fjölmiðlar **d)** íþróttar og æskulýðsmál.

Um 200 manns sótti þingið og niðurstöður þess komu út í nóvember sl.



Atvinnulífssýning í Skagafirði

Helgina 24.-25. apríl var haldin atvinnu-, mannlífs- og menningarsýningin „Skagafjörður 2010 - lífsins gæði og gleði“ í íþróttahúsinu á Sauðárkróki. Sýningin var haldin af Sveitarfélaginu Skagafirði í samstarfi við Skagafjarðarhraðlestina.

Á sýningunni voru tæplega 100 sýnendur sem kynntu allt það sem Skagafjörður hefur upp á að bjóða í fjölbreyttu vöruúrvali, þjónustu, menningu og félagsstarfi.



Hjördís Gísladóttir Vaxtarsamningi stendur vaktina í bás SSNV.

Samhliða sýningunni voru haldnar fjölmargar málstofur í Árskóla, m.a. flutt erindi um hagnýtar rannsóknir, nýja möguleika í atvinnusköpun, umhverfismál, hönnun og listir, frístundir, þróunarverkefni í skólastarfi, þjónustu við íbúa, hestamennsku og fjölmarga aðra þætti.

SSNV var með bás á sýningunni og kynnti þar starfsemi sína, atvinnuþróun, vaxtarsamning og menningarsamning og starfsmenn stóðu vaktina til skiptis. Sýningin var mjög vel sótt og þótti takast vel.

Íslensku safnaverðlaunin

Íslensku safnaverðlaunin 2010 voru afhent á Bessastöðum 11. júlí. Þrjú söfn voru tilnefnd en það voru Byggðasafn Skagfirðinga, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og Nýlistasafnið í Reykjavík sem hlaut verðlaunin að þessu sinni.

Félag íslenskra safna og safnmanna og Íslandsdeild ICOM (Alþjóðaráð safna) standa saman að Íslensku safnaverðlaununum sem veitt eru annað hvert ár safni sem með starfsemi sinni þykir skara fram úr. Dómnefnd útnefnir þrjú söfn og velur þau úr innsendum hugmyndum en auglýst er eftir ábendingum frá almenningi, félagasamtökum og fagaðilum. Dómnefndin er skipuð fulltrúum félaganna tveggja og fulltrúa frá því safni sem síðast hlaut verðlaunin. Í ár bárust meira en sjötíu ábendingar.

Mjög ánægjulegt er að tvö söfn af þessu svæði skuli hafa verið tilnefnd, sem um leið segir heilmikið um gæði safnastarfsins en í umsögn dómnefndar segir svo um þau:

Byggðasafn Skagfirðinga – Glaumbæ

Byggðasafn Skagfirðinga var stofnað 15. júní 1952 og hefur aðsetur sitt í Minjahúsinu á Sauðárkróki og í Glaumbæ í Skagafirði. Safnið hefur um árabil verið öflug menningarstofnun, þar sem það hefur rækt lagalegar skyldur sínar, sem byggðasafn og um leið með öflugri starfsemi tekist á við ótal menningarleg verkefni á starfssvæði sínu. Forsvarsmaður safnsins og starfsmenn þess hafa haft frumkvæði og verið öðrum söfnum víða um land til fyrirmyndar hvað varðar söfnun, varðveislu og skrán-

ingu, rannsóknir og miðlun á sviði byggðamenningar.

Áhrifin af þessari öflugu starfsemi hafa leitt til þess að faglegur metnaður hefur aukist hjá sambærilegum stofnunum á svæðinu og í sumum tilfellum hefur verið stofnað til nýrra menningarstofnana á borð við Vesturfarasetrið á Hofsósi, sem með fulltingi Byggðasafns Skagfirðinga er orðin öflug miðstöð rannsókna og miðlunar á Vesturheimsferðum Íslendinga á 19. og 20. öld.



Íslenski safnadagurinn 2010 í Byggðasafni Skagfirðinga í Glaumbæ.

Dómnefnd telur að Byggðasafnið Glaumbær sé eitt af mörgum söfnum Íslands sem hefur sinnt öllum lagalegum skyldum sínum af alúð og ódrepani áhuga. Með elju sinni hefur það opnað augu Skagfirðinga og annarra fyrir mikilvægi þess að byggðalög eigi sér og annist sín menningarverðmæti og þannig sinnt samfélagslegum skyldum sínum.

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi var stofnað árið 1976. Safnið skapaði sér strax í upphafi ákveðna sérstöðu þar sem lögð var áhersla á söfnun, rannsóknir og sýningar á heimagerðri tóvinnu og textílmunum á borð við þjóðbúninga og listfengnar hannyrðir. Safnið hefur haft mikil áhrif á safna- og menningarstarf í landinu með ýmsum hætti. Sem dæmi hefur safnið sýnt fram á mikilvægi þess að söfn líti á söfnunarflokka á borð við textíl, sem mikilvægt framlag til menningarsögu landsins og að hlúa skuli að þeim arfi með sýningum og rannsóknum. Sýningar safnsins eru einnig mikilsvert framlag til þeirrar endurnýjunar sem íslenskur menningararfur hefur gengið í gegnum á síðastliðnum tveimur áratugum, þar sem lögð hefur verið áhersla á notagildi arfsins til miðlunar og nýsköpunar.

Dómnefnd telur að Heimilisiðnaðarsafnið sé eitt þeirra safna á Íslandi sem hefur sýnt fram á mikilvægi þess að safna og varðveita þann hluta menningararfsins sem flestir hafa litið á sem hversdagslega hluti eins og textíl sem flokkaðist lengi vel sem heimilisiðja. Safnið hefur, með útgáfum, málþingum og sýningum, sýnt fram á að textill í allri sinni mynd er mikilvæg menningarverðmæti sem ber að varðveita og hlúa að. Textílarfleifðin er þar notuð markvisst sem grunnur að hönnun nýrra og skapandi muna.



Frá sumarsýningu Heimilisiðnaðarsafnsins 2009.

Sóknaráætlun 20/20

Á vegum ríkisstjórnarinnar fór fram kynning á framtíðarstefnu hennar, Sóknaráætlun 20/20, á Sauðárkróki 13. febrúar. Kynningin var á þjóðfundarformi og mættu þar um 80 manns af Norðurlandi vestra. Miklar umræður fóru fram á fundinum og komu margar tillögur frá heimamönnum um hagsmuni svæðisins.



Menningarfulltrúar landshlutanna á fundi í Reykjaneshöfðum.

Einnig sótti menningarfulltrúi kynningarfund í Reykjavík um sama efni.

Menningarnefndir sveitarfélaganna

Á árinu hitti menningarfulltrúinn þrjár af fimm menningarnefndum sveitarfélaganna á Norðurlandi vestra. Starfsemi og hlutverk ráðsins var kynnt og skipst á skoðunum um menningarstarf almennt.

Samstarf

Menningarfulltrúar landshlutanna

Gott og vaxandi samstarf hefur verið milli menningarfulltrúa menningarráðanna sem eru alls sjö. Auk sameiginlegra símafunda og tölvupóstsamskipta hittust þeir tvisvar á árinu, 21.-22. janúar í Reykjavík og 3.-4. júní í Borgarnesi, ræddu sameiginleg mál-efni, deildu reynslu og lögðu á ráðin um samstarf.

Formenn menningarráðanna

Í tengslum við janúarfund menningarfulltrúanna hittust formenn menningarráða landshlutanna í Reykjavík, ásamt menningarfulltrúunum og ræddu þar sameiginleg málefni.

SSNV atvinnuþróun/Vaxtarsamningur Nl. v. o.fl.

Gott samstarf hefur verið við starfsmenn annarra stofnana á Norðurlandi vestra sem sinna aðstoð við íbúa svæðisins og þá sérstaklega við starfsmenn Atvinnuþróunar SSNV og framkvæmdastjóra Vaxtarsamnings.

Styrkhafar

Samstarf við styrkhafa hefur einnig gengið vel, fylgst er með þeim verkefnum sem fengið hafa styrk og styrkhöfum lagt lið óski þeir þess. Þá hefur menningarfulltrúi kappkostað að sækja þá viðburði sem styrktir eru og á árinu 2010 voru það um 40 viðburðir sem hann sótti.

Fjármál

Í fylgiriti með þessari ársskýrslu eru samþykktir reikningar menningarráðsins fyrir árið 2010. Þar kemur fram að rekstrar-kostnaðurinn er um 11,7 milljónir, sem er nánast sama upphæð og árið 2008 og um einni milljón minna en árið 2009.

Mat á árangri

Eflitiðertílsársins2010þámásjámargvíslegan árangur af menningarsamningnum og því að þetta var í raun þriðja árið sem hann hafði áhrif á menningarstarf á Norðurlandi vestra. Styrkir ráðsins hafa bæði verið til að viðhalda og efla fyrri verkefni en einnig til að styðja við nýsköpun, auka gæði menningarinnar og efla atvinnusköpun. Hér eru nokkur dæmi:

- ✓ Kvikmyndagerð er að skjóta rötum á svæðinu en menningarráð hefur stutt myndarlega við þá starfsemi. Það skapar atvinnu og umsvif. Ráðið styrkti einnig framlag RIFF kvikmyndahátíðar á svæðinu.
- ✓ Svo sem fram kemur í línuritinu hér að ofan hefur menningarráð stutt myndarlega við margvíslega menningartengda ferðapjónustu, þ.á m. ný söfn og setur sem verið er að byggja upp, auk þess að styðja við starfsemi þeirra safna og setra sem fyrir eru. Hér má t.d. nefna Sögusetur íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal, Spákonuhof á Skagaströnd, Eyvindarstofu á Blönduósi og Selasetur Íslands á Hvammstanga. Þessi nýsköpun skapar einnig atvinnu og umsvif.
- ✓ Líflegt og fjölbreytt tónlistarlíf veitir lífsfyllingu inn í mannlífið en skapar einnig allmörg atvinnutækifæri. Þá hefur það færst í vöxt að viðburðir séu fluttir á fleiri en einum stað, bæði á Norðurlandi vestra og í öðrum landshlutum.
- ✓ Aukin útgáfa tónlistar veitir t.d. nýju upptökustúdíói á Sauðárkróki verkefni.
- ✓ Bæjarhátíðir og aðrar menningarhátíðir blómstra sem aldrei fyrr og nýjar hátíðir hafa bæst við.
- ✓ Útgáfa frumsaminna bóka hefur aukist töluvert og nýir höfundar hafa fengið tækifæri á að koma sér á framfæri.
- ✓ Stutt hefur verið við þátttöku allra aldurshópa í menningarlífinu og alltaf eru nokkur samstarfsverkefni í gangi.



Um 300 manns sótti málþing um skáldkonuna Guðrúnu frá Lundi



Gömlu kellingar tilbúnaðar að skemmta yngstu kynslóðinni.

Að sjálfsögðu ganga ekki allir hlutir upp en fullyrða má að hér er um ápreifanlegan árangur að ræða. Í því sambandi má benda á meðfylgjandi grein menningarfulltrúa Norðurlands vestra sem birt var í Héraðsfréttablaðinu Feyki 24. mars 2011:



Frá Grettishátíð 2010.

Fjölbreytt menningarlíf á Norðurlandi vestra

Menningarráð Norðurlands vestra styrkti nær 200 „viðburði“ á síðasta ári

Menningarlíf á Norðurlandi vestra er og hefur verið fjölbreytt undanfarna áratugi. Tónlistarlíf er þar áberandi, sérstaklega kórsöngur en einnig margs konar aðrir menningarviðburðir. Slíkt starf gengur þó, eins og margt annað, í bylgjum, það koma blómatímar en einnig eru stundum lögðir í ýmsum þáttum menningarlífsins.


Menningarráð Norðurlands vestra hefur nú starfað í rúm þrjú ár og úthlutað á annað hundrað milljónum í menningarstarf á Norðurlandi vestra. Ekki er að efa að aukið fjármagn hefur bætt vel í annars líflegt menningarstarf á svæðinu og að ýmsir menningarviðburðir hefðu aldrei orðið ef ekki hefðu komið til styrkir ráðsins.

Með þessu er alls ekki verið að segja að allt menningarstarf sé eingöngu styrkjum ráðsins að pakka, langt í frá. Starfsemi leikfélaga, tónlistarfólks, bæjarhátíðir, sýningar og annað hefur lengst af verið líflegt og var það einnig fyrir tilkomu þessara menningarstyrkja. Styrkir ráðsins eru oft ekki stórir og duga sjaldan nema fyrir hluta útlagðs kostnaðar en oft verður það samt til þess að verkefni eru framkvæmd. Með auknu fjármagni hefur líka margs konar nýsköpun orðið til, viðburðum hefur fjölgað og meira er lagt í mörg verkefni.

Hér að neðan er stutt samantekt yfir þau verkefni/viðburði sem fram fóru á Norðurlandi vestra á síðasta ári og fengu styrk frá menningarráði

Tónleikar

Á árinu 2010 stóðu 14 kórar og á annan tug einstaklinga fyrir alls um 65 tónleikum. Flestir tónleikarnir voru með hefðbundnu sniði en á nokkrum þeirra var einnig upplestur og einn viðburðurinn var tveggja daga rokkhátíð, Gæran, sem haldin var á Sauðárkróki um miðjan ágúst. Á sviði og bak við þessa viðburði voru mörg hundruð manns. Alls sóttu um 5.500 manns þessa viðburði.



Alexandra Chernyshova óperusöngkona.

Leiksýningar

Þrjú leikfélög, nemendur FNV og einn einstaklingur stóðu fyrir uppsetningu á sex leikritum sem sýnd voru alls um 45 sinnum. Hér var um að ræða barnaleikrit, gamanleikrit og einleikur. Hátt á annað hundrað manns komu að þessum uppsetningum. Þessar leiksýningar sóttu um alls 3.500 manns.



Frá leiksýningu Leikfélags Blönduóss 2010.

Ljósmynda-, kvikmynda-, sögu- og myndlistarsýningar

Annars konar sýningar sem haldnar voru á árinu voru tæplega tuttugu. Þar af voru 9 kvikmyndasýningar, 4 ljósmyndasýningar og tvær myndlistarsýningar. Auk þess var Heimilisiðnaðarsafnið með sína árlegu sumarsýningu, Gestastofa sútarans tók í notkun sýningar- og söluhúsnæði í júní og Sögusetur íslenska hestsins var opnað í ágúst. Hér er nokkuð erfiðara að telja sýningargesti en reikna má með að sé allt meðtalið hafi um 8-10 þúsund manns séð þessar sýningar.

Þá eru ekki taldir með fimm sjónvarpsþættir sem Skotta kvikmyndafélag á Sauðárkróki framleiddi og sýndir voru í ríkissjónvarpinu í mars-maí á liðnu ári. Ekki skal hér mikið reynt að geta sér til um neytendafjölda þess efnis en þar má væntanlega tala um tugþúsundir.

Útgáfustarfsemi

Útgáfa bóka, geisladiska, heimildarmyndbanda, göngukorta og hljóðleiðsagna var töluverð á árinu 2010 eða alls yfir 20 „viðburðir“. Þetta er fjölpætt úrval efnis og næstum allt frumsamið. Því miður er ómögulegt að geta sér til um það hversu margir hafa notið þessa efnis en víst er að þeir skipta þúsundum.

Annað

Í síðasta flokkinn eru settir aðrir þeir viðburðir sem ekki teljast til hinna fyrri. Má þar nefna ýmiss konar hátíðir, margvísleg nám-skeið, málping, afhjúpun listaverka o. m.fl. Alls eru þetta um 40 viðburðir og reikna má með að um 5-6 þúsund manns hafi notið þess efnis sem þar var á dagskrá.



Afhjúpun minnisvarða um Guðmund Bergþórsson skáld.

Samantekt

Sé þetta allt saman lagt saman og hver leiksýning, tónlistarviðburður, listsýning, útgáfa o.s.frv. talinn „viðburður“ þá er hér um alls 190 viðburði að ræða á árinu 2010 sem menningarráðið hefur styrkt. Þó það sé líka nokkrum vandkvæðum bundið að greina heildaraðsókn þá má þó með nokkrum sanní telja að milli 25 og 30 þúsund

manns hafi nýtt sér þessa „viðburði“ eða um fjórfaldur íbúafjöldi Norðurlands vestra.

En þetta er aðeins einn þátturinn í hlutverki menningarsamninganna, þ.e. að auka nýsköpun og fjölbreytni í menningartengdum verkefnum. Þessi verkefni hafa líka m.a. veitt fjölmörgu fólki aukin atvinnutækifæri og stutt við menningartengda ferðapjónustu, s.s. söfn og setur.



Frá leiksýningu Leikfélags Sauðárkróks 2010.

Að lokum

Hér hefur ekki verið getið þeirra fjölmörgu og fjölbreyttu menningarviðburða sem fram fóru á Norðurlandi vestra á síðasta ári án styrkja menningarráðs. Þar er um margvíslega menningarstarfsemi að ræða sem margir hverjir voru vel sóttir. Sem betur fer eru ekki allir viðburðir háðir fjármagni frá ráðinu.

Þessi pistill er ritaður til þess að benda m.a. íbúum Norðurlands vestra á gildi þess að stutt sé myndarlega við menningarstarfsemi á svæðinu. Það gera sannarlega sveitarfélögin sem hér eru, sem og ríkisvaldið. Auðvitað má alltaf gera betur en það er líka vert að þakka fyrir það sem vel er gert.

Menningarráð Norðurlands vestra þakkar öllum þeim fjölmörgu íbúum á Norðurlandi vestra sem leggja á sig ómælda vinnu, fórnfúst starf og fjárútlát til þess að auðga menningarstarfsemi á svæðinu. Án ykkar væri mannlífið fátæklegra. Megi menningarlíf á Norðurlandi vestra blómstra sem aldrei fyrr.

F.h. Menningarráðs Norðurlands vestra.

Ingibergur Guðmundsson

menningarfulltrúi Norðurlands vestra

Lokaorð

Menningarráð Norðurlands vestra og menningarfulltrúi vilja þakka fulltrúum ríkisvaldsins og sveitarfélögunum fyrir gott samstarf og lýsa enn og aftur yfir ánægju sinni með það fyrirkomulag að færa fjármuni og úthlutunarvald heim í hérað. Styrkhöfum eru færðar þakkir fyrir ánægjuleg samskipti. Einnig fær RARIK þakkir fyrir fjárstuðning við menningarstarf á svæðinu.

Þegar þessi orð eru rituð, í lok mars 2011, er gerð þriggja ára menningarsamnings, 2011-2013, sömu aðila á lokastigi. Menningarráð fagnar þeim áfanga en harmar lækkun framlaga. Jafnframt vonast ráðið eftir því að framlög aðila samningsins aukist aftur þegar betur árar í samfélaginu. Reynslan hefur sýnt að þetta fyrirkomulag hefur gengið vel og því er full ástæða til að halda því áfram.

Menningarráð Norðurlands vestra vill jafnframt vara við þeim hugmyndum að sameina vaxtar- og menningarsamningana. Verði af þeim áformum munu markmiðin óhjákvæmilega breytast töluvert, fjárframlög munu dragast saman og áherslan á fjölbreytt og kraftmikið menningarlíf mun dofna og renna saman við önnur og óskyldari viðmið. Menningarráðið er á hinn bóginn tilbúið til að taka að sér fleiri menningarverkefni, t.d. hvað varðar stofn- og rekstrarstyrki, sem nú eru á annarra höndum.

Ávarp formanns menningarráðs við úthlutun Menningarráðs Norðurlands vestra 22. apríl 2010 að Gauksmýri

Gleðilegt sumar!

Ágætu gestir, verið velkomin í Húnaþing vestra. Einnig vil ég taka mér það Bessaleyfi að bjóða ykkur velkomin að Gauksmýri, sem er ein af perlum okkar hér í ferðapjónustunni. Menning og listir í öllum sínum margbreytileika eru mannbætandi, það skiptir máli í uppeldi, að umhverfi og aðstæður efla fegurðarskyn og gefi möguleika til að hver og einn geti notið sín.

Sveitarfélögin á Norðurlandi vestra í samstarfi við ríkisvaldið hafa með sérstöku samkomulagi þar um, lagt sitt af mörkum til að svo megi verða.

Fyrsti samningur um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Norðurlandi vestra var undirritaður 2007 og er samkomulag til ársloka 2010.

„Tilgangur samningsins er að efla menningarstarf á Norðurlandi vestra og beina stuðningi ríkis og sveitarfélaga í einn farveg.

Jafnframt er með samningi þessum stefnt að því að tryggja sem best frumkvæði og áhrif sveitarfélaganna við forgangsöröðun verkefna og auka samstarf þeirra við framkvæmd og stefnumótun menningarmála í landshlutanum.“

Það er ekki vafi í mínum huga að menningarsamningurinn, störf menningarráðs og menningarfulltrúa hafa skipt verulegu máli fyrir landshlutann og auðgað menningarlíf. Vil ég fyrir hönd sveitarfélaganna, færa þeim bestu þakkir.

Einnig vil ég þakka RARIK fyrri öflugan stuðning, það skiptir máli þegar fyrirtæki sjá sameiginlega hagsmuni í samstarfi um eflingu menningarstarfs.

Eins og fram hefur komið hafa aldrei verið sendar inn jafn margar umsóknir, og má segja að verkefnin sem sótt er um stuðning við séu einhverskonar spegill menningarsálarinnar á svæðinu. Og því líkur margbreytileiki.

En, við erum á tímamótum eins og svo oft áður, hvað verður í framhaldinu, verður gerður nýr menningarsamningur?

Ég fletti upp í orðabók í morgun, þegar mér var hugsað til þessarar stundar, að orðinu „Tímamót“, þar segir - þáttur í rás tímanns sem markar veruleg umskipti.

Ekki geri ég mér ljóst hvort sú staða sem sveitarfélögin á Norðurlandi vestra standa frammi fyrir í samningum við ríkið um framhald menningarsamnings, standi undir þeirri lýsingu.

En það er ljóst að þrátt fyrir eftirgangssemi hefur ekki komið fram staðfestur vilji ríkisvaldsins til áframhaldandi samnings þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað.

Það er skýr vilji af hálfu sveitarfélaganna að halda samstarfinu áfram og fyrir mitt leyti læt ég það eftir mér að trúa því að ríkisvaldið sjái tækifærin sem eru í samstarfinu til að efla menningu og þar með búsetu á Norðurlandi vestra.

Að lokum vil ég óska ykkur og þeim verkefnum sem þið fáðið stuðning við hér í dag góðs gengis.

Góðar stundir.

Elín R. Líndal

Ávarp formanns menningarráðs við úthlutun Menningarráðs Norðurlands vestra 28. október 2010 á Hótel Varmahlíð

Kæru gestir, handhafar menningarstyrkja og ágæta menningarráð. Verið öll hjartanlega velkomin til þessarar úthlutunarhátíðar Menningarráðs Norðurlands vestra.

Það er mikið ánægjuefni að sjá hversu margir eru að vinna að fjölbreyttum, skemmtilegum og metnaðarfullum verkefnum á Norðurlandi vestra. Hið erfiða efnahagsástand virðist, sem betur fer, ekki hafa dregið úr athafnapörf íbúanna, enda má segja að oft hafi verið þörf en nú sé nauðsyn á frjórri hugsun, frumkvæði og atorku við að skapa ný tækifæri á sviði ferðapjónustu og menningar af ýmsu tagi.

Mér dettur í hug saga af ungum dreng sem var í smíðatíma að búa til einhvern torkennilegan hlut. Kennarinn spurði drenginn hvað hann væri að smíða. Færanlegt, svaraði drengurinn. Ha, færanlegt hvað? spurði kennarinn undrandi. Það veit ég ekki, svaraði stráksi, þetta er bara handfangið!!

Vafalaust hafa umsækjendur um styrki verið öllu meðvitaðri um áform sín en þessi ungi maður, enda bera umsóknirnar vitni skýrri sýn á markmið verkefnanna. En allar

hugmyndir hafa einhvern tíma verið á byrjunarstigi og það er einmitt óendanlega mikilvægt að þær séu skoðaðar frá öllum hliðum og sé ekki varpað fyrir róða að óathuguðu máli.

Að þessu sinni bárust menningarráði 82 umsóknir. Áætlað framkvæmdafé var 170 milljónir og beðið var um 56 milljónir í styrki. Styrkir voru veittir til 51 aðila að upphæð samtals 17.500.000 kr.

Í apríl síðastliðnum bárust 85 umsóknir. Áætlað framkvæmdafé var 145 milljónir en beðið um 46 milljónir. 62 aðilar fengu styrk, – samtals 15.250.000 kr. Samtals hafa því styrkir á þessu ári numið 33 milljónum króna.

Fyrsta úthlutun menningarstyrkja Menningarráðs Norðurlands vestra var í október 2007. Frá upphafi, á þremur árum, hefur 380 styrkjum, að upphæð rúmar 125 milljónir, verið úthlutað.

Það er von mín og vissa að þessir styrkir hafi stuðlað að framkvæmd margra góðra hugmynda og að áfram verði hægt að standa við bakið á margvíslegri menningarstarfsemi í þessum landshluta.

Að þessu sinni fer rúmlega þriðjungur (37%) styrkupphæðarinnar til menningartengdrar ferðapjónustu en þær umsóknir voru óvenju áberandi að þessu sinni og ljóst að mikill framkvæmdahugur er í mönnum – þrátt fyrir erfitt árferði. Er það verulega mikilvægt í þessari ört vaxandi atvinnugrein.

Næst kemur tónlist með um 16%, ekki að ósekju því mér er til efs að önnur héruð geti státað af jafn ríkri og almennri tónlistarhefð og iðkun.

Kæru styrkhafar. Ég óska ykkur til hamingju með öll þau verkefni sem ykkar bíða á sviði menningarinnar. Margfeldisáhrifin sem þau hafa út í samfélagið eru ómetanleg, ekki bara fjárhagslega heldur ekki síður vegna þeirrar ánægju og gleði sem fylgir vel unnu starfi og þið deilið með samborgurum ykkar sem fá að njóta ávaxtanna. Máltækið segir að hollur sé heimaþenginn baggi. Það er orð að sönnu því sú menning sem er sprottin úr grasrót heimahaganna er okkur sjálfsagt happadrygst þegar til lengdar lætur, hún er hjá okkur, þroskar okkur og eflir og vex og dafnar, sé hlúð að henni.

Ég óska ykkur velfarnaðar í störfum ykkar og þakka framlag ykkar til auðugra og betra mannlífs í samfélagi okkar allra.

Björg Baldursdóttir

Úthlutun verkefnastyrkja 22. apríl 2010

Fyrri umsóknarfrestur ársins 2010 rann út 15. mars sl. Alls bárust 85 umsóknir þar sem óskað var eftir tæpum 50 milljónum króna.

Á fundi sínum, 24. mars, úthlutaði menningarráðið verkefnastyrkjum til 61 aðila, alls að upphæð 15.250.000 kr. Eftirtaldir aðilar hlutu styrki:

- 1.000.000 kr. Byggðasaga Skagafjarðar**
Útgáfa 5. bindis Byggðasögu Skagafjarðar
- 750.000 kr. Skotta kvikmyndafjelag**
Tvö verkefni: Í Laufskálarétt og Dansað á fáksspori
- 750.000 kr. Þjóðleikur á Norðurlandi**
Þjóðleikur á Norðurlandi (leiklistarhátíð)
- 550.000 kr. Rauða sf. Hrappur útgáfa**
Tvö verkefni: Húnavetningasaga hin nýja og Hljóðleiðsögn um Vatnsnes í Húnaþingi vestra
- 500.000 kr. Á Sturlungaslóð og Karlakórinn Heimir**
Örlygsstaðabardagi – mynddiskur
- 500.000 kr. Átthagafélag Fljótamanna**
Heima hjá Hrafna-Flóka
- 500.000 kr. Raggmann ehf.**
Eyjan rís
- 500.000 kr. Sigurður Hansen**
Sviðsetning Haugsnesbardaga – útilistaverk úr grjóti
- 450.000 kr. Grettistak ses.**
Tvö verkefni: Eldsmíðadagar Grettis sterka (námskeið) og Víkinganámskeið fyrir börn á Grettishátíð
- 400.000 kr. Hollvinasamtökin Vinir Kvennaskólans á Blönduósi**
Minjastofa í Kvennaskólanum á Blönduósi
- 400.000 kr. Töfrakonur**
Magic Women – útgáfa og sala á kiljum, spilum o.fl.
- 300.000 kr. Sveitarfélagið Skagaströnd**
Tvö verkefni: Skagaströnd í nýju ljósi og Saga pólitískra samskipta Íslands við önnur ríki
- 300.000 kr. Textílsetur Íslands**
Tvö verkefni: Þrjónaslóð – sýningar og Verkefnastyrkir til lista- og fræðimanna
- 250.000 kr. Barokksmiðja Hólastiftis**
Barokkhátíð á Hólum 2010
- 250.000 kr. Dream Voices**
Upptaka og útgáfa á geisladiski og tónleikar
- 250.000 kr. Einar Kolbeinsson og Embla Eir Oddsdóttir**
Laxárdalur – lifandi eyðibýggð

250.000 kr.	Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga Rannsókn á steinsetningum í Skagafirði og Húnavatnssýslum
250.000 kr.	Háskólasetur Blönduósi Tvö verkefni: Textíll og texti / munir og minningar (sýning) og Textíl-menning (ráðstefna)
250.000 kr.	Háskólinn á Hólum – Hólarannsóknin Jarðfundnir gripir frá Hólum í Hjaltadal 2002-2009
250.000 kr.	Jónsmessunefnd Hofsósi Jónsmessuhátíð á Hofsósi
250.000 kr.	Karлакór Bólstaðarhlíðarhrepps Til gamans gert
250.000 kr.	Leikfélag Blönduóss Á svið eftir Rick Abbott
250.000 kr.	Leikfélag Hofsóss Pókók eftir Jökul Jakobsson
250.000 kr.	Leikfélag Sauðárkróks Fólkið í blokkinni eftir Ólaf Hauk Símonarson
250.000 kr.	Unglist í Húnaþingi Unglistarhátíðin Eldur í Húnaþingi
250.000 kr.	Ungmennasamband Austur-Húnavetninga Húnavökuritið 50 ára (útgáfa)
200.000 kr.	Ásdís Guðmundsdóttir Multi musica (útgáfa geisladisks)
200.000 kr.	Erla Gígja Þorvaldsdóttir og Hulda Jónasdóttir Stúlkan með lævirkjaröddina (tónleikar)
200.000 kr.	Fljótasystur Lög unga fólksins (tónleikar)
200.000 kr.	Hljómsveitin Fúsaleg Helgi Útgáfa geisladisks
200.000 kr.	Kirkjukór Hólaneskirkju Gospel gleði (tónleikar)
200.000 kr.	Sigfús Arnar Benediktsson Útgáfa geisladisks
200.000 kr.	Stefán Gíslason Sönglög á Sæluvíku (tónleikar)
200.000 kr.	Sveitarfélagið Skagafjörður Kvikmyndahátíð tileinkuð Friðriki Þór Friðrikssyni á Sæluvíku
200.000 kr.	Söngskóli Alexöndru Sæluvíkutónleikar
150.000 kr.	Á Sturlungaslóð í Skagafirði Viðburðadagur Sturlungaslóðar í Skagafirði
150.000 kr.	Áhugahópur um sögu Gúttó á Sauðárkróki Dagskrá um sögu Gúttó

150.000 kr.	Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna Upplýsingaskilti um herasetuna
150.000 kr.	Elías Björn Árnason Sálmabók barnanna, undirleikur (útgáfa geisladisks)
150.000 kr.	Fornverkaskólinn Torfhleðslu- og grindarnámskeið 2010
150.000 kr.	Jóhann Frímann Arinbjarnarson Útgáfa frumsaminnar skáldsögu
150.000 kr.	Karлакórinн Lóuprælar Vordagskrá kórsins (tónleikar)
150.000 kr.	Kristín F. Jóhannesdóttir Upplýsingaskilti fyrir ferðamenn við Tyrfingsstaði í Skagafirði
150.000 kr.	Menningarfélagið Spákonuurfur Saga Þórdísar spákonu (útgáfa)
150.000 kr.	Ríkíni, félag um forna tónlist Annað þing Ríkíni á Hólum í Hjaltadal
150.000 kr.	Rökkurkórinн í Skagafirði Vor- og Sæluvikutónleikar
150.000 kr.	Sigurður Jóhannesson „Gamli bærinn“ glæddur lífi
150.000 kr.	Stefanía Hjördís Leifsdóttir Menningardagskrá um Guðrúnu frá Lundi
150.000 kr.	Sæunn Vigdís Sigvaldadóttir Söngvarakeppni Húnaþings vestra
100.000 kr.	Heimilisiðnaðarsafnið Blönduósi Sumarsýning Heimilisiðnaðarsafnsins
100.000 kr.	Jón Hilmarsson og Valdís Hálfánardóttir Fegurð í firðinum (ljósmyndasýning)
100.000 kr.	Kammerkór Norðurlands Útgáfa geisladisks
100.000 kr.	Kór eldri borgara í Húnaþingi Kraftur í kreppu (tónleikar)
100.000 kr.	Kristín Jónsdóttir Í hjarta Skagafjarðar (hljóðleiðsögn o.fl.)
100.000 kr.	Lillukórinн í Húnaþingi vestra Tónleikar
100.000 kr.	Lionsklúbbur Blönduóss og Tónlistarskóli A-Hún. Tónleikar í Blönduóskirkju til styrktar orgelsjóði
100.000 kr.	Nes listamiðstöð Myndlistarsýningar í Gamla kaupfélaginu
100.000 kr.	Samkórinн Björk Söngur um sumarmál (tónleikar)

100.000 kr.	Sigurður Sigurðarson Spákonufell „kringinn í hringum“ (ljósmyndasýning)
100.000 kr.	Sóknarnefnd Blönduóskirkju Einleikarar og kammersveit (tónleikar)
100.000 kr.	Vilhjálmur Stefánsson Myndlistarsýning Ragneyjar
100.000 kr.	Gömlu kellurnar Gömlu kellurnar - aðventu- og jólastemning (dagskrá fyrir börn)
100.000 kr.	Skíðadeild Tindastóls Afmælisvetrarleikar (kvöldvaka)
100.000 kr.	Kirkjukór Glaumbæjarprestakalls Menningarkvöld í tali og tónum
100.000 kr.	Sögufélagið Húnavetningur Húnavetnsk sagnfræði (fyrirlestrar)

Úthlutun verkefnastyrkja 28. október 2010

Seinni umsóknarfrestur ársins 2010 rann út 15. september sl. Alls bárust 82 umsóknir þar sem óskað var eftir rúmum 56 milljónum króna.

Á fundi sínum, 20. október, úthlutaði menningarráðið verkefnastyrkjum til 51 aðila, alls að upphæð 17.500.000 kr. Eftirtaldir aðilar hlutu styrki:

1.200.000 kr.	Skotta kvikmyndafjelag Lífið - yfir sjó og land (5 sjónvarpsþættir)
1.200.000 kr.	Menningarfélagið Spákonuvarfur Þórdísarstofa og spákonuhof (sýning o.fl.)
1.200.000 kr.	Söngskóli Alexöndru / Ópera Skagafjarðar / Tónlistarskóli A-Hún. / Tónlistarskóli V-Hún. Óperudraugurinn
1.200.000 kr.	Sögusetur íslenska hestsins Tvö verkefni: Íslenski hesturinn, sýning - lokafrágangur 1. áfanga og Fræðslu- og menningarkvöld
1.000.000 kr.	Gestastofa sútarans Hagleikssmiðja (sýning um sögu sútnar á Íslandi)
1.000.000 kr.	Vestrið ehf. Kántrýsetur á Skagaströnd
650.000 kr.	Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna Tvö verkefni: Fræðsluefni til barna á byggðasafni og Munir eiga sér sögu
500.000 kr.	Sveitarfélagið Skagafjörður Matarkistan Skagafjörður (útgáfa matreiðslubókar)

- 500.000 kr. **Vinir Kvennaskólans á Blönduósi**
Minjastofa Kvennaskólans á Blönduósi og Elínarstofa (sýning)
- 500.000 kr. **Fræðasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra**
Segulbandsupptökur með viðtölum við V-Húnavetninga
- varðveisla, skráning, aðgengi
- 450.000 kr. **Töfrakonur / Magic Women**
Tvö verkefni: Hveravallagull (hönnun skartgripa)
og Nokkur lauf að norðan (útgáfa smásagnasafns)
- 400.000 kr. **Á Sturlungaslóð**
Sögukort á Sturlungaslóð
- 400.000 kr. **Sigurður Hansen**
Kakalaskáli (sýning)
- 400.000 kr. **Júlíus Már Baldursson**
Íslenska landnámshænan (sýning)
- 400.000 kr. **Helga Guðrún Hinriksdóttir**
Húsaverkefni (vefsíða um sögu húsa í Húnaþingi vestra)
- 400.000 kr. **Unglist í Húnaþingi**
Unglistahátíðin Eldur í Húnaþingi
- 400.000 kr. **Nes listamiðstöð**
Dvalar- og verkefnisstyrkir fyrir listamenn
- 300.000 kr. **Sögufélag Skagfirðinga**
Skagfirskar æviskrár 1910-1950 8. bindi (ritun)
- 300.000 kr. **Fornleifadeild Byggðasafns Skagfirðinga
og Byggðasaga Skagafjarðar**
Gerð gagnagrunns um sögu byggðar í Skagafirði
- 250.000 kr. **Landnám Ingimundar gamla**
Á slóð Vatnsdælasögu - bætt aðgengi minjastaða
- 250.000 kr. **Heimilisiðnaðarsafnið**
Endurnýjun sýningar
- 250.000 kr. **Fornverkaskólinn**
Námskeið í torfhleðslu og grindarsmíði og Dagur torfsins
- 250.000 kr. **Leikfélag Sauðárkróks**
Jón Oddur og Jón Bjarni (leiksýning)
- 250.000 kr. **Nemendafélag Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra**
Leikritið Sextán (leiksýning)
- 250.000 kr. **Félag harmoníkuunnenda í Skagafirði**
Tvö verkefni: Jól og áramót (útgáfa geisladisks)
og Manstu gamla daga 2 (bl. dagskrá)
- 200.000 kr. **Háskólinn á Hólum - Hólarannsóknin**
Fornir viðir Kolkuóss og Keldudals (skýrsla)
- 200.000 kr. **Sveitarfélagið Skagatrönd**
Yfirlitssýning málverka eftir Sveinbjörn H. Blöndal

200.000 kr.	Skagfirski kammerkórinn Söngur og samvera (tónleikar)
200.000 kr.	Dream Voices ehf. Söngdíva úr austurvegi í fylgd tregahorns, slaghörpu og stúlnakórs
200.000 kr.	Andri Már Sigurðsson Rainidag in the park (útgáfa geisladisks)
200.000 kr.	Línudansaklúbbur Skagastrandar Línudansahátíð á Skagaströnd í júní 2011
200.000 kr.	Virki þekkingasetur Matarvirkið (kynningarstarf)
200.000 kr.	Rökkurkórinn Tvö verkefni: Útgáfutónleikar 2010 og Vortónleikar 2011
150.000 kr.	Karlakórinn Heimir Horft um öxl og fram á veg (tónleikar)
150.000 kr.	Erla G. Þorvaldsdóttir og Hulda Jónasdóttir Stúlkan með lævirkjaröddina (útgáfa geisladisks)
150.000 kr.	Grundarhópurinn Listaflóð á vígaslóð (bl. dagskrá)
150.000 kr.	Bardúsa, Ferðamálafélag V-Hún. og Grettistak Forn handbrögð (handverksnámskeið)
100.000 kr.	Lafleur ehf. Örlagateningur (útgáfa skáldsögu)
100.000 kr.	Gísli Þór Ólafsson Sæunnarkveðja (útgáfa ljóðabókar)
100.000 kr.	Byggðasafn Skagfirðinga Torf til bygginga (þýðing og útgáfa)
100.000 kr.	Hollvínafélag Víðidalstunguheiðar Söguskilti við Hliðskjálfr við Skammá á Víðidalstunguheiði
100.000 kr.	Hjalti Árnason Ljósmyndasýning
100.000 kr.	Jón Hilmarsson Skín við sólu Skagafjörður (ljósmyndasýning)
100.000 kr.	Kór Blönduósskirkju, Kór Hólaneskirkju, Samkórinn Björk og Tónlistarskóli A-Hún. Jólatónleikar 2010
100.000 kr.	Sóknarnefnd Miklabæjarkirkju Haustkvöld við orgelið
100.000 kr.	Jóhanna Marín Óskarsdóttir Rökkurró (tónleikar)
100.000 kr.	Karlakórinn Lóuprælar Jólatónleikar 2010



Menningarráð
Norðurlands vestra
Ársreikningur 2010

Menningarráð Norðurlands vestra
Bjarmanesi
545 Skagaströnd

kt. 601107-3170

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar

Menningarráð Norðurlands vestra er samstarfsvettvangur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra fyrir menningarmál og hefur meðal annars það hlutverk að samræma aðgerðir á sviði menningarmála á starfssvæði sínu, að standa fyrir öflugu þróunarstarfi í menningarmálum og úthluta fjármagni til menningarverkefna á Norðurlandi vestra.

Tap varð af rekstri ráðsins á árinu að fjárhæð 3.117 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé ráðsins var neikvætt í árslok um 417 þús. kr.

Stjórn Menningarráðs Norðurlands vestra staðfestir hér með ársreikning ráðsins fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Skagaströnd, 31. mars 2011

Stjórn:

Bjarni Guðmundsson
 Þóráð Marnisdóttir
 Guðný Gísladóttir
 Örnfríður Þorvaldsson
 Rannveig S. Haldrup

Menningarfulltrúi:

Ágúst Guðmundsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Stjórn Menningarráðs Norðurlands vestra

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Menningarráðs Norðurlands vestra fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit


Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2010, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.


Sauðárkróki, 31. mars 2011

KPMG ehf.



Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Menningarráðs Norðurlands vestra höfum yfirfarið ársreikning þennan fyrir árið 2010 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Skagaströnd, 31. mars 2011



Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrartekjur:			
Framlag ríkissjóðs		28.000.000	32.000.000
Framlög sveitarfélaga		10.000.002	10.062.500
Aðrar tekjur		1.000.000	1.060.659
		<u>37.000.002</u>	<u>43.123.159</u>
Rekstrargjöld:			
Styrkveitingar	2	29.250.000	36.100.000
Laun og annar starfsmannekostnaður	3	7.520.637	7.439.505
Stjórnunarkostnaður	4	4.177.910	5.150.984
		<u>40.948.547</u>	<u>48.690.489</u>
Rekstrartap fyrir fjármagnsliði		(3.948.545)	(5.567.330)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		1.033.270	3.081.346
Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur		(201.467)	(380.478)
		<u>831.803</u>	<u>2.700.868</u>
Rekstramiðurstaða ársins	5	(3.116.742)	(2.866.462)

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
Eignir			
Handbært fé		25.474.026	28.325.047
Veltufjármunir samtals		<u>25.474.026</u>	<u>28.325.047</u>
Eignir samtals		<u>25.474.026</u>	<u>28.325.047</u>
Eigið fé			
(Óafnæð) óráðstafað eigið fé		(417.275)	2.699.467
Eigið fé samtals	5	(417.275)	<u>2.699.467</u>
Skammtímauskuldir			
Ógreiddir styrkir	2	24.950.000	25.100.000
Vöskiptaskuldir		537.942	462.470
Vöskiptareikningur við tengda aðila		403.359	43.110
Skammtímauskuldir samtals		<u>25.891.301</u>	<u>25.625.580</u>
Skuldir samtals		<u>25.891.301</u>	<u>25.625.580</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>25.474.026</u>	<u>28.325.047</u>

Sjóðstreymisýfirlit árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	5	(3.116.742)	(2.866.462)
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Skammtímaskuldir, hækkun		265.721	8.083.414
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		265.721	8.083.414
Handbært fé (til) frá rekstri		(2.851.021)	5.216.952
Hækkun á handbæru fé		(2.851.021)	5.216.952
Handbært fé í ársbyrjun		28.325.047	23.108.095
Handbært fé í lok ársins		25.474.026	28.325.047

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

b. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær eru innleystar. Tekjur er ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

2. Styrkir

Styrkir eru gjaldfærðir þegar stjórnin hefur samþykkt úthlutun þeirra en greiðslur fara hins vegar ekki fram fyrr en gerður hefur verið skriflegur samningur. Á árinu 2010 voru gjaldfærðir úthlutaðir styrkir að fjárhæð 32,7 millj. kr. en endurgreiddir eldri styrkir vegna verkefna sem ekki klárðuðust námu 3,5 millj. kr. Samtals gjaldfærðir styrkir á árinu 2010 námu því 29,2 millj. kr. Ógreiddir styrkir í árslok námu 24,9 millj. kr.

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2010	2009
Laun	5.545.337	5.545.337
Stjórnarlausn (5)	418.750	518.750
Lífeyrissjóður	784.627	794.127
Tryggingagjald	604.825	454.941
Annar starfsmannakostnaður	167.098	126.350
	7.520.637	7.439.505

Skýringar, frh.:

4. Stjórnunarkostnaður

Stjórnunarkostnaður greinist þannig:

Fundir, námskeið og ferðakostnaður	372.519	571.600
Okutækjastyrkur	243.441	380.880
Þátttaka í rekstrarkostnaði SSNV	500.000	500.000
Húsaleiga	591.363	556.200
Aðkeypt þjónusta	117.575	569.338
Auglýsingar og styrkir	180.053	479.996
Bifreiðakostnaður	1.432.788	1.539.348
Annar kostnaður	621.260	553.622
Gjaldfærður búnaður og rekstur tölvukerfa	118.911	0
	<u>4.177.910</u>	<u>5.150.984</u>

5. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

Eigið fé 1.1.2010	2.699.467
Rekstramiðurstaða ársins	(3.116.742)
Staða 31.12.2010	(417.275)

6. Önnur mál

Þann 5. maí 2010 var undirritaður samningur af mennta- og menningarmálaráðherra, iðnaðarráðherra og sveitarfélögunum á Norðurlandi vestra. Samkvæmt samningnum skulu framlög ríkisins vera 26 millj. kr. árið 2010. Núverandi samningur gildir til ársloka 2010, en fyrir liggja drög að endurnýjuðum samningi sem gildir til næstu þriggja ára.

